# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 13. JANÚAR 2018




# Niðurlægð á netinu

Erna Mist Pétursdóttir var bara tólf ára þegar nektarmynd af henni var lekið á netið. Hún leikur í nýrri mynd um stafrænt kynferðisofbeldi. ➜22

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



#metoo

## Fimm menn voru látnir fara frá KR

Alvarleg mál enduðu á borði lögreglu. ➜ 8



## Eigum ekki að eltast við París og Róm

Bjarni Frímann tónlistarstjóri. ➜ 38



## Svíar lágu í Split

Ísland byrjaði EM á sigri á Svíum. ➜ 22

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Sunnanstrekkingur í dag og él eða skúrir, en léttskýjað norðaustanlands. Rigning eða slydda sunnanlands um kvöldið, en snjókoma í uppsveitum. SJÁ SÍÐU 40



Ástgeir Þorsteinsson er formaður bifreiðastjórafélagsins Frama.

# Leigubílstjórar hvergi bangnir

**SAMGÖNGUR** „Þetta leggst misvel í menn enda menn mismunandi en heildin hræðist þetta ekki,“ segir Ástgeir Þorsteinsson, formaður Bifreiðastjórafélagsins Frama, um næturakstur Strætó bs. sem hófst í nótt. Framtakinu virðist almennt hafa verið vel tekið en heyrst hefur að leigubílstjórar séu margir fullir efasemda og lítist illa á samkeppnina.

Ástgeir bendir réttilega á að næturakstur Strætó hafi áður verið reyndur fyrir nokkrum árum og lítið sé við því að gera þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.

„Menn gáfust upp á þessu þá og við verðum að sjá hvað setur.“

Næturaksturinn mun þó hafa það í för með sér að leigubílaröðin við Lækjartorg heyri sögunni til þar sem næturvagnarnir stöðva þar. Leigubílar munu eftir sem áður hafa aðstöðu neðst í Hverfisgötu, í Aðalstræti og við Lækjargötu hjá Bernhöftstorfu. Ástgeir segir að leigubílstjórar óttist ekki að missa spón úr aski sínum.

„Við eigum ekki von á því, miðað við fyrri reynslu af svona akstri, þá gerðist það alls ekki. Við getum lítið gert, þeim er þetta heimilt. Við eigum þetta ekki. En við verðum áfram með bíla í fullri þjónustu. Það breytist ekkert og við horfum bjartsýnir fram á veginn í þessum málum eins og öðrum.“ – smj

> Við verðum að sjá hvað setur.
>
> Ástgeir Þorsteinsson

# Ekkert vitað um eldsupptök í Hellisheiðarvirkjun



Eldur kom upp í loftræstibúnaði Hellisheiðarvirkjunar um hádegisbil í gær. Slökkvilið var kallað á vettvang og lauk slökkvistarfi tæpum sex tímum seinna. Ekki er útlit fyrir að verulegt tjón hafi orðið á framleiðslubúnaði virkjunarinnar en Jarðhitasýning Orku náttúrunnar verður lokuð fram á mánudag hið minnsta. Ekki er vitað um eldsupptök en til stóð að starfsmenn Brunavarna Árnessýslu vöktuðu svæðið í nótt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Misstu 4.477 úr þjóðkirkjunni

**TRÚFÉLÖG** Óvenjumargir sögðu sig úr þjóðkirkjunni á síðustu þremur mánuðum ársins. Þá yfirgáfu samtals 2.477 þjóðkirkjuna en á móti gekk 231 í þetta langstærsta trúfélag landsins samkvæmt gögnum Þjóðskrár.

Nokkur mál þessa síðustu þrjá mánuði liðins árs virðast ástæða úrsagnahrinunnar. Í október sögðu 529 sig úr þjóðkirkjunni á tveimur dögum eftir ummæli Agnesar M. Sigurðardóttur biskups um meðferð trúnaðargagna sem hefur verið lekið. Í desember spunnust heitar umræður í kjölfar ákvörðunar kjararáðs um launahækkanir til handa biskupi og prestum. – gar



Agnes M. Sigurðardóttir.

# Ætlar að stefna ríkinu vegna Geirfinnsmáls

**Erla Bolladóttir undirbýr hópfjármögnun vegna málshöfðunar gegn ríkinu. Hún vill að niðurstaða endurupptökunefndar verði ógilt. Breskur ljósmyndari gefur andvirði nokkurra ljósmynda á sýningu um málið til söfnunar Erlu.**

**DÓMSMÁL** Erla Bolladóttir hefur ákveðið að stefna íslenska ríkinu til ógildingar á úrskurði endurupptökunefndar sem synjaði beiðni hennar um endurupptöku á hennar þætti Geirfinnsmálsins. Erla hyggst hefja hópfjármögnun á næstu dögum vegna málarekstursins.

Í dómi Hæstaréttar var á sínum tíma á því byggt að Erla, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Ciesielski hefðu, eftir drápið á Geirfinni, hist á Mokka og ákveðið í sameiningu að ef á þau félli grunur myndu þau varpa sök á Einar Bollason, bróður Erlu, og svokallaða Klúbbmenn. Þannig hefði verið um skipulagt meinsæri að ræða.

Fyrir tæpu ári heimilaði endurupptökunefnd að taka mætti manndrápsþætti málanna upp að nýju. Verði sýknað í þeim þáttum mun meinsærisþátturinn sitja einn eftir, en endurupptökunefnd synjaði beiðni Erlu um endurupptöku á þeim þætti. Erla telur hins vegar engar málalyktir geta orðið án endurskoðunar á meinsærinu.

„Í september 2016 tilkynnti sérstakur saksóknari nefndinni þá afstöðu sína að efni væru til endurupptöku míns mál. Endurupptökunefndin tók ekkert tillit til þessarar afstöðu ákæruvaldsins í málinu,“ segir Erla. Í niðurstöðu nefndarinnar var byggt á því að Erla hefði ekki verið í gæsluvarðhaldi þegar hún bar sakir á saklausa menn og því ekki í sambærilegri stöðu til að gefa þvingaða vitnisburði. Erla bendir á skýrslu sem Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur gaf í Héraðsdómi Reykjavíkur í janúar 2016, um hve háð hún var rannsóknarmönnum á þessum tíma og það tak sem þeir höfðu á henni þrátt fyrir að hún væri formlega frjáls ferða sinna.



Erla Bolladóttir vill nýjan úrskurð frá endurupptökunefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Jack Latham.

„Það var endurupptökufnd sem fór sérstaklega fram á þessar skýrslutökur og vitnisburður Gísla dugði til að snúa ákæruvaldinu,“ segir Erla. Hún segir alla sem kynnt hafa sér málið sjá að það sé ómögulegt að slíta meinsærisþátt málsins frá öðrum þáttum.

Málshöfðun er kostnaðarsöm og Erla hyggst leita til almennings um aðstoð við að fjármagna málsóknina.

„Öll þjóðin þarf að ná sátt við réttarkerfið vegna þessa máls en við náum slíkri sátt ekki nema botn fáist í þær rannsóknaraðferðir sem beitt var. Uppruni meinsærisins og hinna röngu sakargifta er lykilþáttur í því uppgjöri,“ segir Erla.

Ljósmyndarinn Jack Latham, sem setti upp sýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur um Guðmundar- og Geirfinnsmál hefur ákveðið að láta söluandvirði nokkurra myndanna renna til söfnunar Erlu. Latham heldur stutt erindi í Ljósmyndasafninu kl. 14 á morgun, lokadegi sýningarinnar, þar sem hann kynnir þessi áform sín og þá gefst fólki í síðasta skipti kostur á að skoða myndirnar sem eru allar til sölu.

adalheidur@frettabladid.is

15% afsláttur af
• 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí, öllum bragðtegundum, 2 mg og 4 mg
• Nicorette Quickmist Munnholsúða, 2 stk. pakkn.




Gildir til 21. jan. 2018
www.apotekarinn.is
Apótekarinn
- lægra verð

LEXUS **NX** & **CT**

# GLÆSILEG FRUMSÝNING

Við bjóðum þér á glæsilega frumsýningu á nýjum og spennandi Lexus bifreiðum í **dag kl. 12–16**.

Lexus **NX 300h** er fjórhjóladrifinn sportjeppi með einstöku útliti og Lexus **CT 200h** er lipur og eyðslugrannur borgarbíll. Báðir sækja þeir hönnun sína og hugmyndafræði í handverkssögu Japans, þar sem fágun, agi og metnaður eru alltaf leiðarstef.

Kaffibarþjónn frá Te og Kaffi verður á staðnum og Mathús Garðabæjar býður upp á veitingar með japönsku yfirbragði.

Hlökkum til að sjá þig í Kauptúni.




**NX** 300h frá 6.930.000 kr.

SPORTJEPPI

**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ, Sími 570 5400 – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

**TÖLUR VIKUNNAR** 07.01.2018 TIL 13.01.2018

**725** milljónum króna minnst námu viðskiptakröfur Landspítalans vegna ferðamanna án sjúkratrygginga á síðasta ári. Innlagnir útlendinga án sjúkratrygginga hafa þrefaldast á fimm ára tímabili.

**78 milljónir** króna tæpar er upphæðin sem lögreglan lagði hald á síðastliðin tvö ár, oftast í málum er varða fíkniefnaviðskipti.

**3.400** börn hafa fermst hjá Siðmennt frá árinu 1989.

**257** útköll fóru þyrlur og flugvélar Landhelgisgæslunnar í á síðasta ári. Nemur aukningin 66 prósentum frá 2011.

**23%** aukning var í innflutningi á heimilistækjum fyrstu tíu mánuði nýliðins árs.

**77%** nemenda Háskóla Íslands eru annaðhvort mjög eða frekar jákvæð gagnvart dánaraðstoð.

## Þrjú í fréttum
## Heimsmet, álag og dómarar

**Guðjón Valur Sigurðsson**
*handboltamaður*



skoraði sitt 1.798. landsliðsmark í vináttuleik gegn Þýskalandi. Hann sló met Ungverjans Péter Kovács yfir flest landsliðsmörk skoruð frá upphafi. Guðjón er þess vegna nýbakaður heimsmethafi. Hann kvaðst hafa verið stoltur af því að eiga möguleika á að slá met.

**Hulda Elsa Björgvinsdóttir**
*yfirmaður ákærusviðs hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu*



sagði gríðarlegt álag vera á deildinni. Fjögur þúsund mál eru til meðferðar hjá ákærusviðinu og eru umferðarmálin stærsti brotaflokkurinn. Málum hafi fjölgað verulega síðan í apríl. Yfirleitt séu þau tvö til þrjú þúsund. Flest málin eru frá árinu 2016 en nokkur eldri mál eru einnig hjá sviðinu.

**Guðlaugur Þór Þórðarson**
*utanríkisráðherra og settur dómsmálaráðherra*



skipaði í embætti héraðsdómara þá átta einstaklinga sem dómnefnd um hæfi umsækjenda mat hæfasta. Hann kvaðst hins vegar litlu nær um það mat sem fór fram á vettvangi nefndarinnar þrátt fyrir að hafa í tvígang óskað eftir nánari skýringum hennar. Gagnrýndi Guðlaugur Þór nefndina nokkuð harðlega fyrir að hafa ekki svarað bréfi ráðherra skilmerkilega og þá veigamiklum athugasemdum og spurningum.

# Opnun ungbarnadeilda í öllum hverfum lausn á vanda foreldra

**Starfshópur á vegum borgarinnar skilar tillögum um nýjar ungbarnadeildir á næstu vikum. Formaður skóla- og frístundaráðs telur þær, ásamt fjölgun dagforeldra, lykilatriði í lausn á vanda foreldra með ung börn. Unnið að því markmiði Reykjavíkurborgar að öllum 18 mánaða börnum standi pláss til boða.**

**MENNTUN** Stofnun ungbarnadeilda á leikskólum í öllum hverfum Reykjavíkurborgar og fjölgun dagforeldra eru lykilatriði þegar kemur að lausn þess vanda sem að foreldrum ungra barna steðjar. Þetta er mat Skúla Helgasonar, formanns skóla- og frístundaráðs.

Reykvíkingurinn Rebekka Júlía Magnúsdóttir sagði í Fréttablaðinu í gær frá glímu sinni við að finna dagforeldri fyrir dóttur sína. Þrátt fyrir að hafa leitað á öllu höfuðborgarsvæðinu frá því á meðgöngunni hefur Rebekku ekkert orðið ágengt. Alls staðar sé fullt og fæðingarorlofið sé að klárast. „Þetta veldur mér miklum áhyggjum,“ sagði Rebekka við Fréttablaðið.

Rebekka er ekki ein í þessum sporum. Facebook-hópur foreldra sem ekki fá pláss hjá dagforeldrum var stofnaður í vikunni. Á fyrsta degi höfðu yfir 300 manns skráð sig í hópinn.

Skúli segir vandamálið ekki síst stafa af manneklu haustsins í leikskólum borgarinnar. Þar hafi mikið áunnist. Í ágúst hafi 130 starfsmenn vantað inn í leikskólana, sem tafið hafi fyrir inntöku yngstu barnanna. Samkvæmt nýjustu tölum vanti 46 starfsmenn á 62 leikskóla borgarinnar, eða innan við eitt stöðugildi á hvern að meðaltali. Nú séu fjórir af hverjum fimm leikskólum borgarinnar fullmannaðir, innan við tvo starfsmenn vanti.

Á miðvikudaginn var settur á fót sérstakur starfshópur um dagforeldrakerfið. „Hann á að fara heildstætt yfir þessa þjónustu,“ segir Skúli sem bendir á að dagforeldrar séu ekki á vegum borgarinnar. Hann segir að markmiðið sé að auka gæði og öryggi í þessari þjónustu til framtíðar. Það sé ekki endilega heppilegasta fyrirkomulagið að ein manneskja annist fjögur til fimm börn á heimili sínu, til dæmis ef slys eða óhapp ber að höndum.

Skúli segir unnið að því markmiði borgarinnar að öllum 18 mánaða börnum standi pláss á leikskóla til boða en stefnt sé að því að lækka þann aldur enn frekar þegar fram í sækir. Annar starfshópur, Brúum bilið, hópur sem Skúli stýrir, vinnur að því að kortleggja til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að ná þessum markmiðum. Ljóst sé að meðal annars þurfi að byggja nýja leikskóla. Liður í þessu verkefni sé að taka í notkun ungbarnadeildir á leikskólum í öllum hverfum borgarinnar. Sjö nýjar deildir hafi verið opnaðar í haust.

Skúli segir að markmiðið sé að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla en tekur fram að hann vilji að foreldrum standi áfram til boða að vista börnin sín hjá dagforeldrum. Stefnt er að því að hópurinn skili af sér tillögum um nýjar ungbarnadeildir á allra næstu vikum og lokaskýrslu í mars. baldurg@frettabladid.is



**Skúli Helgason segir að vel hafi gengið að bæta úr manneklu á leikskólum eða rót vandans.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


# Njóttu þess að fara í sund / sjósund

Verndaðu eyrun með **Ear Band-It Ultra** eyrnaböndum og eyrnatöppum




Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru.
Til í þremur stærðum.

Fæst í apótekum, barnavöruverslunum og Útilíf


# Sjálfsbjörg gagnrýnir sinnuleysi Vesturbyggðar um akstursaðstoð

**VESTURBYGGÐ** Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra, er ósáttur við málsmeðferð og úrræðaleysi Vesturbyggðar gagnvart hreyfihamlaðri konu í sveitarfélaginu sem nú er látin. Segir Bergur orð bæjarstjóra um að bærinn hafi alla tíð reynt að vinna löglega að málinu ekki í takt við raunveruleikann.

Kona, sem fæddist árið 1930 en er nú látin, lamaðist árið 2011. Sótti hún um akstursaðstoð frá bænum en var hafnað. Fékk hún samt sem áður akstur til og frá dvalarstað í tómstundir fyrir aldraða.

„Sú fullyrðing bæjarstjóra Vesturbyggðar að sveitarfélagið hafi verið að starfa eftir ramma laganna og að það hafi verið staðfest af Úrskurðarnefnd velferðarmála hvað varðar mál konu sem nú er látin og sóttist eftir ferðaþjónustu fyrir fatlaða í Vesturbyggð tel ég ekki standast skoðun,“ segir Bergur Þorri. „Ekki einungis hvað varðar þjónustuna sem átti að veita heldur sérstaklega þegar litið er til málsmeðferðar og þess tíma sem málið tók á sínum tíma.“



**Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar.**



**Bergur Þorri Benjamínsson varaformaður Sjálfsbjargar.**

Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu nú á dögunum að Vesturbyggð hafi verið óheimilt að takmarka akstursþjónustu aðeins við félagsmiðstöðina í bænum.

„Við höfum alla tíð reynt að fylgja lögum í þessu máli og það var staðfest af Úrskurðarnefnd velferðarmála. Málið snýst ekki um akstur fatlaðra því við höfum sinnt honum um árabil. Þetta snýst um það hvort ríki eða sveitarfélög eigi að sinna akstri einstaklinga sem búa á heilbrigðisstofnun,“ segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar. „Ég efa að önnur sveitarfélög sjái um slíkt í dag. Við höfum aldrei skotið okkur undan þeirri ábyrgð að sjá um málefni fatlaðra eða sinna þeim.“ – sa

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA



ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

ÚTSALAN ER LÍKA Í VEFVERSLUN Á HUSA.IS

# ÚTSALA

## FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR

LAUFEN
**27.925kr**
~~39.985kr~~
**Salerni**
Gólfsalerni, 650-360-890 mm.
Seta seld sér.
7920000
30% afsláttur

BLACK&DECKER
3 rafhlöður
**16.997kr**
~~24.995kr~~
**Borvél 18V + 120 fylgihlutir**
3 stk., 1.5Ah Li-ion rafhlöður, hleðslutími 90 mín., högg, Led ljós, hersla 40Nm.
5245562
32% afsláttur

damixa
**8.696kr**
~~11.595kr~~
**Handlaugartæki**
Jupiter.
8000033
25% afsláttur

KAINDL
**1.250kr/m²**
~~2.289kr/m²~~
**Harðparket**
8 mm, eikarplanki, bandsagað.
147071
45% afsláttur

35% afsláttur
**3.182kr**
~~4.895kr~~
**Áltrappa**
3 þrepa.
5078775

JOTUN
25% afsláttur
**6.487kr**
~~8.649kr~~
**Lady Vegg 10, 3 ltr.**
Hágæða innanhúss veggmálning í gljástigi 10%
7122223

HITACHI
Inspire the Next
4 rafhlöður
**22.995kr**
~~32.995kr~~
**Borvélasett 10,8V DS10DAL**
4 rafhlöður, ljós og útvarp. Hersla 35Nm.
5246791
30% afsláttur

blómaval
ÚTSALA
ALLAR POTTAPLÖNTUR
30-40%
AFSLÁTTUR

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Byggjum á betra verði

ÚTSALAN ER LÍKA Í VEFVERSLUN HUSA.IS

XPRENT
Hönnun & Merkingar



ER KYNNING eða SÝNING Á NÆSTUNNI?
Banner-up standar í miklu úrvali!

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email:xprent@xprent.is

MINNINGARVERÐLAUN
ARTHURS MORTHENS

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar veitir árlega í fimm ár, einum gunnskóla viðurkenningu fyrir störf í samræmi við stefnu um skóla án aðgreiningar undir yfirskriftinni *Minningarverðlaun Arthurs Morthens*. Starfið einkennist af fjölbreytni og viðurkenningu á mismunandi þörfum nemenda, þar sem allir nemendur taka virkan þátt í skólastarfinu og margbreytileikinn er sýnilegur og virtur.

Auglýst er eftir tilnefningum til verðlaunanna árið 2018.

Arthur Morthens, sem lést árið 2016, helgaði starfsævi sína börnum sem áttu á brattann að sækja og var jafnframt talsmaður þeirra í réttindabaráttu sem oft á tíðum var erfið. Hann vann ötullega gegn einangrun barna með sérþarfir, stóð í fylkingarbrjósti í stefnumótun fyrir mannréttindum þeim til handa og barðist fyrir því að öll börn hefðu sömu tækifæri til náms í skóla án aðgreiningar.

Skilafrestur tilnefninga er til 31. janúar 2018. Eyðublöð og nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is. Allir geta sent inn tilnefningar á: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið sfs@reykjavik.is.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

Styrkir
til náms í hafrétti

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókna- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

**Hafréttarstofnun auglýsir hér með til umsóknar styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 1.- 20. júlí 2018.**

Umsóknir sendist Tómasi H. Heiðar, forstöðumanni stofnunarinnar, með tölvupósti, tomas.heidar2016@gmail.com, fyrir 26. janúar 2018.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

## Tékkar kjósa forseta




Fyrri umferð forsetakosninga hófst í Tékklandi í gær en áfram er hægt að kjósa í dag. Mirek Topolanek, sem hér sést greiða atkvæði, er einn frambjóðenda og var hann áður forsætisráðherra. Alls eru níu frambjóðendur og benda allar kannanir til þess að Miloš Zeman, sitjandi forseti, fái flest atkvæði í fyrri umferðinni. Þá mælist efnafræðingurinn Jiří Drahoš með næstmest fylgi og mætir Zeman líklega í seinni umferð. NORDICPHOTOS/AFP

# Grunur um fjárdrátt og starfsfólk í miklu áfalli

**Fyrrverandi fjármálastjóri Malbikunarstöðvarinnar Höfða er grunaður um að hafa dregið sér 30 milljónir í starfi á sex ára tímabil. Hin grunaða lést í nóvember 2016 og hafði þá starfað hjá fyrirtækinu og forvera þess í nærri þrjá áratugi.**

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta er mikið áfall,“ segir Halldór Torfason, framkvæmdastjóri Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf., um viðbrögð starfsfólks fyrirtækisins sem í gær var greint frá þeim tíðindum að fyrrverandi fjármálastjóri fyrirtækisins væri grunaður um fjármálamisferli á sex ára tímabili.

Fjármálastjórinn fyrrverandi lést í nóvember 2016 eftir veikindi, aðeins 63 ára að aldri. Konan sem um ræðir hafði starfað hjá Malbikunarstöðinni í nærri þrjátíu ár þegar hún lést.

Malbikunarstöðin er í eigu Reykjavíkurborgar en stjórn fyrirtækisins sendi fjölmiðlum tilkynningu vegna málsins í gær þar sem segir að 21. desember síðastliðinn hafi framkvæmdastjóra borist ábending um mögulegt misferli fjármálastjórans.



Ábending um meint fjármálamisferli starfsmannsins fyrrverandi barst rétt fyrir jól. Talið er að það hafi staðið yfir frá 2010 til 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þar sagði að skoðun stjórnenda fyrirtækisins hafi leitt í ljós að bókhaldsgögn studdu þessar grunsemdir og að stjórn fyrirtækisins og eiganda, sem er Reykjavíkurborg, hafi verið tilkynnt um málið.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hóf þegar rannsókn og frumskoðun hennar hefur leitt í ljós að hið meinta misferli nemur rúmlega 30 milljónum króna og er talið hafa staðið yfir árin 2010 til 2015. Þá segir í tilkynningunni að engar vísbendingar séu um að fjármálastjórinn fyrrverandi hafi átt sér vitorðsmenn innan fyrirtækisins.

> Malbikunarstöðin Höfði er í eigu Reykjavíkurborgar og var stofnuð árið 1996.

Rannsókn Innri endurskoðunar stendur enn yfir en niðurstöður þeirrar rannsóknar verða því næst lagðar fyrir Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar sem hefur það hlutverk að ákveða framhald málsins.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er skýrslu um málið að vænta í næstu viku. Stjórnin segir í tilkynningu að frekari upplýsingar verði veittar þegar Endurskoðunarnefnd hafi farið yfir málið.

**mikael@frettabladid.is**


MEDEA
FRUMSÝNT Í KVÖLD

# Slegnir yfir frásögnum íþróttakvenna

**Fimm menn hafa verið látnir fara frá KR undanfarin ár vegna ósæmilegrar framkomu. Alvarlegustu dæmin sem íþróttakonur nefna um kynferðislegt ofbeldi eru mál sem eiga heima hjá lögreglu, segir formaður FH. Stjórnir íþróttafélaga eru þegar farnar að ræða um viðbrögð.**

**SAMFÉLAG** Á síðustu árum hafa komið upp fimm mál hjá KR, þar sem mönnum hefur verið vísað frá félaginu vegna óeðlilegra samskipta milli kynja. Þetta segir Stefán Arnarson, íþróttafulltrúi KR.

Stefán segir að í tveimur tilfellum hafi mál verið kærð til lögreglu og í öllum tilfellum hafi þeir sem áttu hlut að máli verið látnir fara frá félaginu. Stefán segir ekki hafa verið um nauðganir að ræða, „sem betur fer ekki“.

Forystumenn þriggja annarra íþróttafélaga, sem Fréttablaðið ræddi við, eru slegnir yfir alvarleika þeirra frásagna sem konur í íþróttum birtu af kynferðisbrotum, kynferðislegri áreitni og kynbundinni mismunun í fyrradag.

„Mér finnst þessi mál alveg skelfileg og þessi alvarlegustu mál ættu náttúrlega að vera lögreglumál. En auðvitað verður íþróttahreyfingin, þess vegna á næstu dögum, að fá til liðs við sig sérfrótt fólk um þessi mál og búa til leiðbeiningar fyrir íþróttafélögin,“ segir Viðar Halldórsson, formaður FH. Horfir hann þar fyrst og fremst til Íþróttasambands Íslands. „En auðvitað verður síðan að takast á við hvert mál um leið og það kemur upp.“ Viðar segist kannast við eineltismál en ásakanir um kynferðislegt ofbeldi hafi hann aldrei heyrt. „Það er ömurlegt að lesa þetta.“

Sveinn Gíslason, formaður Breiðabliks, segir að félagið hafi þurft að takast á við eineltismál og atvik þar sem stúlkum sem æfa hjá félaginu hafi verið sýnd ósæmileg framkoma. Í þeim tilfellum hafi verið leitað til Ungmennafélags Íslands og Ungmennafélags Kjalarnesþings sem hafi á að skipa fagaðilum á því sviði.

> **Þetta kemur þess vegna ekki á óvart en maður er sleginn yfir alvarleika þeirra dæma sem nefnd voru.**
>
> Sveinn Gíslason, formaður Breiðabliks

„Þetta kemur þess vegna ekki á óvart en maður er sleginn yfir alvarleika þeirra dæma sem nefnd voru. Við erum mjög stórt íþróttafélag með mjög öfluga starfsemi hjá stelpum og konum og eftir að þessar fréttir komu í gær (í fyrradag) höfum við rætt saman og við ætlum að ræða þetta sérstaklega í aðalstjórn félagsins í næstu viku,“ segir Sveinn. Reynt verði að skoða ferla hvernig hægt er að bregðast við svona málum og greina hversu alvarlegur vandinn er hjá félaginu. „Við ætlum ekki að loka augunum fyrir því að hann sé til staðar en vonum að það sé ekkert saknæmt sem hafi átt sér stað,“ segir hann.

Árni Óðinsson, formaður Þórs á Akureyri, segist hafa getað ímyndað sér að eitthvað þessu tengt gæti hafa átt sér stað innan íþróttahreyfingarinnar, en ekki svona mikið og ekki svona ljótt. Hann segir félagið nú þegar hafa rætt málið og það verði rætt áfram. Hann kannast ekki við að neitt þessu líkt hafi komið upp hjá Þór. Hins vegar geti félagið ekki afgreitt málið þannig að það eigi ekki við um sig. „Þetta á við um okkur öll.“

Sveinn og Árni taka undir með formanni FH að ÍSÍ geti leitt vinnuna við að móta viðbrögð við svona atburðum. **jonhakon@frettabladid.is**




**KR hefur vísað fimm mönnum á dyr vegna ósæmilegrar framkomu á síðustu árum. Í tveimur tilfellum voru málin kærð. Forystumenn þriggja annarra íþróttafélaga eru slegnir yfir alvarleika frásagnanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

## Fjórar ásakanir um ofbeldi á sex árum

„Ég starfaði sem framkvæmdastjóri í tveimur íþróttafélögum í samtals sex ár. Á þeim tíma fékk ég inn á mitt borð fjögur tilfelli þar sem þjálfari/leikmaður/starfsmaður félagsins (sem í öllum tilfellum var karlmaður) var ásakaður um brot sem flokkast sem kynferðisbrot gegn einstaklingi eða a.m.k. ósæmileg hegðun,“ segir Jóhann Már Helgason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Vals og Aftureldingar, í stöðufærslu á Facebook. Hann segir brotin hafa verið misalvarleg. Í þremur af þessum málum hafi viðkomandi aðila verið vikið frá félaginu og í einu tilfellinu hafi viðkomandi hætt sjálfur.







BOSS HUGO BOSS
SAND
POLO RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI COLLEZIONI
eterna
gardeur
HUGO HUGO BOSS
G-STAR RAW
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI collezione
MANZ GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir gagnrýninni og hressilegri fundarröð um þróun og mótun borgarinnar

## Snjallborgin Reykjavík

**Þriðjudaginn 16. janúar 2018 kl. 20 á Kjarvalsstöðum**


Lilja G. Karlsdóttir


Helga Valfells


Kristinn Jón Ólafsson


Hjálmar Sveinsson

Býr snjallt fólk í snjöllum borgum? Snjallborg notar upplýsinga-, samskipta- og fjarskiptatækni til að bæta lífsgæði borgarbúa. Hvaða áhrif hafa snjalllausnir á ferðatíma, mengun, raforku og og hvaða tækifæri felast í snjallborginni? Hvað með snjöll bílastæði, snjallar ruslafötur, snjalla götulýsingu o.s.frv. Eru sjálfkeyrandi bílar snjöll lausn?

Til að ræða snjallborgina mun **Lilja G. Karlsdóttir,** samgönguverkfræðingur hjá Viaplan, **Helga Valfells,** framkvæmdastjóri Crowberry Capital og **Kristinn Jón Ólafsson,** verkefnisstjóri snjallborgarinnar hjá Reykjavíkurborg taka til máls ásamt **Hjálmari Sveinssyni,** formanni umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

Fundurinn er í kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum þriðjudaginn 16. janúar kl. 20.

**Allir velkomnir. Heitt á könnunni.**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA




Lyklafellslína á að fara yfir ósnortið hraun austan við Helgafell sem er afar vel sóttur útivistarstaður af íbúum höfuðborgarsvæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Óttast spjöll og kærðu leyfi fyrir línulögn

**Hraunavinir, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og eigendur Selskarðs hafa kært framkvæmdaleyfi vegna lagningar Lyklafellslínu. Fjögur sveitarfélög gefið Landsneti grænt ljós og stefnt að útboði.**

**ORKUMÁL** Eigendur jarðarinnar Selskarðs hafa kært framkvæmdaleyfi sem Garðabær hefur veitt Landsneti til lagningar háspennulínu yfir vatnsverndarsvæði ofan höfuðborgarsvæðisins, svokallaðrar Lyklafellslínu. Fyrir hafa Hraunavinir og Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands kært framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar og Mosfellsbæjar til lagningar sömu línu. Kópavogur gaf út sitt framkvæmdaleyfi í vikunni.

Hraunavinir segja lagningu Lyklafellslínu geta stórskaðað vatnsgæði höfuðborgarbúa og þar með tvo þriðju hluta landsmanna. Því sé mikið í húfi fyrir stóran hlut þjóðarinnar. „Ný Lyklafellslína liggur yfir grannsvæði vatnsbóla alls höfuðborgarsvæðisins. Þegar lína er lögð fylgir mikið jarðrask um ósnortið hraun með vegarslóðum og steypuvinnu. Við teljum þetta óþarflega mikla áhættu fyrir þau mannréttindi okkar að hafa aðgang að hreinu og góðu vatni,“ segir Ragnhildur Jónsdóttir, formaður Hraunavina.

„Þetta er að okkar mati óþörf aðgerð því hægt er að tryggja raforkuflutninga með öðrum leiðum. Þetta er eins konar rússnesk rúlletta í lélegri bíómynd,“ bætir Ragnhildur við.

„Kópavogur samþykkti framkvæmdaleyfið á síðasta bæjarstjórnarfundi sínum og þá eru öll leyfin komin. Hins vegar bíðum við nú eftir úrskurði vegna kæranna sem við eigum von á í mars,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets. „Í undirbúningi er að bjóða út framkvæmdir við byggingu línunnar og tengivirkisins á Lyklafelli. Við gerum ráð fyrir að útboð verði auglýst á næstu vikum. Miðað við það, þá gerum við í dag ráð fyrir að nýju flutningsmannvirkin verði tekin í rekstur í lok árs 2019. Þá verður í framhaldi hægt að rífa Hamraneslínur niður.“

Lyklafellslína er lögð til að taka við raforkuflutningum af Hamraneslínu sem á að rífa, og spennistöð austan við Vallahverfið í Hafnarfirði verður færð af þeim sökum. Íbúar Hafnarfjarðar og bæjaryfirvöld hafa lagt áherslu á það í nokkurn tíma að taka niður Hamraneslínu þar sem nýtt Skarðshlíðarhverfi er hannað undir núverandi línustæði Hamraneslínu. Hverfið er nú í uppbyggingu.

**sveinn@frettabladid.is**

> **Við teljum þetta óþarflega mikla áhættu fyrir þau mannréttindi okkar að hafa aðgang að hreinu og góðu vatni.**
>
> Ragnhildur Jónsdóttir, formaður Hraunavina






## Álagning vatns- og fráveitugjalda 2018

Álagning vatns- og fráveitugjalda fyrir árið 2018 liggur nú fyrir. Viðskiptavinir geta skoðað álagningarseðla á **Mínum síðum á veitur.is**.

Til að komast inn á Mínar síður getur þú notað rafræn skilríki, Íslykil eða fengið sent lykilorð í rafræn skjöl í heimabankanum þínum.

Í samræmi við stefnu okkar um pappírslaus viðskipti fá einungis viðskiptavinir 69 ára og eldri heimsenda álagningar- og greiðsluseðla. Aðrir fara sjálfkrafa í netgreiðslur hafi þeir ekki óskað eftir pappír. Hægt er að breyta greiðslumáta á veitur.is eða í þjónustuveri okkar í síma 516 6000.

Veitur sjá um rekstur hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu.
**Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á veitur.is**

VEITUR


## Fimmtíu ný störf á Eyrarbakka

**ÁRBORG** Óskar Örn Vilbergsson og Þór Reynir Jóhannsson hafa kynnt fyrir bæjarráði Sveitarfélagsins Árborgar hugmyndir sínar um byggingu steinullarverksmiðju á landi vestan við Eyrarbakka. „Það eru allar kjöraðstæður á Eyrarbakka undir svona starfsemi, svarti sandurinn úti um allt, sem er uppistaðan í verksmiðju sem þessari, og svo er stutt í höfnina í Þorlákshöfn vegna útflutnings til Evrópu og Kanada,“ segir Óskar Örn sem býr á Eyrarbakka. Hann segir að ef allt gangi eftir verði byrjað á verksmiðjunni í haust og hún gæti orðið tilbúin í framleiðslu tveimur árum síðar.

„Við erum að sjá fyrir okkur að fimmtíu ný störf yrðu til á Eyrarbakka með verksmiðjunni sem yrði mikil vítamínsprauta fyrir þetta litla þorp,“ bætir Óskar Örn við. Bæjarráð Árborgar tók hugmyndinni vel.

„Okkur líst mjög vel á þessa framkvæmd og fögnum því að fá ný atvinnutækifæri í sveitarfélagið. Þetta verður líka umhverfisvæn verksmiðja sem okkur líst vel á, auk þess sem mörg tæknistörf verða í verksmiðjunni,“ segir Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar. **– mhh**




KONA
BY HYUNDAI

**Hyundai KONA** er nýstárlegur sportjeppi sem er fáanlegur annað hvort fjórhjóladrifinn eða framhjóladrifinn með sjálfskiptingu eða beinskiptingu. KONA er einstaklega vel útbúinn og með tæknilegar nýjungar á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™ sem gera ökumanni kleift að spegla upplýsingar úr síma á litaskjá í mælaborði.
Komdu á frumsýningu á Hyundai KONA því sjón er sögu ríkari.

**Hyundai KONA Comfort. Verð frá 3.590.000 kr.**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

**FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12–16**

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM79594

# Lögmenn missa titlana

**DÓMSMÁL** Lögmenn eru ekki lengur titlaðir sem héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmenn í nýjum lögum um lögmenn, sem tóku gildi samhliða stofnun nýs millidómstigs, Landsréttar, þrátt fyrir að þeir hafi málflutningsréttindi þess efnis. Titlarnir hrl. og hdl. hafa þannig verið felldir úr gildi.



Reimar Pétursson, formaður Lögmannafélags Íslands.

„Hinn formlegi titill er nú lögmaður. Mönnum þótti kannski þetta titlatog almennt ekki vera í samræmi við íslenskar hefðir og óþjált að vera með þrenns konar titla sem hefði orðið tilvikið eftir að Landsréttur tók til starfa,“ segir Reimar Pétursson, formaður Lögmannafélags Íslands. Að auki sé þetta ákveðin leið til þess að gæta jafnræðis innan lögmannastéttarinnar.

„Þetta sendir einnig þau skilaboð að allir lögmenn séu jafnir. Við sáum það áður fyrr hjá lögmönnum sem fluttu aldrei mál og ætluðu kannski aldrei að leggja það fyrir sig, að þeir upplifðu þörf til þess að afla sér réttinda með tilheyrandi umstangi bara til þess að vera á pari við félagana varðandi titil. Þannig að hugmyndin er sú að senda þau skilaboð að það sé enginn munur á lögmönnum og lögmönnum þótt þeir fáist við mismunandi hluti,“ segir Reimar. Nú þurfi lögmenn að finna út hvernig þeir auðkenni sig. „Það er ekkert vikið að því í lögum hvernig menn auðkenna sig eða greina viðskiptavinum frá réttindum sínum. Það er auðvitað ákveðin þrepaskipting í réttindum manna, en ekki gerður neinn titilsmunur á þeim í lögum.“ – **sks**

# Erninum sleppt sem fyrst

**DÝRALÍF** „Þetta gengur ljómandi vel. Hann er farinn að éta meira og þar af leiðandi fitna,“ segir Jón Gíslason, dýrahirðir í Húsdýragarðinum, um haförninn sem er í endurhæfingu í garðinum. Það var Vargurinn, Snorri Rafnsson, sem fangaði örninn á Snæfellsnesi á síðasta degi nóvembermánaðar.

Snorri hýsti örninn, sem var máttfarinn, og gaf honum að éta fyrstu dagana en fuglinn hefur nú verið í Húsdýragarðinum í mánuð. Jón segir að örninn sé farinn að fljúga enda á milli í búrinu, sem lofi góðu. „Maður hefur áhyggjur af því hversu spakur hann er og undarlegur í háttum,“ segir Jón. Markmiðið sé að sleppa honum á heimastöðvarnar sem fyrst. Það geti orðið eftir nokkra daga eða fáeinar vikur en ráðist meðal annars af veðri. „Hann étur mjög vel en það er spurning hvort hann er orðinn nógu öflugur,“ segir Jón. – **bg**

# Sér nú fyrir endann á langri stjórnarkreppu

**Eftir lengstu stjórnarkreppu Þýskalands frá seinna stríði stefnir loks í að ríkisstjórn verði mynduð. Merkel segir viðræðurnar hafa verið erfiðar og Schulz greindi frá því að þau hefðu rifist harkalega í sólarhringslöngum viðræðum.**



Merkel og Schulz tókust í hendur á blaðamannafundinum. NORDICPHOTOS/AFP

**ÞÝSKALAND** Kristilegir demókratar (CDU) og Jafnaðarmannaflokkurinn (SPD) í Þýskalandi kveðast nú bjartsýnir á að stjórnarmyndun takist en stjórnarkreppa hefur ríkt þar í landi í um þrjá mánuði. Flokkarnir greindu frá því í gær að eftir rúmlega 24 klukkustunda samfelldar viðræður hefði áætlun um formlegar stjórnarmyndunarviðræður verið samþykkt.

Angela Merkel, kanslari og formaður Kristilegra demókrata, og Martin Schulz, formaður Jafnaðarmannaflokksins, boðuðu til blaðamannafundar í gær þar sem þau sögðust bjartsýn á framhaldið. Boðuðu þau „nýtt upphaf“ í þýskum stjórnmálum og gáfu til kynna að styrkt samband við Frakka á sviði Evrópusambandsins væri forgangsatriði í utanríkismálum.

Gengið var til kosninga undir lok septembermánaðar og guldu bæði CDU og SPD afhroð. Töpuðu samtals 105 þingmönnum á meðan Frjálslyndir demókratar bættu við sig áttatíu og þjóðernishyggjuflokkurinn Valkostur fyrir Þýskaland (AfD) 94 þingmönnum. Sagði Schulz eftir kosningarnar að kjósendur hefðu sent þau skilaboð að hinu svokallaða stórbandalagi (þ. Große Koalition) CDU og SPD, sem störfuðu saman á síðasta kjörtímabili, hefði verið hafnað. Útilokaði Schulz því að SPD tæki þátt í ríkisstjórn á ný.

Þar sem ekkert annað tveggja flokka mynstur var mögulegt hófust viðræður um svokallað Jamaíkubandalag Frjálslyndra demókrata, Græningja og CDU. Nafnið vísar til einkennislita flokkanna sem eru þeir sömu og í jamaíska fánanum. Um var að ræða eina þriggja flokka mynstrið sem var í stöðunni í ljósi þess að SPD vildi ekki sæti í ríkisstjórn og AfD þykir ekki stjórntækur.

Upp úr þeim viðræðum slitnaði hins vegar og við tók lengsta stjórnarkreppa Þjóðverja frá því fyrir seinni heimsstyrjöld.

Á blaðamannafundi gærdagsins sagði Merkel að erfiðir ásteytingarsteinar hefðu komið upp í hinum nýju viðræðum við SPD.

Undir það tók Schulz og sagði viðræðurnar einkennast af mikilli togstreitu. „Við rifumst ansi harkalega.“ **thorgnyr@frettabladid.is**


# Bridge gerir lífið skemmtilegra

Bridgefélög og klúbbar eru starfræktir um allt land – upplýsingar á bridge.is



Bridge sameinar aldurshópana • Bridge er gott fyrir heilsu þína • Bridge er manns gaman

Stórmót í Bridge
*Reykjavík Bridgefestival*
fer fram í Hörpu
25-28. janúar, skráning
á bridge@bridge.is

**Eldri borgarar spila alla mánudaga og fimmtudaga kl. 13.00-17.00 í Síðumúla 37**

## Viltu læra bridge?

Bridgesambandið getur útvegað leiðbeinendur fyrir hópa, fyrirtæki og skóla. Guðmundur Páll starfrækir Bridgeskólann, þar geta þeir lært bridge sem eru að stíga sín fyrstu skref í bridge og einnig þeir sem vilja bæta við kunnáttu sína.

Námskeið í Bridgeskólanum hefjast 22. og 24. janúar
**Allir undir 25 ára aldri fá frítt á byrjendanámskeið.**
Upplýsingar hjá Guðmundi Páli Arnarsyni
í síma 8985427 eða á gpa@simnet.is

„Bridge er fyrir alla“

Bridgesamband Íslands – Síðumúla 37 – 108 Reykjavík – sími 587 9360 – www.bridge.is


Volkswagen á vistvænu tilboði!
Byrjaðu árið á nýjum Volkswagen rafbíl.
Volkswagen er með breiddina í rafmagns- og tengiltvinnbílum; nettur e-up!, flaggskipið e-Golf, sportlegur Golf GTE og rúmgóður Passat GTE fyrir alla fjölskylduna. Nú bjóðast þeir á vistvænu tilboði og verða á Bílasýningunni í HEKLU á morgun. Gríptu tækifærið og keyrðu inn í nýja árið á rafbíl sem gengur fyrir íslenskri orku. Við bíðum spennt eftir að sjá þig!
e-up!
Rafmagnsbíll
Sá ódýrasti. Dregur allt að 160 km*
Verðlistaverð
3.350.000 kr.
Vistvænt tilboð
2.890.000 kr.
e-Golf
Rafmagnsbíll
Dregur allt að 300 km*
Verðlistaverð
4.250.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.950.000 kr.
Golf GTE
Tengiltvinnbíll
Sportlegur og umhverfisvænn.
Verðlistaverð
4.190.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.850.000 kr.
Passat GTE
Tengiltvinnbíll
Frábær fjölskyldubíll.
Verðlistaverð
4.690.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.990.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5
*Skv. NEDC staðlinum.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



BÍLA
KARNIVAL
GEGGJUÐ TILBOÐ!
GLÆSILEGIR NÝIR BÍLAR
BRIMBORG BÝÐUR Á KARNIVAL!
Flottar frumsýningar allan janúar með geggjuðum tilboðum og dúndrandi fjöri.
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla, frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
Þetta er viðburður sem þú vilt ekki missa af!
Komdu á karnival í Brimborg – við eigum rétta bílinn fyrir þig!
PEUGEOT 3008
BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018
BÍLL ÁRSINS
2018
FRUMSÝNUM Í DAG!
VOLVO V60 TENGIL-TVINN AWD
RAFMAGNAÐUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN
3008
Ford
VOLVO
mazda
PEUGEOT
CITROËN
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
brimborg.is


KOMDU Á KARNIVAL!
OPIÐ LAUGARDAG 12-16, REYKJAVÍK OG AKUREYRI
KYNNTU ÞÉR NÝJA GLÆSILEGA BÍLA
NÝTTU ÞÉR FRÁBÆR TILBOÐ
KOMDU Í STUDIÐ!
MAZDA CX3
VINSÆLASTI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI
Á EINKABÍLAMARKAÐI
FORD FIESTA
MEST SELDI SMÁBÍLLINN
Í EVRÓPU
FRUMSÝNING Í DAG!
SPORTJEPPI FRAMTÍÐARINNAR
CITROËN C3 AIRCROSS SUV

# Hinn reynslulitli Weah lofar breytingum

**George Weah tekur við forsetaembætti í Líberíu á næstunni. Knattspyrnusamfélagið samgleðst honum. Ríkið á sér sögu blóðugra átaka. Er með skáldaða háskólagráðu og hefur ekki útskýrt stefnu sína. Verðandi varaforseti vill dauðarefsingu við samkynhneigð.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



George Weah, sem eitt sinn var besti knattspyrnumaður heims og lék meðal annars með AC Milan, Paris Saint-Germain, Chelsea, Manchester City og Monaco, tekur við embætti forseta Líberíu á mánudag. Ljóst er að ærið verkefni bíður þessa tiltölulega lítt reynda stjórnmálamanns.

Líbería er elsta lýðveldi Afríku en ríkið fékk sjálfstæði frá Bandaríkjunum árið 1847 og var stofnað í þeim tilgangi að gefa fyrrverandi þrælum Bandaríkjamanna heimili í heimsálfu forfeðra sinna. Ríkið á sér sögu átaka og borgarastyrjalda og er Charles Taylor vafalaust þekktasti leiðtoginn í sögu ríkisins.

Sá náði völdum eftir byltingu sem hófst árið 1989 gegn ríkisstjórn Samuels Doe, sem sjálfur hafði náð völdum í byltingu níu árum fyrr, en menn hans drápu þáverandi forseta, William R. Tolbert yngri. Taylor naut lítilla vinsælda á alþjóðavísu. Hann flutti út svokallaða blóðdemanta og var ítrekað sakaður um bæði stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu í borgarastyrjöldinni í Síerra Leóne á tíunda áratugnum.

Hann sagði af sér árið 2003 og fór í útlegð í Nígeríu. Árið 2006 óskaði fráfarandi forseti, Ellen Johnson Sirleaf, eftir því að Taylor yrði framseldur. Hann var þá handtekinn í Síerra Leóne og fluttur til Haag í Hollandi þar sem hann var loks sakfelldur fyrir meðal annars hryðjuverk, morð og nauðgun og dæmdur í fimmtíu ára fangelsi.

„Hinn ákærði er sakfelldur fyrir að skipuleggja og koma að nokkrum af verstu og ógeðfelldustu glæpum mannkynssögunnar," sagði dómsforsetinn Richard Lussick við dómsuppkvaðningu.



George Weah tekur við embætti forseta Líberíu á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP

### Hamingjuóskir

Vegna bakgrunns Weah sem knattspyrnumanns hefur hamingjuóskum rignt yfir hann frá því hann náði kjöri.

„Takk kærlega, herra forseti," tísti Didier Drogba, fyrrverandi leikmaður Chelsea.

„Til hamingju, Weah forseti!!!" tísti Yaya Touré, leikmaður Manchester City.

„Til hamingju, herra forseti, George Weah. Stórkostlegur ferill," tísti Stephane Mbia, fyrrverandi leikmaður Sevilla.

„Við þekktum George Weah löngu áður en hann var kjörinn forseti Líberíu. Við óskum þessari PSG-goðsögn til hamingju með þennan nýja kafla," tísti gamla félag Weah, PSG.

„Stórkostlegt mál, loksins höfum við fótboltamenn eignast einn slíkan," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, og bætti við: „George er búinn að bjóða mér á innsetningarathöfnina. Ég held ég verði upptekinn en kannski get ég farið ef ég verð í banni."

### Yfirburðasigur

Weah fékk 61,5 prósent atkvæða í seinni umferð forsetakosninganna sem fór fram þann 26. desember síðastliðinn. Andstæðingurinn, fráfarandi varaforsetinn Joseph Boakai, fékk 38,5 prósent atkvæða.

Fékk knattspyrnumaðurinn því flest atkvæði í báðum umferðum. Hann fékk 38,4 prósent í fyrri umferðinni samanborið við 28,8 prósent Boakai og 8,2 prósent Prince Johnson, en sá er einna helst frægur fyrir að fanga þáverandi forsetann Samuel Doe í byltingu Taylors árið 1990, pynta hann og drepa.

### Fátækt og skortur

Weah á hins vegar ærið verkefni fyrir höndum. Eftir tíðar borgarastyrjaldir undir lok síðustu aldar hafa borgarar það slæmt og þá er vert að minnast á ebólufaraldur áranna 2014 til 2016 kostaði þúsundir líf sitt. Helstu útflutningsvörur Líberíu, járn og gúmmí, eru tiltölulega ódýrar og innviðirnir eru litlir.

Á lista CIA World Factbook yfir verga landsframleiðslu ríkja á mann er Líbería í 226. sæti af 230 og eru eingöngu Búrúndí, Austur-Kongó, Mið-Afríkulýðveldið og Sómalía neðar á þeim lista.

Lífslíkur karla eru 61 ár og kvenna 63 ár og er ríkið í 158. sæti á þeim lista af 183. Samkvæmt Alþjóðabankanum eru 54 prósent Líberíumanna undir fátæktarmörkum og er því ljóst að gífurlega mikið verk bíður knattspyrnumannsins.

Efasemdaraddir hafa því heyrst um verðandi forseta. Þannig sagði Victor Smith, upplýsingatækniráðgjafi og einn viðmælenda Reuters, að hann skorti reynslu. Hefði enga alvöru stefnu og skorti þá leiðtogahæfni sem þörf væri á.

### Reynsla eða ekki

Spurning er hvort það sé ósanngjarnt að segja að Weah skorti reynslu. Hann var vissulega kjörinn í öldungadeild Líberíuþings árið 2014 með miklum meirihluta atkvæða. Hins vegar segir í umfjöllun The Economist um forsetakosningarnar að hann hafi sjaldan eða aldrei mætt á þingfundi.

## Jewel Howard-Taylor verður varaforseti Líberíu

Spurningamerki hafa verið sett við val Weah á varaforseta. Sú sem varð fyrir valinu heitir Jewel Howard-Taylor og er, eins og nafnið gefur til kynna, fyrrverandi forsetafrú og fyrrverandi eiginkona stríðsglæpamannsins Charles Taylor.

Howard-Taylor hefur þó sjálf meiri reynslu en Weah af stjórnmálum og var kjörin í öldungadeild þingsins árið 2005. Þar að auki er hún menntaðri en Weah og er með gráður í bókhaldi og hagfræði.

Sjálf hefur Howard-Taylor reynt að fjarlægja sig fyrrverandi eiginmanni sínum. Í viðtali við Al Jazeera þann 12. desember var hún spurð hvernig almenningur gæti treyst því að hún myndi ekki fylgja stefnu Charles Taylor.

„Hver var sú stefna? Á meðan það ástand ríkti var ég ekki í Líberíu. Ég var í skóla erlendis. Ef ég var ekki hérna er ekki hægt að segja að ég hafi haft nokkur áhrif," sagði Howard-Taylor og bætti við: „Ef það væru einhverjar efasemdir um mig hefði ég aldrei verið kjörin á þing."



Howard-Taylor er þó ekki einungis umdeild fyrir hjónabandið við Taylor en árið 2012 var hún fyrsti flutningsmaður frumvarps sem miðaði að því að leggja dauðarefsingu við samkynhneigð. Frumvarpið var þó aldrei samþykkt eftir að Sirleaf hét því að skrifa aldrei undir slíkt frumvarp.

> Weah hefur lofað að skapa fleiri störf, bjóða upp á ókeypis menntun og heilbrigðisþjónustu en útskýrir ekki hvernig þessum markmiðum verður náð.
>
> Ibrahim Nyei prófessor

Aukinheldur hafi hann ekki verið flutningsmaður neins frumvarps eða neinnar tillögu.

Þá hefur meint menntun Weah einnig verið töluvert gagnrýnd. En munur á menntun hans og Ellen Johnson Sirleaf, fráfarandi forseta, var á meðal ástæðna fyrir því að Weah tapaði forsetakosningunum 2005. Sirleaf var menntuð í Harvard en samkvæmt framboðsvefsíðu Weah þetta sama ár hafði hann gráðu í íþróttastjórnun frá Parkwood-háskóla í Lundúnum.

Yfirvöld ákváðu hins vegar að loka Parkwood árið 2003 vegna þess að eigendurnir seldu hreinlega gráður yfir internetið. Gráða Weah var því ekki raunveruleg. Engir kennarar störfuðu við Parkwood, engar skólastofur voru þar og engar kennslustundir.

### Stefnan

Boðskapur Weah á stjórnmálaferlinum hefur verið sá að innherjar líberískra stjórnmála hafi ekkert gert fyrir fólkið í landinu og því sé kominn tími á breytingar. Hefur hann meðal annars lofað að beita sér sérstaklega fyrir því að skapa störf fyrir yngri kynslóðina en alls eru 70 prósent Líberíumanna undir 35 ára aldri. Áttatíu prósent landsmanna þurfa að lifa á sem nemur tæplega 200 krónum á dag.

Erfitt er að öðru leyti að staðsetja George Weah á hinu pólitíska rófi. Kjör hans er ef til vill best hægt að útskýra með því að kjósendur hafi verið ósáttir við þá stöðnun sem ríkt hefur undir stjórn Sirleaf þar sem matarverð hefur ekki lækkað og launin ekki hækkað.

Al Jazeera ræddi við líberíska prófessorinn Robtel Neajai Pailey skömmu eftir kosningarnar til að fá skýrari mynd af ástandinu. „Í Líberíu er fámennur hópur sem lifir góðu lífi en stór meirihluti kemst varla af. Sá stóri meirihluti, sem er að mestu leyti undir 35 ára aldri, kaus Weah," sagði Pailey.

Rætt var við líberíska stjórnmálafræðinginn Ibrahim al-Bakri Nyei í sömu umfjöllun. Sá sagði Weah hafa lofað að skapa fleiri störf, bjóða upp á ókeypis menntun og heilbrigðisþjónustu en aldrei hefði verið útskýrt hvernig ná ætti þessum markmiðum.

Að sögn beggja er þó óljóst hversu mikið mun breytast eftir kjör Weah. Pailey sagði ýmsa dygga fylgismenn Sirleaf nú hafa tekið stöðu með Weah. Undir það tók Nyei og sagði gamalgróna stjórnmálamenn með dyggustu stuðningsmönnum Weah eftir að hann náði kjöri.

**Sérfræðingur í fullorðinsfræðslu**
**- SPENNANDI STARF -**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. óskar eftir að ráða sérfræðing í starf á sviði fullorðinsfræðslu, einkum við hæfnigreiningar og námshönnun.

**Við leitum að jákvæðum og lausnamiðuðum einstaklingi sem hefur:**

- Menntun og reynslu sem nýtist í starfi.
- Reynslu af fræðslumálum og almennu atvinnulífi.
- Reynslu af verkefnastjórnun.
- Reynslu af að vinna undir álagi og í hópi.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Ritfærni í íslensku, ensku og einu norðurlandamáli.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Fræðslumiðstöðvarinnar www.frae.is
Umsóknir sendist á frae@frae.is fyrir 22 jan. nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins. Hlutverk FA er að vera samstarfsvettvangur og sérfræðisetur aðila vinnumarkaðarins um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir.

Hjá FA vinna nú 17 starfsmenn, flestir sérfræðingar á sviði fullorðinsfræðslu. Markmið FA er að veita starfsmönnum á vinnumarkaði, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði og auka þar með samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

Haukur 01.18




B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.**

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Óþarfa kostnaður



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Ein af tíðindum liðinnar viku voru fregnir af lántöku Almenna leigufélagsins hjá bandarískum fjárfestingasjóði. Hlutabréf í Kauphöllinni hækkuðu talsvert í kjölfarið og skýrist það að hluta af væntingum fjárfesta um að innlend fyrirtæki geti nú fjármagnað sig erlendis á bættum kjörum.

Ekkert leyndarmál er að fjármögnun er óvíða dýrari en hérlendis. Meginástæða þess er okkar séríslenski gjaldmiðill. Vaxtastig er ekkert annað en verðlagning á áhættu og viðskipti í íslenskum krónum eru í sögulegu samhengi einfaldlega áhættusamari en viðskipti í öðrum gjaldmiðlum. Óraunhæft er að ætlast til að viðskiptakjör í innlendum bönkum breytist svo um muni meðan krónan er gjaldmiðill þjóðarinnar.

*Ákvörðun bandaríska fjárfestingasjóðsins um að veita lán til íslensks félags í íslensku umhverfi eru viss tímamót og ákveðin traustsyfirlýsing á innlent efnahagslíf.* Önnur skráð félög, og þá sérstaklega fasteignafélögin, hljóta að horfa í sömu átt.

Kannski ætti ríkið einnig að hugsa sinn gang?

Heildarskuldir ríkissjóðs nema ríflega 900 milljörðum króna, og vaxtagreiðslur þessa árs verða meira en 70 milljarðar. Skuldsetningin er engu að síður lág í alþjóðlegu samhengi, um þriðjungur landsframleiðslu. Þetta er sambærilegt hlutfall og í Noregi, nokkru lægra en í Danmörku, og mun lægra en í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Samt er lánshæfi ríkisins nokkuð frá því að vera í hæsta flokki. *Ljóst er að ef ríkissjóður fengi svokallaða AAA einkunn yrði það akkur fyrir innlent efnahagslíf. Ríkissjóður gæti fjármagnað sig á betri kjörum, en ekki síður myndu skapast möguleikar á erlendri fjárfestingu sem hingað til hafa verið lokaðir. Margir markaðsaðilar lita einfaldlega fram hjá ríkjum sem ekki bera hæstu einkunn.* Það á við bæði um fjárfestingar í opinbera og einkageiranum.

Einfaldasta leiðin til að hækka lánshæfiseinkunnina er að lækka skuldir ríkisins. Ríkið á margar seljanlegar eignir. Þar má nefna hluti í bönkunum, Landsvirkjun og Isavia. Ljóst er að til stendur að selja eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka og Arion, auk þess sem selja á hluta af Landsbankanum. Æskilegt er að þessar áætlanir gangi eftir.

Varðandi Isavia er það umhugsunarvert hvort ríkið eigi að reka félag um rekstur flugvallar. Víðast hvar hefur starfsemi sem þessi verið einkavædd, til dæmis í Bretlandi. Og í Danmörku var sú leið farin að vera með blandað eignarhald. Danska ríkið á nú fjörutíu prósenta hlut. Þessi blandaða leið er þekkt á Norðurlöndum, eins og í Noregi þar sem Statoil hefur verið skráð á markað um áratugaskeið, er 70% í eigu ríkisins en annars í höndum einkafjárfesta.

Sala á þessum íslensku ríkiseignum, þó þannig að ríkið héldi eftir hlutum þar sem það væri talið þjóðhagslega mikilvægt, myndi gera ríkissjóði kleift að greiða niður skuldir sínar að fullu. Þá 70 milljarða sem spöruðust árlega í vaxtakostnað mætti svo nota til að styrkja innviði á borð við vegi og heilbrigðiskerfi.

Bætt lánshæfiseinkunn myndi svo ekki bara þýða aukna erlenda fjárfestingu, heldur einnig gera okkur kleift að fjármagna ríkissjóð til framtíðar á betri kjörum en áður hafa þekkst.

**Sala á þessum íslensku ríkiseignum, þó þannig að ríkið héldi eftir hlutum þar sem það væri talið þjóðhagslega mikilvægt, myndi gera ríkissjóði kleift að greiða niður skuldir sínar að fullu.**




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Lífsstílsblogg og skaðsemi sjálfskipaðra heilsu-spámanna

Árið 1702 fluttist George Cheney, skoskur læknir, til Lundúna. Nokkrum árum síðar skrifaði hann metsölubók um heilsufar, The English Malady. Bókinni má lýsa sem lífsstílsbloggi átjándu aldar: „Þegar ég flutti til London breyttist lífsstíll minn ... Heilsu minni stórhrakaði á örfáum árum ... Ég fitnaði mikið, ég var alltaf móður, orkulítill og hálfdofinn."

En síðan breytti hann mataræðinu og varð nýr maður. Ráð Cheney til lesenda sinna var að nærast á engu öðru en mjólk og grænmeti. Kúrinn sagði Cheney allra meina bót; hann læknaði gigt, krabbamein og andlega kvilla.

### Hreint mataræði

„Veikindin höfðu gríðarleg áhrif á líf mitt," sagði Ella Mills Woodward, einn þekktasti matar-, lífsstíls- og heilsubótarbloggari Bretlands, í viðtali árið 2016. „Vinkonur mínar töluðu um strákana sem þær höfðu kysst kvöldið áður ... en það sem mér var efst í huga var hvort ég gæti staðið upprétt þá stundina."

Í háskóla greindist Ella með það sem kallast á ensku postural tachycardia syndrome, heilkenni sem lýsir sér í auknum hjartslætti, svima, yfirliði, höfuðverk, ógleði og þreytu þegar sest er niður eða staðið er upp. Í kjölfarið snarbreytti hún mataræði sínu, tók að sneiða alfarið hjá unnum matvörum og borðaði fyrst og fremst ávexti og grænmeti. Hún kom á fót bloggi sem hún kallaði Ómótstæðileg Ella þar sem hún deildi reynslu sinni, uppskriftum og ráðum um hvernig öðlast mætti betri heilsu með því að borða eins og hún. Vinsældir bloggsins urðu miklar, matreiðslubækur hennar urðu metsölubækur og fyrr en varði var Ella orðin helsti forgöngumaður mataræðis sem kallað er „clean eating" eða hreint mataræði.

### Valhnetur lækna heilann

Dellur í mataræði eiga sér alda langa sögu. Erfitt er annað en að hlæja að breska grasafræðingnum William Coles sem á sautjándu öld taldi fólki trú um að fæða sem líktist ákveðnum líkamshlutum gæti læknað kvilla í þeim; þannig læknuðu valhnetur heilann og jurtin augnfró, sem þótti líkjast auga, var talin lækna augnsýkingar. Þau heilsubótarráð sem borin eru á borð fyrir okkur í dag eru þó mörg hver alveg jafnhlægileg.

Sjaldan rignir yfir okkur jafnmörgum hugmyndum að betri heilsu, betri lífsstíl og betri línum en í janúarmánuði. Oft eru þær færðar okkur í glansbúningi af fögrum og jafnvel frægum sendiboða. Samtök breskra næringarfræðinga hafa nú tekið sig til og varað við skaðsemi þessara góðu ráða. Á dögunum gáfu þau út lista yfir heilsufarsráð og megrunarkúra fræga fólksins sem skal sérstaklega varast árið 2018. Helstu skaðvaldarnir voru taldir hráfæðis-vegan kúr sem Gwyneth Paltrow og Sting mæla með, basískt mataræði Söruh Ferguson, hertogaynju af York, og lágkolvetna ketógenískt mataræði sem Kim Kardashian aðhyllist.

### Ein dæmisaga

En dellu-kúrar þessir eru ekki aðeins hlægilegir. Þeir eru skaðlegir.

Á síðasta ári gerði Ella Mills Woodward tilraun til að segja skilið við „hreina mataræðið" og afneitaði því í heimildarþætti í Breska ríkissjónvarpinu. Kúrinn hafði þá fengið á sig óorð og verið harðlega gagnrýndur fyrir fullyrðingar um heilsubót og lækningarmátt sem enginn vísindalegur fótur var fyrir. Margir sem fylgdu kúrnum hættu að neyta mjólkurafurða sem leiddi til kalkskorts og beinþynningar. Kúrinn var einnig talinn geta leitt til lystarstols hjá ungu fólki sem og orthorexiu, alvarlegrar áráttuhegðunar í tengslum við mat.

Þótt lífsstílsbloggara með þúsund vini á Instagram líði betur í eigin skinni eftir að hafa hætt að borða kolvetni, kjöt og sykur þýðir það ekki að áhrif mataræðisins séu vísindaleg staðreynd. Ein dæmisaga hefur ekkert tölfræðilegt sannleiksgildi þegar kemur að vísindalegri aðferðafræði.

Bók Cheney um ágæti þess að nærast aðeins á mjólk og grænmeti kom út árið 1733. Í dag ættum við að vita betur. Ein öruggasta leiðin til að gæta að heilsunni árið 2018 er að sneiða hjá dellu-kúrunum sem andlegir uppvakningar átjándu aldar, hinir sjálfskipuðu heilsu-spámenn, prédika nú af jafnmiklum ákafa og þeir gera af vanþekkingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*








# Nýr X-Class.
# Frumsýndur í dag.

Við kynnum Mercedes-Benz X-Class, nýjan pallbíl sem brúar bilið milli atvinnutækis og fólksbíls. Traustur, sterkbyggður, áreiðanlegur og hentar hvert sem leiðin liggur.

Þessi einstaki pallbíll verður frumsýndur í dag milli kl. 12 og 16 á tveimur stöðum. Á Fosshálsi 1 bjóðum við atvinnumönnum að skoða vinnuþjarkinn X-Class og fá kynningu frá sérfræðingum Arctic Trucks á breyttum útgáfum af bílnum. Á Krókhálsi 11 býðst þér að skoða X-Class ásamt öllum fólksbílaflota Mercedes-Benz.

Komdu og reynsluaktu Mercedes-Benz X-Class. Hlökkum til að sjá þig.

Mercedes-Benz

Bílaumboðið Askja · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland“



## ELLY
Þriggja sæta sófi. Dökkgrár.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**30%** AFSLÁTTUR

**62.993 kr.** ~~89.990 kr.~~



## FRIDAY
Hornsófi með tungu 2H3 SL. Grátt og brúnt slitsterkt áklæði. Stærð: 330 x 260 x 90 cm

**25%** AFSLÁTTUR

**224.993 kr.** ~~299.990 kr.~~



## BOYD
Þriggja sæta sófi. Brúnt PU-áklæði eða dökkgrátt sléttflauel. Stærð: 215 × 87 × 78 cm

**25%** AFSLÁTTUR

Brúnt PU-áklæði
**93.743 kr.** ~~124.990 kr.~~

Dökkgrátt sléttflauel
**89.993 kr.** ~~119.990 kr.~~



## GENOA
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Svart, grátt eða brúnt leður. Stærð: 255 x 163 x 93 cm

**30%** AFSLÁTTUR

**265.993 kr.** ~~379.990 kr.~~



**20%** AFSLÁTTUR

## EMPIRE
La-Z-Boy stóll. Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 80 × 70 × 102 cm

**71.992 kr.** ~~89.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

## BOYD
Hægindastóll. Prúnt PU- áklæði.
Fæst einnig í gráu sléttflaueli.

**44.993 kr.** ~~59.900 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

## TUB
Hægindastóll. Svart leður.
Fæst einnig í áklæði

**55.993 kr.** ~~79.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

## GLOBE
Hægindastóll. Fæst í svörtu, rauðu og hvítu leðri.

**188.993 kr.** ~~269.990 kr.~~



**50%** AFSLÁTTUR

## HASLEV
Borðstofuborð. Olíuborin eik, hvíttuð eða óhvíttuð.
Stærð: 180 x 105 x H: 74 cm.

**114.995 kr.** ~~229.990 kr.~~




**30%** AFSLÁTTUR

## ELLIOT
Borðstofuborð. Spónlögð hnota.
Stærð: 180 x 90 x H: 75 cm

**62.993 kr.** ~~89.990 kr.~~



*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 4. febrúarr eða á meðan birgðir endast.*

# RISA ÚTSALA

## Allt að 60% afsláttur

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

## EIFFEL
Borðstofustóll. Turkisblár, rauður, svartur, grár og hvítur með krómfótum.
Svartur, grár, og hvítur með svörtum fótum.
Hvítur með hvítum fótum.



30% AFSLÁTTUR

Með svörtum eða hvítum fótum.
6.993 kr. ~~9.990 kr.~~
Með krómfótum.
8.393 kr. ~~11.990 kr.~~

## OTTAWA
Borðstofustóll, brúnt, grátt eða svart PVC áklæði.



25% AFSLÁTTUR

8.993 kr. ~~11.990 kr.~~

## ALISON
Borðstofustóll. Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði, krómgrind.



60% AFSLÁTTUR

4.796 kr. ~~11.990 kr.~~

## NESTOR
Borðstofu-stóll. Coffee áklæði.



40% AFSLÁTTUR

10.794 kr. ~~17.990 kr.~~

## ROMBO
Borðstofu-stóll. Dökkgrátt PU-leður og svartir fætur.



30% AFSLÁTTUR

27.993 kr. ~~39.990 kr.~~



35% AFSLÁTTUR

## SALLY
Hægindastóll. Brúnt eða svart PU-leður og ljóst- eða dökkgrátt áklæði

PU-áklæði
24.044 kr. ~~36.990 kr.~~

Sléttflauel
25.994 kr. ~~39.990 kr.~~



## FRIDAY
U-sófi. Grátt og brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm

209.993 kr. ~~279.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA HÖLLIN

EHF EURO CROATIA 2018

## ÍSLAND - SVÍÞJÓÐ 26-24 (15-8)

### Maður Leiksins



Ólafur Guðmundsson spilaði einn sinn besta landsleik í gær. Hann var markahæstur í íslenska liðinu með sjö mörk og spilaði auk þess góða vörn. Ólafur var sérstaklega öflugur í byrjun leiks.

### Hættulegustu mennirnir

**Mörk** + **stoðsendingar**

| | |
|---|---|
| 11 Aron Pálmarsson | 3+8 |
| 8 Ólafur Guðmundsson | 7+1 |
| 6 Rúnar Kárason | 5+1 |
| 5 Arnór Þór Gunnarsson | 5+0 |
| 5 Guðjón Valur Sigurðsson | 5+0 |
| 1 Janus Daði Smárason | 1+0 |

**7** Íslendingar unnu fyrri hálfleikinn 15-8.

**Hornamenn Íslands** skoruðu samtals 10 mörk úr 12 skotum.

**5** Svíar skoruðu fimm mörk á fyrstu 21 mínútu leiksins.

**11** Björgvin Páll Gústavsson varði 11 skot í fyrri hálfleik.

### Mörk úr leikstöðum






Ólafur Guðmundsson skoraði sjö mörk þegar Ísland vann afar mikilvægan sigur á Svíþjóð, 26-24, í fyrsta leik sínum á EM í Króatíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Svíarnir slegnir í rot í Split

**Strákarnir okkar unnu Svía í fyrsta leik sínum á EM í Króatíu í gær. Ísland spilaði stórkostlega á löngum köflum og náði mest 10 marka forskoti í byrjun seinni hálfleiks. Fæðingin var þó full erfið á endanum.**

EHF EURO CROATIA 2018



Ingvi Þór Sæmundsson
ingvithor@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Þeir sem hafa fylgst með íslenska landsliðinu í gegnum árin bjuggust væntanlega seint við því að sjá það 10 mörkum yfir gegn Svíþjóð á stórmóti. Sú var samt raunin í leik liðanna í A-riðli Evrópumótsins í Króatíu í gær. Íslenska liðið spilaði stórkostlega fyrstu 40 mínútur leiksins og yljaði manni um hjartaræturnar.

Ísland gaf tóninn með því að skora fyrstu fjögur mörk leiksins. Eftir 14 mínútur var staðan 11-4, Íslendingum í vil, og Kristján Andrésson, þjálfari Svía, sá sig knúinn til að taka sitt annað leikhlé. Sænska liðið, sem spilaði svo vel á HM í fyrra, var í miklum vandræðum á báðum endum vallarins. Íslenska vörnin var gríðarlega öflug og ef Svíarnir komust í gegnum hana beið þeirra Björgvin Páll Gústavsson. Bakarinn úr Kópavogi varði 11 skot í fyrri hálfleik, eða 60% þeirra skota sem hann fékk á sig. Lygileg frammistaða.

Aron Pálmarsson stýrði sóknarleiknum af mikilli festu og Ólafur Guðmundsson valdi rétta tímapunktinn til að eiga sinn besta leik á stórmóti. Hann skoraði fjögur af fyrstu níu mörkum Íslands og endaði með sjö mörk, flest í íslenska liðinu. Hægra megin var Rúnar Kárason heitur og skoraði fjögur mörk í fyrri hálfleik og fimm alls.

Ísland skoraði aðeins eitt mark á síðustu 10 mínútum fyrri hálfleiks en til allrar hamingju gáfu vörnin og Björgvin Páll ekkert eftir. Staðan í hálfleik var 15-8, Íslandi í vil.

Svíar skoruðu fyrstu tvö mörkin í seinni hálfleik en Íslendingar svöruðu með 4-1 kafla og komust 10 mörkum yfir, 21-11.

Í stöðunni 22-12 fór að halla undan fæti og sænska liðið gekk á lagið. Íslenska liðið fór afar illa að ráði sínu manni fleiri og fékk m.a. á sig þrjú mörk í röð í yfirtölu. Svíar skoruðu átta mörk gegn einu og minnkuðu muninn í þrjú mörk. En Janus Daði Smárason átti afar mikilvæga innkomu, skoraði og fiskaði víti sem gaf mark. Strákarnir gerðu nóg til að landa sigrinum sem var tæpari en hann hefði átt að vera. En frammistaðan lengst af var frábær og gefur okkar mönnum byr í seglin fyrir leikinn gegn Króatíu á morgun.

SAGT EFTIR LEIK

### „Stórkostlega ánægður“



„Ég neita því ekki að það var gott að byrja mótið á sigri. Ég er stórkostlega ánægður með drengina,“ sagði landsliðsþjálfarinn Geir Sveinsson glaður í bragði. „Við vorum búnir að leggja mikla vinnu í að skoða Svíana og eyða miklum tíma í þá. Og það er greinilegt að sú vinna skilaði sér.“

SUÐRÆN SVEIFLA



Suðræn sveifla er skemmtileg líkamsrækt fyrir konur á öllum aldri. Námskeiðið byggist upp á mjúkri upphitun, latin dönsum eins og Cha Cha, Jive, Salsa og fl., kviðæfingum og nidra slökun.

Hver tími er 60 mínútur og kennt er tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30 í leikfimissal Hvassaleitisskóla. Námskeiðið er tólf vikur.

Kennari er Birgitta Sveinbjörnsdóttir danskennari.

**Skráning er hafin á námskeiðið sem hefst þriðjudaginn 23. janúar kl. 17.30.**

**Upplýsingar og skráning í síma: 899-8669.**

EHF EURO CROATIA 2018

**A-riðill**

**Ísland - Svíþjóð 26-24**

**Mörk Íslands (Skot):** Ólafur Guðmundsson 7 (14), Arnór Þór Gunnarsson 5/3 (6/3), Rúnar Kárason 5 (9), Guðjón Valur Sigurðsson 5/1 (6/2), Aron Pálmarsson 3 (7), Janus Daði Smárason 1 (2), Arnar Freyr Arnarsson (1), Ásgeir Örn Hallgrímsson (2).

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 15/2 (39/2, 38,5%).

**Mörk Svíþjóðar:** Jim Gottfridsson 6, Simon Jeppsson 4, Mattias Zachrisson 3, Lukas Nilsson 3, Albin Lagergren 2, Jesper Nielsen 2, Jerry Tollbring 2, Niclas Ekberg 1, Johan Jakobsen 1.

**Króatía - Serbía 32-22**

**Stig þjóða:** Króatía 2, Ísland, Svíþjóð 0, Serbía 0.

**B-riðill**

**H.-Rússl. - Austurríki 27-26**
**Frakkland - Noregur 32-31**

**Stig þjóða:** Frakkland 2, Hvíta-Rússland 2, Noregur 0, Austurríki 0.

### TAP Í FYRSTA LEIK HJÁ PATREKI



Lærisveinar Patreks Jóhannessonar í austurríska landsliðinu töpuðu 27-26 fyrir Hvíta-Rússlandi í sínum fyrsta leik í B-riðli á EM í Króatíu. Austurríkismenn voru lengst af í eltingarleik þótt munurinn á liðunum væri aldrei mikill. Strákarnir hans Patreks eiga erfitt verkefni fyrir höndum á morgun þegar þeir mæta heimsmeisturum Frakka. Austurríki mætir svo Noregi í lokaleik sínum í riðlinum á þriðjudaginn.

### HELDUR BIKARÆVINTÝRI NJARÐVÍKINGA ÁFRAM?

Úrslitaleikirnir í Maltbikar karla og kvenna í körfubolta fara fram í Laugardalshöllinni í dag. Klukkan 13.30 mætast KR og Tindastóll í úrslitaleik Maltbikars karla. KR-ingar freista þess að verða bikarmeistarar þriðja árið í röð. Á meðan reyna Stólarnir að vinna fyrsta stóra titilinn í sögu félagsins. Í kvennaflokki mætast grannliðin Keflavík og Njarðvík. Keflvíkingar eiga titil að verja en þeir hafa alls 14 sinnum orðið bikarmeistarar, oftast allra liða. Njarðvíkingar hafa komið mikið á óvart í bikarkeppninni í vetur og slegið þrjú lið úr Domino's-deildinni úr leik. Njarðvík hefur hins vegar ekki unnið deildarleik í vetur. Njarðvík hefur einu sinni orðið bikarmeistari (2012) en þjálfari liðsins þá var Sverrir Þór Sverrisson, núverandi þjálfari Keflavíkur.



### EM-dagskráin

| | | |
|---|---|---|
| **S17.15** | **Serbía - Svíþjóð** | A-riðill |
| **S19.30** | **Ísland - Króatía** | A-riðill |
| **S17.15** | **Austurríki - Frakkl.** | B-riðill |
| **S19.30** | **Noregur - H. Rússl.** | B-riðill |
| **L16.15** | **Þýskaland - Svartfj.** | C-riðill |
| **L18.30** | **Makedón. - Slóvenía** | C-riðill |
| **L17.15** | **Spánn - H.-Rússl.** | D-riðill |
| **L19.30** | **Danmörk - Ungverj.** | D-riðill |




## Fegurðin býr í auga þínu

Þegar þú horfir djúpt í augu einhvers sérðu landslag: sköpunarmátt náttúrunnar í annarri stærðargráðu, sönnun þess hversu óendanlega fagur heimurinn getur verið.

Augun veita heiminum inn í vitund okkar en sjónlag okkar getur verið misjafnt, hvort við erum nærsýn eða fjarsýn ákvarðast af sjónlagi augans. Því er hægt að breyta.

Leiðirnar til bata geta verið margar og þar kemur Sjónlag til sögunnar með fjölbreytta þjónustu margra færustu sérfræðinga landsins.

**Komdu í skoðun og kynntu þér hvernig við getum gert líf þitt betra**

sjónlag

**www.sjonlag.is**

Glæsibær - Álfheimar 74 - 104 Reykjavík - Sími 577 1001

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN



Dróninn kemst á um 100 kílómetra hraða. Drónarnir sem notaðir eru innanhúss eru minni. „Það er ekki eins banvænt. Ef flogið er á einhvern óvænt þá verður það aldrei neitt stórslys,“ segir Helgi. MYNDIR/FÉLAG ÍSLENSKRA KAPPFLUGMANNA



Helgi Rúnar Sævarsson, atvinnu- og kappflugmaður með sinn dróna.



Átta hafa tekið þátt í innimótunum í vetur en fyrsta mót ársins fer fram í dag. Myndin er frá jólamótinu sem einkenndist af hraða og var skemmtilegt á að horfa.

# Dróninn flýgur öðruvísi en flugvél

Félag íslenskra kappflugmanna heldur fyrstu keppni ársins í Víðistaðaskóla í dag. Keppt er með litlum innidrónum sem svífa um sali skólans á ógnarhraða. Flugmaður segir að flugreynslan hjálpi sér lítið.

Maður fær mikla hraðatilfinningu við að stýra dróna. Margir finna fyrir hálfgerði sjóveiki og verður illt í maganum. Það hefur gerst að menn hafa dottið. Sett á sig gleraugun og byrjað að fljúga en það næsta sem þeir vita er að þeir liggja kylliflatir á jörðinni,“ segir Helgi Rúnar Sævarsson, atvinnuflugmaður og kappflugmaður.

Helgi er félagi í Félagi íslenskra kappflugmanna sem heldur sitt fyrsta mót með innidrónum í Víðistaðaskóla í dag. Búnar eru fjórar keppnir innanhúss og verður keppt áfram í skólanum til loka maí. Þá verður komið svo gott veður að hersingin fer út í ferskt loft, og þá með stærri dróna, og setur upp braut og keppir utandyra.

Helgi segir að það kosti um 60 þúsund að verða sér úti um byrjendapakkann. Er þá allt innifalið. Hægt er að kaupa drónana samansetta en Helgi segir að flestir setji þá sjálfir saman.

## Flugtæki

Í FPV kappflugi er notast við litlar fjögurra skrúfa þyrlur sem eru hannaðar til kappflugs og vega um 500-600 grömm. Hámarkshraði er vel yfir 100km/klst.

„Við erum átta sem tökum þátt í þessum innimótum. En það eru fleiri sem stunda þetta og hópurinn er stærri, kannski 30-40. Virkir félagar eru þó færri af einhverjum sökum og besta mætingin er 10 í keppni síðastliðið sumar.“ Það er þó nokkur fjöldi miðað við að íþróttin er mjög ung en hún er gríðarlega vinsæl erlendis.

„Það hefur orðið sprenging í áhuga. Erlendis eru vegleg verðlaun í boði og þetta er að verða mjög útbreidd íþrótt. Við erum rétt að byrja hér.

Til er tölvuforrit sem hægt er að nota til að æfa sig í drónaflugi. Þá er bara flogið í tölvunni. Þegar svo kemur að því að fara út þá er viðkomandi langt kominn með þjálfunina – því þá er hann búinn að hrapa svo oft í tölvunni sinni.“

Helgi Rúnar segir að það hjálpi mikið að geta æft sig án þess að skemma dýra hluti. „Í gamla daga þurfti maður að fara út og prófa og yfirleitt skemmdi maður eitthvað og þá tók tíma að laga það.

Jafnvel yfir veturinn getum við verið í tölvunni að æfa okkur og hamast í þessu. Þetta eykur líka nýliðun því það eru margir til í að koma og vera með í þessu. Í gamla daga voru bara allra hörðustu nördar sem voru í þessu en það er breytt í dag.“

Helgi er atvinnuflugmaður en segir að reynsla sín úr fluginu nýtist lítið. „Dróninn flýgur allt öðruvísi. Það er himinn og haf þarna á milli. Dróninn getur stoppað á staðnum og leikið allar hundakúnstir í loftinu á meðan flugvélin fer eftir hefðbundnara þyngdarlögmáli. Þeir sem eru bestir í þessu sporti eru ekki flugmenn. Ástæða þess að ég er í þessu er að ég hef áhuga á öllu sem flýgur.“

benediktboas@365.is

ÞAÐ HEFUR ORÐIÐ SPRENGING Í ÁHUGA. ERLENDIS ERU VEGLEG VERÐLAUN Í BOÐI OG ÞETTA ER AÐ VERÐA MJÖG ÚTBREIDD ÍÞRÓTT. VIÐ ERUM RÉTT AÐ BYRJA HÉR.



Brautin í Víðistaðaskóla. Innidrónarnir fljúga í gegnum þessi lýsandi hlið á gríðarlegri ferð.



Dróni, sem notaður er utandyra, á fullri ferð í gegnum hlið á móti í sumar.




Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is



Erna Mist er af japönskum uppruna, afi hennar Nobuyasu Yamagata er þekktur myndlistarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Var tólf ára þegar nektarmynd var lekið á netið

**Erna Mist Pétursdóttir** var í sjöunda bekk þegar strákur sem hún var skotin í braut á henni og tók af henni nektarmynd án samþykkis. Myndinni var dreift á milli fólks og endaði hún loks á vefsíðu sem er vettvangur fyrir dreifingu á hrelliklámi. Erna Mist leikur í nýrri mynd um afleiðingar stafræns kynferðisofbeldis og segir ungt fólk og þolendur slíks ofbeldis kúgað, hlutgert og niðurlægt.




Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


Stelpur og strákar verða að söluvarningi og það er býttað með nektarmyndir eins og safnspil," segir Erna Mist Pétursdóttir um þann veruleika sem ungmenni sem verða fyrir stafrænu kynferðisofbeldi búa við.

Erna Mist fer með aðalhlutverk í nýrri leikinni stuttmynd um stafrænt kynferðisofbeldi: Myndin af mér. Mynd sem segir sögur nokkurra unglinga í framhaldsskóla sem hafa kynni af stafrænu kynferðisofbeldi. Erna Mist er sjálf þolandi slíks ofbeldis.

**„Flott myndin af þér!“**

„Ég leik Ylfu sem er nýnemi í menntaskóla og tengi sterkt við efni myndarinnar. Ég var í sjöunda bekk, um tólf ára gömul og skotin í strák. Ég mátti ekki vera úti seint um kvöld og þegar það var ekki hægt að hittast þá var talað saman á Skype. Strákurinn hvatti mig til að sýna á mér brjóstin. Þetta var einhver tískubylgja á þessum tíma, að flassa á Skype. Af einhverjum ástæðum hvarflaði ekki að mér að biðja hann um að fara úr fötunum. Ég held að ég hafi ekki einu sinni áttað mig á því af hverju hann vildi mig úr að ofan. Æi, bara svona eitt af mörgu rugli sem ungu fólki dettur í hug!“ segir Erna Mist.

„Ég vildi hins vegar ekki sýna brjóstin í fyrstu. Var tortrygginn og sagði við hann: Nei, ég vil það ekki, þú tekur örugglega mynd. Hann neitaði því, sagðist alls ekki myndu gera það og hélt höndunum uppi frá lyklaborðinu til að sanna það fyrir mér. Ég fór úr bolnum. Svo var það mánuði síðar að vinur hans kemur upp að mér í Kringlunni og segir við mig: Flott myndin af þér!“

**Myndinni dreift á deilisíðu**

Erna Mist segist á því andartaki hafa vitað um hvað málið snerist. „Hugurinn fór beint í þetta atvik og ég fékk mitt fyrsta kvíðakast. Allt varð skrýtið eftir þetta, ég fékk stöðug kvíðaköst og var mest hrædd um að mamma og pabbi myndu frétta af þessu eða sjá myndina.

Svo kom í ljós að þegar ég var að tala við þennan strák voru vinir hans með. Þeir voru þarna á bak við tölvuna. Þegar strákurinn lyfti upp höndum, þá voru þeir á lyklaborðinu og ýttu á „print screen“,“ segir Erna Mist og segir upplýsingarnar hafa vakið með sér óhug aðallega vegna ótta um að mamma og pabbi myndu frétta af þessu eða sjá myndina.

„Þessari mynd var deilt á meðal vinanna og fór svo á netið á síðu þar sem var fullt af myndum af íslenskum stelpum, Chansluts held ég að hún hafi heitið. Ég talaði aldrei um þetta við neinn, skömmin var hreinlega of mikil. Í nokkur ár kvaldist ég yfir þessu. Ég byrgði þetta inni og var uppfull af skömm og kvíða,“ segir hún.

**#freethenipple byltingin**

Erna Mist opnaði ekki á þessa reynslu fyrr en fimm árum síðar í #freethenipple byltingunni.

„Þá gerðist það að þungu fargi var af mér létt. Ég vissi ekki í fyrstu af hverju það var en svo áttaði ég mig. Ég hafði borið innra með mér þungt og skammarlegt leyndarmál sem var það ekki lengur. Og ég var ekki ein. Mér fannst gott að heyra allar þessar fjölmörgu reynslusögur stelpna og kvenna um hlutgervingu og tilfinningu þeirra um að hafa alla sína ævi þurft að burðast með einhverja fáránlega skömm yfir því að vera með brjóst. Það greiddist bara úr þessari flækju hjá mér í miðri þessari byltingu, eins og hjá svo mörgum,“ segir hún.

**Býttuðu myndum**

Erna Mist segir að það trufli hana hversu algengt stafrænt kynferðisofbeldi er á meðal jafnaldra hennar.

„Margar vinkvenna minna hafa lent í þessu og nokkrir strákar líka. Ég man eftir því að þegar við vorum í grunnskóla var algengt að krakkar væru með möppur í símanum sínum með nektarmyndum af stelpum og strákum. Þessum myndum flettu þeir saman í frímínútum. Myndirnar voru grandskoðaðar og þeim býttað eins og safnkortum. Bara eins og Pokemon-spjöldum eða einhverju slíku. Sumar nektarmyndirnar þóttu verðmætari en aðrar. Einhverjar sjaldgæfar og eftirsóttar. Hinar drasl. Þessi hlutgerving er svakaleg og á því miður þátt í að móta sjálfsmynd ungmenna, og hefur áhrif á bæði stráka og stelpur.

Í dag held ég að mest fari fram á Snapchat þar sem fólk sendir nektarmyndir sín á milli. Allt í góðu með það en svo gerist eitthvað og traustið er brotið með því að setja myndefnið á netið,“ segir hún.

Sex ungir leikarar fara með aðalhlutverkin. Erna Mist segir fleiri leikara myndarinnar hafa kynni af stafrænu kynferðisofbeldi á eigin raun. „Mér finnst ég hafa verið heppin. Enginn sem ég þekkti komst yfir myndina, að mér vitandi. Strákurinn var í öðrum skóla í öðru hverfi og myndinni var dreift mest í kringum hann og vini hans. Ég veit þó að á þessari vefsíðu þóttist einhver eiga fleiri myndir af mér. Fyrir þá sem lenda í því að það er meiðandi myndefni af þeim á þessum síðum er þetta kúgun og niðurlæging. Þeir sem dreifa myndefninu hafa vald yfir fólki. Um það snýst þetta og þess vegna er þetta kynferðisofbeldi,“ segir Erna Mist og minnist nokkurra þolenda frá skólagöngu sinni.

**Beittur fjárkúgunum**

„Það kom inn ný stelpa á unglingastig innan skólans. Strákarnir voru með nektarmynd af henni. Hún lenti strax í einelti út af því, var kúguð með myndinni og varð fyrir stöðugum hótunum. Áhrifin sem ofbeldið hafði á þessa stúlku voru svakaleg. Strákarnir og nokkrar stelpur líka sem tóku þátt í eineltinu höfðu algjört vald yfir henni. Hún varð undirgefin og tók á einhvern skrýtinn hátt þátt í leiknum, hló alltaf með.

Þá kom upp alvarlegt tilfelli í menntaskólanum. Þá var það strákur sem varð fyrir ofbeldinu. Það láku nektarmyndir af honum á netið. Í kjölfarið var hann beittur fjárkúgunum vegna fleiri nektarmynda sem annar strákur var með í sínum fórum. Sá hinn sami hótaði honum að hann myndi birta þær ef hann borgaði honum ekki. Sem betur fer fékk þessi strákur einhverja aðstoð,“ segir Erna Mist og segir í raun alveg sama hversu ofbeldið er alvarlegt. „Það er alltaf flókið og erfitt. Það er alltaf þessi niðurlæging og kúgun sem er til staðar.“

> ÉG VILDI HINS VEGAR EKKI SÝNA BRJÓSTIN Í FYRSTU. VAR TORTRYGGIN OG SAGÐI VIÐ HANN: NEI, ÉG VIL ÞAÐ EKKI, ÞÚ TEKUR ÖRUGGLEGA MYND. HANN NEITAÐI ÞVÍ, SAGÐIST ALLS EKKI MYNDU GERA ÞAÐ OG HÉLT HÖNDUNUM UPPI FRÁ LYKLABORÐINU TIL AÐ SANNA ÞAÐ FYRIR MÉR. ÉG FÓR ÚR BOLNUM.

### Símaskjárinn og sjálfsmyndin

En hver er leiðin að hennar mati? Er hægt að vinna bug á þessum alvarlega vanda?

„Í myndinni er lögð mikil áhersla á að fræða. Kynna vandamálið til sögunnar og varpa ljósi á það. En ekki að skamma og predika. Ég held að einhver hluti lausnarinnar felist í opinskárri umræðu og fræðslu og því að skila skömminni. Gera út af við hana. Auðvitað er þetta ömurlegt ástand sem þarf að tækla en það er ekki vonlaust að takast á við það. Fyrst og fremst þarf að horfast í augu við þennan veruleika ungs fólks.

Í myndinni fylgjumst við með sex einstaklingum sem tengjast innbyrðis. Þetta eru ólíkir einstaklingar og við fylgjumst með þeim í þeirra hversdegi. Í skólanum, partíi og heima hjá sér. Og við fylgjumst líka með samskiptum þeirra í símanum og á samfélagsmiðlum. Það sem gerist á símaskjánum er stór hluti af lífi ungs fólks og sjálfsmynd þess. Auðvitað ætti það ekki að vera þannig. En það er það.“

Myndin verður sýnd í fjórum hlutum dagana 16. til 19. janúar á Facebook-síðu Vodafone. Höfundar myndarinnar eru Þórdís Elva Þorvaldsdóttir og Brynhildur Björnsdóttir. Þær gerðu áður fræðslumyndirnar Fáðu já og Stattu með þér.

### Af japönskum ættum

Þrátt fyrir ungan aldur er Erna Mist einbeittur listamaður. Hún skrifaði undir sinn fyrsta bókasamning sextán ára gömul og gaf ári seinna út teiknimyndabókina Fáfræði.

Á námsárum sínum í Menntaskólanum við Hamrahlíð keppti hún tvisvar í Söngvakeppni Sjónvarpsins, hélt þrjár einkasýningar á málverkum og á síðasta ári sínu í skólanum skrifaði hún leikritið Korter yfir þrjú sem hún færði á fjalir Nýja sviðsins í Borgarleikhúsinu í tengslum við verkefnið Ungleik. Nú hefur leiklistin fangað hana. „Ég hef þrætt mig í gegnum flest listform. Leikhúsið er ákveðin endastöð og byrjunarstöð þar sem leikhúsið inniheldur þau öll. Leiklistin ýtir jafnframt undir þau öll og því stefni ég á leiklistarnám.“

Hún er af japönskum ættum. Afi hennar, Nobuyasu Yamagata myndlistarmaður, flutti hingað til lands frá Okinawa-eyjum fyrir meira en aldarfjórðungi.

„Hann vill lítið tala um það af hverju hann ákvað að flytja hingað. Það tengist skelfilegu hlutskipti íbúa Okinawa í seinni heimsstyrjöldinni og eftir hana,“ segir Erna Mist. Okinawa er eyja og meðal minnstu og fátækustu héraða Japanshafs. Erna Mist vísar í hrikalegt mannfall sem varð á eyjunum í seinni heimsstyrjöldinni og hernám eyjanna. Lífskjör íbúa á eyjunum voru erfið og hafa verið erfið síðan.

„Afi tekur myndlist alvarlega og var duglegur að ota að mér skissupappír og litum,“ segir Erna Mist. „Myndlistaráhuginn er ríkur í fjölskyldunni. Pabbi, Pétur Yamagata, er teiknari og teiknar myndasögur. Ég geri bæði, mála og teikna sögur,“ segir Erna Mist. Móðir hennar, Guðbjörg Magnúsdóttir, starfar sem fjármálastjóri og Erna Mist segist hljóta að hafa dugnaðinn frá henni. „Ég veit ekki hvað drífur mig áfram, kannski ótti við að deyja. Rík þörf fyrir að upplifa. Ég vil prófa allt sem er í boði.“

Erna Mist er forvitin um uppruna afa síns. „Ég hef ekki komið til Japans ennþá en stefni á að fara þangað. Ég er heilluð af einu atriði sem tengist uppruna mínum. Á Okinawa, í einu einasta stöðuvatni, er að finna lífveru sem kallast kúluskítur, lífvera sem er eins og mjúk mosakúla. Þessi lífvera finnst aðeins á einum öðrum stað í heiminum. Hér á Íslandi, í Mývatni. Þessi staðreynd finnst mér alveg hreint mögnuð. Ég myndi fá mér einn kúluskít til að eiga ef þeir væru ekki alfriðaðir. Þessi staðreynd gerir það að verkum að ég trúi því ekki að allt sé tilviljunum háð. Einhverjir töfrar eru til, er það ekki?“



Erna lenti sjálf í því tólf ára að nektarmynd af henni fór í dreifingu. Hér er hún í hlutverki Ylfu.

MYNDIN AF MÉR ER EFTIR ÞÓRDÍSI ELVU ÞORVALDSDÓTTUR OG BRYNHILDI BJÖRNSDÓTTUR. ÞÆR GERÐU ÁÐUR MYNDIRNAR FÁÐU JÁ OG STATTU MEÐ ÞÉR, UM KYNLÍF OG KYNFERÐISOFBELDI.


# Fjárhæðir og breytingar á lífeyrisgreiðslum 2018

## Fjárhæðir greiðslna hækka almennt um 4,7%

Ellilífeyrir:

- Almennt frítekjumark gagnvart tekjum er 25.000 kr. á mánuði.
- Sérstakt frítekjumark gagnvart atvinnutekjum verður 100.000 kr. á mánuði.
- Heimilisuppbót verður að hámarki 60.516 kr. á mánuði.
- Ellilífeyrir verður að hámarki 239.484 kr. á mánuði hjá þeim sem búa ekki einir.
- Ellilífeyrir verður að hámarki 300.000 kr. á mánuði hjá þeim sem búa einir og uppfylla skilyrði til greiðslu heimilisuppbótar.
- Hægt er að fara á hálfan lífeyri frá TR á móti hálfum lífeyri frá lífeyrissjóðum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Örorkulífeyrir og endurhæfingarlífeyrir:

- Frítekjumark gagnvart tekjutryggingu og heimilisuppbót er:
  - Atvinnutekjur – 109.600 kr. á mánuði.
  - Lífeyrissjóðstekjur – 27.400 kr. á mánuði.
  - Fjármagnstekjur – 98.640 kr. á ári.
- Lágmarksframfærslutrygging verður:
  - 300.000 kr. á mánuði hjá þeim sem búa einir og uppfylla skilyrði til greiðslu heimilisuppbótar.
  - 238.594 kr. á mánuði hjá þeim sem búa ekki einir.
- Heimilisuppbót verður að hámarki 48.564 kr. á mánuði.

Almennt:

- Greiðslur eru reiknaðar út frá tekjum í tekjuáætlunum sem lífeyrisþegar bera ábyrgð á að leiðrétta ef þörf er á.
- Hægt er að skoða og breyta tekjuáætlun á mínum síðum á tr.is.
- Greiðslur eru endurreiknaðar árlega á grundvelli skattframtals þegar það liggur fyrir.

TR

Nánar á:
tr.is/tryggingastofnun/fjarhaedir-og-gjaldskrar

Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is




Bjarni Frímann segir að umhverfi tónlistarinnar sé honum ofarlega í huga þessa dagana þar sem egóið er að orðið of fyrirferðamikið að hans mati. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eigum að leitast við að finna innsta kjarna

**Bjarni Frímann Bjarnason** hljómsveitarstjóri og nýráðinn tónlistarstjóri Íslensku óperunnar hefur forvitnilegar skoðanir á tónlistinni og öllu menningarlífinu sem henni fylgir.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það er margt sem ég segist alltaf hafa ætlað að verða og flugmaður var eitt af því. Ég var aðeins að læra það en svo varð það aldrei en ég hef enn þá áhuga á flugi. Ég hef svo gaman af vélum, hef einhverja nostalgíu fyrir svona gamaldags véladrasli sem þarf að sinna eins og það sé fjölskyldumeðlimur,“ segir Bjarni Frímann Bjarnason og glottir út í annað. Bjarni Frímann er nýráðinn tónlistarstjóri Íslensku óperunnar þrátt fyrir að vera aðeins 28 ára gamall sem telst vera afar ungt fyrir slíka stöðu.

## Dýpstu hjartarætur

Ummælin um flugáhugann eru tilkomin vegna þess að Bjarni Frímann valdi kaffiteríu flugstöðvarinnar í Reykjavík sem alþýðlegan stað til þess að hitta blaðamann í spjalli um tónlistina sem varð ofan á í lífi hans og er þar fyrirferðarmikil. Bjarni Frímann segist þó ekkert vita hvaðan þessi ástríða fyrir tónlistinni er sprottin, hvort hún er meðfædd eða áunnin. „Það eina sem ég veit er að það er í mér þrá eftir þessum hreina tóni, hvort sem það er í tónlistinni eða lífinu með öðrum manneskjum. Upp á síðkastið hef ég reyndar villst dálítið af leið, það er auðvelt að láta glepjast í dag þegar manni er alls staðar talin trú um að listsköpun eigi að snúast um eitthvað annað, en það er bara ekki til betri leið til þess að lýsa aðkomu minni að tónlist en sem leitinni að þessum hreina tóni.“ Bjarni þagnar og horfir einlægur á blaðamann og bætir við: „Og nú bið ég þig um að vera ekki með fyrirsögnina: Í leit að hinum hreina tóni,“ og getur svo ekki annað en farið að hlæja. „En eins mikil klisja og þetta er þá er hún sönn. Það er þessi hreini tónn sem getur opnað hvaða hjarta sem er. Tónn sem sprettur við dýpstu hjartarætur.“

Bjarni segist hallast að því að hinn hreini tónn sé fyrst og fremst skrifaður fremur en leikinn. „Það besta sem túlkandinn getur svo gert er að hindra hann ekki. Hleypa honum fram og til þess þarf að skilja eitthvert egó til hliðar, það er það sem þetta snýst soldið mikið um. En eins og umhverfi tónlistarinnar er í samfélaginu þá er ekki mikið rými fyrir þessa leit. Það er svo mikil áhersla á: Hvað ætlar þú að segja? Af hverju eigum við að kaupa þig? Það eru allir að selja sig en það er samt erfitt að festa hönd á þessu þótt þetta sé mér ofarlega í huga þessa dagana.“

## Málað á striga

Bjarni Frímann ítrekar að hlutverk flytjandans sé að ljá einhverjum rödd. „Þessi rödd er það sem þú kannt, getur og ert en þú mátt ekki lita verkið of mikið. Fólk hljómar auðvitað misjafnlega en það sem er að gerast er að egóið er að verða of fyrirferðarmikið. Fólk er hætt að kunna að hlusta á tónverkið heldur er alltaf að hlusta á flutninginn. Kannski er þetta afleiðing af því að við erum alltaf að spila eitthvað eftir dautt fólk og svo erum við að bera saman. Alltaf að bera saman flutninginn. Þetta er eins og við séum að safna Pokémon-spjöldum þar sem við söfnum því hver hefur heyrt hvað, með hverjum og hvar. Þetta er svona félagslegt kapphlaup sem er orðið of fyrirferðarmikið.“

*Er þetta snobb?* „Nei, ég held ekki. Vandinn er frekar að það er of mikið um það í klassískri tónlist að tónverkin eru orðin að striga sem er málað á aftur og aftur. Slíkt á sér eðlilega takmörk. Listin þarf á endurnýjun að halda alveg óháð því hversu góð hún er. Það breytir því ekki að umfjöllunarefni listarinnar eru alltaf þau sömu. Manneskjan er að reyna að átta sig á sjálfri sér, tengslum sínum við aðra og sambandi sínu við umhverfið og höfuðskepnurnar. Það er ekkert nýtt sagt heldur aðeins hvernig hlutirnir eru sagðir og eftir því sem samfélagið breytist er þörf fyrir nýjar leiðir til þess að tala um hlutina.“

Mér finnst klassíska tónlistin hafa fest í því fari að gleyma því hvað er verið að segja. Hætt að leita að þessum hreina tóni og því hverju hann vill okkur. Farin að snúast um það hvernig hlutirnir eru túlkaðir, hvernig Jón ætlar að gera þetta öðruvísi en Gunna. Þess vegna finnst mér allt þetta tal og kapp um að fólk sé að meika það í músíkinni vera algerlega í öskrandi mótsögn við tilganginn – við kjarnann sem ég trúi að allir finni fyrir. En svo er auðvitað gott að geta haldið einhverju jafnvægi. Að undanförnu hef ég horft með aðdáun til Víkings Heiðars sem virðist gæta að fullkomnu jafnvægi þarna á milli.“

## Menningarleg stéttaskipting

Aðspurður um hvernig tónlistarfólki takist að ná til fólks með klassíska tónlist þá segir Bjarni Frímann að það sé ágætt að skoða hvernig Harpa hefur þróast síðustu ár og að þar hafi strax verið hópur sem komst upp á lag með að mæta en svo hafi aðrir veigrað sér við því. „Ég held að það að opna húsið meira og vera með tribute-tónleika og Jóla-Bó hafi gert mörgum þetta léttara. Ég er á því að það hjálpi að nota húsið svona breitt. Sumir bölvast út í að það sé of mikil afþreyingarstemning þar inni en mér finnst það ekki. Mér finnst frábært að fá fleira fólk inn í húsið og hafa þar líka hluti sem höfða til stærri hóps vegna þess að þegar fólk er orðið handgengið húsinu þá er það líklegra til að koma oftar og þar á meðal á klassíska tónleika. Þetta hús er byggt fyrir þjóðina. Allt sem veitir fleirum hlutdeild í Hörpu er af hinu góða.“

**MÉR FINNST AÐ VIÐ MÆTTUM GERA MEIRA AF ÞVÍ AÐ LÍTA TIL SMÁBÆJA OG AÐ VIÐ GETUM EKKI ALLTAF VERIÐ AÐ MÁTA OKKUR VIÐ LONDON.**

Bjarni Frímann bendir á að hið sama megi í raun segja um menningarlífið í heild sinni. Að við sem þjóð þurfum að leitast við að finna meira jafnvægi og sníða okkur stakk eftir vexti. „Við eigum til að vilja hafa stakkinn nokkuð rúman því við erum stórhuga en það gengur samt ekki að vera í vitlausri flík. Mér finnst að við mættum gera meira af því að líta til smábæja og að við getum ekki alltaf verið að máta okkur við London, París, Róm og New York. Það er algjörlega óraunhæft og ef við erum að spenna okkur svona þá verða einfaldlega til svo miklar eyður annars staðar þar sem þörfin er samt raunverulegri í menningarstarfsemi. Í framhaldinu verður til einhver menningarleg stéttaskipting ef sumu er sinnt en öðru ekki.“

## Ekkert vit

Bjarna Frímanni er mikið niðri fyrir þegar staða tónlistar og menningar er annars vegar og hún angrar hann greinilega, þessi skipting á milli há- og lágmenningar. Hann segir að við séum slæm með það þegar við ákveðum að fara að sinna því sem við köllum kannski lágmenningu að gera það á röngum forsendum. „Þegar við ætlum að gæta þess að peningarnir séu ekki allir í þessu dýra, flotta, snobbaða og hámenningarlega og fara að dreifa víðar þá er t.d. búin til geggjuð ljósmyndabók með myndum af fátæklingum og það er fyrir þennan hóp en allt á forsendum hámenningar. Þetta gerist alltaf en það er ekkert illur hugur í þessu, við bara grípum til þess sem við kunnum. Svo er bara svo auð- →

# FRUMSÝNING Í DAG!
## NÝR CITROËN C3 AIRCROSS SUV

CITROËN

# ESS JÚ VÍÍÍÍ!!




## SPORTJEPPI FRAMTÍÐARINNAR FRÁ CITROËN ER KOMINN!

**Meira pláss, meiri möguleikar**

Mikil veghæð
Há sætisstaða
Hljóðlátur
Rúmgóður
Risastórt farangursrými
Framhjóladrif með Grip Control spólvörn
Undurþýð sjálfskipting
7"snertiskjár

FRÁ
**2.990.000 KR.**

**Frumsýning í dag! Kröftugur Citroën C3 Aircross SUV** – Nýr sportjeppi frá Citroën. Með mikilli veghæð, Grip Control spólvörninni á framhjóladrifinu og brekkuaðstoðinni kemstu hvert á land sem er. Þú situr hátt og hefur góða sýn fram á veginn í Citroën C3 Aircross SUV. Hann er rúmgóður með breiðum og þægilegum sætum, hár til lofts og með ótrúlega góðu fótaplássi. Farangursrými bílsins er það stærsta í þessum flokki bíla eða 410 lítrar og að auki eru aftursætin á sleða svo auðvelt er að stækka farangursýmið í 510 lítra.

citroen.is

**Komdu á frumsýninguna í dag! Popp & Kók fyrir alla!**

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

#PL #enski365

Premier League

Laugardagur 13. janúar

Chelsea 14:50 Leicester #CHELEI

Tottenham 17:20 Everton #TOTEVE

Sunnudagur 14. janúar

Bournemouth 13:20 Arsenal #BOUARS

Liverpool 15:50 Man. City #LIVMCI

MESSAN 18:00 Uppgjör helgarinnar með Gumma Ben og Rikka G. #MESSAN

SPORT
365.is | 1817

KAUPTU STAKAN LEIK: Síminn

Domino's Coca-Cola ICELANDAIR



Bjarni Frímann segir að við þurfum að leita lausna og láta tónlistarlífið halda áfram að þroskast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

➡ velt að segja að sumir vilji bara hlusta á Land og syni og bla, bla, bla og auðvitað vilja sumir bara hlusta á Land og syni en það þarf að leyfa því að vera líka menning. Um það þarf ekki að ríkja þessi togstreita og við eigum ekki að temja okkur að líta upp til eins og niður til annars.“

Bjarni Frímann staldrar við og minnir svo á að hann hafi kannski enga þekkingu á þessu. „Ég er kannski að tala af einhverjum hroka en ég vil frekar sjá tónleika sem eðlilegt fólk getur hugsað sér að sjá. Meira af svoleiðis, takk. Svo má kannski spyrja sig hvort það sé þörf fyrir að flytja inn þrjár eða fjórar útlenskar spútnikhljómsveitir sem bæta litlu við? Er það þess virði? Þeir sem eru með þetta innan síns áhugasviðs og búa yfir færni til þess að heyra muninn eru búnir sjá þetta í útlöndum. Þetta snýst of mikið um það hvaða nöfn eru að koma. Við erum komin með svo hæft fólk hérna til þess að spila verkin sem við þurftum áður að fá aðra til þess að flytja fyrir okkur. Fullt af hæfu fólki sem bara situr heima hjá sér. Þú þarft að sitja í gegnum margar áskriftarraðir og hlusta þig í gegnum margar plötubúðir til þess að ná færni til þess að heyra af hverju Gunna er betri en Jón. Þessi píanistinn betri en hinn. Munurinn er svo lítill.“

*En sérðu þá fyrir þér að við séum að leggja meiri áherslu á það fólk sem við eigum?* „Já, algjörlega, og leitast við að spila fyrir nýja áhorfendur. Ég er þó hræddur um að það þurfi eitthvað að breytast í sjálfsáliti þessarar þjóðar til þess að það verði breytingar á. Sjálfur hef ég svo sem engar konkret lausnir í málinu en við þurfum að sameinast um að leita að lausnum og leitast við að láta tónlistarlífið halda áfram að þroskast og dafna og það fyrir sem flesta.“

**ÞAÐ ER MÍN SKOÐUN AÐ EF ÍSLENDINGUR ÆTLAR AÐ SYNGJA FYRIR ÍSLENDINGA, ÞÁ SÉ BEST AÐ GERA ÞAÐ Á ÍSLENSKU.**

### Bjagaður kvarði

Þegar talið berst að Bjarna Frímanni sjálfum sem skapandi listamanni segir hann að þar séum við komnir inn á viðkvæmt svæði. „Í þeim hlutverkum sem ég hef verið í undanfarið við að túlka tónverk upplifi ég mig sem þjón listarinnar. Ég hef ekki mikinn sviðsskrekk eða efast um túlkunina en í einu skiptin sem ég fæ sviðsskrekk er þegar ég er að spila tónverk sem mér finnst ekki nógu góð. Ekki það að maður skammist sín fyrir hönd tónskáldsins eða eitthvað slíkt heldur er bara asnalegt að standa fyrir framan hóp af fólki og finnast tónverkið ekki hafa neitt fram að færa.

Ég legg mikla áherslu á þetta en svo eru auðvitað margir túlkendur sem eru sannir listamenn og ég vil ekki vera að troða á þeim. Mig langar til þess að sinna því að búa til tónlist en það er skref sem mér finnst erfitt að taka og er búinn að ýta því á undan mér í mörg ár.

*Við hvað ertu hræddur? Hvað öðrum finnst?* „Já, eflaust. Málið er að það er svo mikið til af góðri tónlist sem er bæði vel samin og kemur frá einhverjum hreinum stað, þá hættir manni til að dæma soldið hart það sem er ekki alveg jafn gott, þó að það sé gott líka. Kvarðinn er orðinn svo bjagaður.“

### Þörfin fyrir einlægni

Bjarni Frímann segir að þetta skjóti ákaflega skökku við, ekki síst í óperu og leikhúsi þar sem er alltaf verið að leitast við að skapa ákveðinn raunveruleika og að því sé þörfin fyrir einlægni jafnvel enn meiri. „Þetta er allt bara í þykjó – þú ert að látast og leika. Og fólk skrifar undir ákveðinn sáttmála þegar það fer í leikhús þar sem það samþykkir að láta næstu tímana eins og þetta sé allt raunverulegt. Að þessi leikari sé Pétur Gautur eða söngvari Don Juan. Þetta er eins og með blekkinguna með jólasveininn, maður veit betur en kaupir samt blekkinguna, en það er líka forsenda þess að það sé hægt að segja og gera hluti sem gengur ekki að segja í veruleikanum.

Þetta er alveg eins með tónlistina. Þess vegna finnst mér stundum vera byrjað á röngum enda eins og til að mynda í óperunni þegar það er verið að reyna að gera allt raunverulegt á sviðinu en svo áttu ekki að skilja stakt orð af því sem er sagt þar sem allt er sungið á ítölsku eða þýsku. Það er mín skoðun að ef Íslendingur ætlar að syngja fyrir Íslendinga, þá sé best að gera það á íslensku. Vera einlæg og óttalaus við það sem einhverjum kann að finnast hallærislegt. Ég held að þetta sé einhver feimni. Það er svo miklu auðveldara að segja: I love you heldur en ég elska þig. Þar er einlægnin og þar af leiðandi særanleikinn svo miklu meiri. Við eigum að leitast við að finna innsta kjarna þess sem við erum að takast á við hverju sinni en ekki yfirborð. Það er kjarni listarinnar.“

Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 13. JANÚAR 2018

# Óþolandi jákvæður stuðbolti

Ég og þú og allir vinir mínir. Ég og þú og allir vinir þínir. Gera lífið svo miklum mun skemmtilegra, segir stuðboltinn Sverrir Bergmann sem syngur fyrstu stuðbombu nýársins.



„Það gleður mig að lagið komi landanum í stuð og ég vona að fólk sé að fara að skemmta sér um helgina með vinum sínum,“ segir Sverrir. MYND/VILHELM



**Fjögurra manna fjölskyldu fannst tíminn farinn að æða áfram á óhóflegum hraða og dreif sig í heimsreisu. Nú njóta þau samverunnar og frelsisins og upplifa eitthvað nýtt á hverjum degi.**

→6



ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
20-70% AFSL.
AF ÖLLUM VÖRUM

habitat | TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |
OPIÐ MÁN-FÖS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Framhald af forsíðu ➜

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is

Ég er alla jafnan mjög hress. Mitt viðhorf til lífsins er að vera góður við aðra, gera sitt vel og skemmta sér. Það er miklu meira gaman ef allir eru saman og hjálpa hver öðrum. Sumir segja mig reyndar óþolandi jákvæðan en ég er á því að maður eigi að bæta í brosið frekar en að rífa allt niður,“ segir stuðboltinn, söngvarinn og háskólaneminn Sverrir Bergmann.

Sverrir syngur heitasta stuðlag nýársins, Ég ætla að skemmta mér, með hljómsveit sinni Albatross. Lagið kom út á milli jóla og nýárs og hefur stimplað sig rækilega í hlustir landsmanna sem dilla sér og syngja með um borg og bæ.

„Okkur langaði að semja grípandi stuðlag og þetta er diskóskotinn smellur sem hefur verið vinsæl bylgja ytra en enginn hafði hoppað á hér heima,“ segir Sverrir sem gæti átt það til að syngja lagið í einkasamkvæmi í Keflavík í kvöld, en um aðra helgi flytur Albatross lagið „live“ í fyrsta sinn á þorrablóti Stjörnunnar í Garðabæ.


„Ég er mest beðinn um þjóðhátíðarlögin og Án þín úr söngvakeppninni. Ég verð auðvitað alltaf við því enda er ég miklu frekar skemmtikraftur en söngvari,“ segir Sverrir. MYND/VILHELM

Lagið er eftir Halldór Gunnar Pálsson, aðallagahöfund Albatross, en textann gerðu strákarnir saman.

„Textinn er uppfullur af óborganlegum frösum félaga okkar og búbbólínum frá Guðbjarti Jónssyni frá Flateyri sem hefur meðal annars sagt: „Ég sá svo sæta stelpu að ég fór alveg framhjá mér,“ og „Ég fer niðrí bæ til að sjá mig og sjá aðra.“ Einhvern tímann var svo ófært á ball fyrir vestan og þá gleymist seint þegar einn sagði: „Komiði, strákar! Þetta er ekki lengi gengið af mörgum mönnum,““ segir Sverrir og skellir upp úr, enda nóg af gleðinnar mannskap í kringum hann með frasana á hreinu.

„Einn er alltaf mættur í citydressinu þegar hann er kominn í sparigallann og sá sami segist hafa verið gassalegur tvítugur, eins og segir í laginu. Við fórum í orðabók til að athuga hvort til væri íslenska orðið gassalegur, með tveimur essum, og þá kom upp úr dúrnum að það þýðir ofsakátur, sem smellpassar auðvitað!“

## Flottir kallar í spunadansi

Sverrir er oftast kallaður Svessi en Big Swess í myndbandinu við stuðlag þjóðarinnar nú.

„Jú, það er eitt af mörgum gælunöfnum mínum en á milli vina á ég mér fleiri gælunöfn sem ekki eru prenthæf,“ segir Sverrir sposkur en hann er heldur betur á dansskónum í myndbandinu, ásamt fleiri dansfærum körlum.

„Rauði þráðurinn í laginu er gæi sem ætlar að skemmta sér en er með danskortið galtómt. Hann býður dömu upp í dans og þar eru einmitt „ég og þú, og allir vinir mínir, ég og þú, og allir vinir þínir, sem ætla að skemmta sér“,“ útskýrir Sverrir.

„Við hóuðum saman nokkrum skemmtilegum gæjum sem við vissum að væru til í stuð og hægt væri að fá til að hreyfa sig án þess að það kostaði vesen. Þetta eru þó ekki mennirnir á bak við frasana heldur flottir kallar sem spunnu sín eigin danspor á staðnum en sjálfur bjó ég til lokadanssporið í restina.“

## Nördið og töffarinn

Sverrir hefur tónlist nú að aðalstarfi en lýkur námi í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst í árslok.

„Ég hafði svo mikinn tíma aflögu á virkum dögum eftir að ég ákvað að gerast poppari að mér þótti sniðugt að nota hann til að næla mér í meiri menntun. Ég hef alltaf haft gaman af tölum og prófaði að fara í stærðfræði í Háskólanum um árið en það átti ekki jafn vel við mig og viðskiptafræðin sem hentar mér mjög vel. Sérstaklega töluáfangar þar sem Excel og fleiri góðir félagar koma við sögu,“ segir Sverrir sem dúxaði í stærðfræði bæði í grunnskóla og framhaldsskóla.

„Það er mikið hark og maður þarf að spila ansi mikið til að afla sér vænna launa í tónlistarbransanum. Því langar mig að spreyta mig sem viðskiptafræðingur þegar ég hef lokið námi.“

Sverrir er fæddur og uppalinn á Sauðárkróki þar sem hann tók þátt í Söngvakeppni framhaldsskólanna fyrir hönd Framhaldsskóla Norðurlands vestra árið 2000 og sigraði með laginu Án þín.

„Ég var nú eitthvað byrjaður að söngla áður en ég tók þátt í söngvakeppninni en þó ekki meira en hver annar sísyngjandi Skagfirðingur,“ segir Sverrir sem kom sigurinn á óvart. „Ég hafði alls ekki ætlað mér að taka þátt í þessari keppni því ég hafði reynt við það án árangurs á fyrsta árinu. Svo þegar Auddi vinur minn hafði samið þennan svaka fína texta við lag Bon Jovi kunni ég ekki við annað en að taka þátt. Annað hefði verið dónaskapur.“

Þeir Auddi, eða Auðunn Blöndal útvarpsmaður og skemmtikraftur, eru æskuvinir.

„Við Auddi vorum saman í bekk. Hann sat aftast og ég fremst en við náðum saman fyrir rest, nördið og töffarinn,“ segir hann og hlær. „Við höfum síðan fylgst að í gegnum lífið og erum miklir vinir. Ég er vinamargur, mjög heppinn með vini og mitt helsta ríkidæmi í lífinu eru vinirnir sem ég hef hitt á lífsins leið,“ segir Sverrir sem mundi þó aldrei kalla neinn vina sinna bestan því þeir standi honum allir jafnfætis. „Góður vinur er sá sem maður hefur jafnvel ekki hitt í áratug en það skiptir engu því hann stendur með þér hvort sem er. Sjálfur held ég að ég sé góður vinur vina minna, almennilegur og notalegur.“

## Ræða hjartans mál í tölvuleik

Eftir sextán ár sem annar tveggja þáttarstjórnenda tölvuleikjaþáttarins Game Tíví hefur Sverrir sagt skilið við þáttinn í bili.

„En ég er enn sami tölvuleikjanördinn. Við erum nokkrir fullorðnir menn sem spilum saman með hver annan í eyrunum, sem er mögnuð upplifun. Ég hef aldrei verið í eins miklum tengslum við vini mína og eftir að við gátum spilað saman á þennan hátt, fjarri hver öðrum en þó saman allan tímann. Á meðan spilað er ræðum við öll okkar hjartans mál en kannski fimm prósent af tímanum um sjálfan leikinn,“ segir Sverrir um jákvæða þróun tölvuleikja.

„Með þessu móti hafa tölvuleikir orðið félagslega jákvæðir fyrir börn og ungmenni sem eiga kannski erfitt með að eignast vini eða tjá sig. Þarna geta þau orðið félagslega sterkari þrátt fyrir að vera ein heima, því þau eru með vinina í eyrunum, allt er óþvingað og allir eru í góðum fíling því það er svo gaman að leika sér saman. Inn á milli er þó vitaskuld gott að hittast til að spila saman og það gerum við félagarnir líka,“ segir Sverrir sem um þessar mundir er mest heillaður af tölvuleiknum Hearthstone.

## Nýtur þess að skemmta fólki

Hljómsveitin Albatross kom fyrst fram á Þjóðhátíð í Eyjum árið 2016 þegar hún frumflutti Þjóðhátíðarlagið Ástin á sér stað, með Friðriki Dór. Lagið er eftir Halldór Gunnar sem samdi líka Þjóðhátíðarlagið Þar sem hjartað slær árið 2012.

„Albatross hefur að markmiði að skemmta fólki því þannig á það að vera. Að hafa gaman af lífinu,“ segir Sverrir sem fer sjálfur lítið út að skemmta sér.

„Sem skemmtikraftur er ég alltaf að skemmta öðrum. Ég elska það og fæ ekki nóg af því, er mikið dansfífl og oftast búinn á því kófsveittur eftir ball.“

Um helgar sefur Sverrir sem lengst út og reynir að vakna ekki fyrir hádegi svo hann hafi krafta í næturvinnuna.

„Oftast nær skemmti ég frá klukkan tíu á kvöldin og stundum fram til fjögur, fimm á morgnana. Þá er gott að hafa sofið vel því maður þarf að standa sína vakt og vera í stuði á sviðinu, sama hvað. Mér finnst það alltaf jafn gaman og er alltaf í banastuði því mér finnst svo gaman að dansa.“

## Á virku dagana með ástinni

Sverrir býr með unnustu sinni Línu Birgittu Sigurðardóttur lífsstílsbloggara og hafa þau verið saman í þrjú ár.

„Okkar fyrstu kynni voru gamaldags og hefðbundin. Við hittumst og fórum út að borða og hún bauð mér, sem var voðalega skemmtilegt. Línu Birgittu þykir vissulega leiðinlegt hvað ég er mikið að heiman um helgar og helsti gallinn við að spila mikið er að maður missir af samveru og viðburðum í lífi manns nánustu. Líf popparans er ekki hefðbundið og helgarnar detta oft alveg út hjá okkur, en við höfum virku dagana saman og erum þá lausari við.“

Um þessa helgi ætlar Sverrir að panta sér pitsu, sinn uppáhaldshelgarmat.

„Ég elska pitsur og er líka mikill ostapoppsmaður. Ég er samt hræðilegur í eldhúsinu og hef ekki enn fundið gleðina í að elda mat. Að panta pitsurnar sparar því bæði tíma og fyrirhöfn,“ segir hann brosmildur.

Sverrir tók þátt í undankeppni Eurovision hér heima með laginu Dönsum burtu blús árið 2014, en hugnast sú keppni ekki.

„Ég hef síðan oft verið beðinn um að endurtaka leikinn með góðum lögum en mig langar ekki til þess. Mér finnst hugmyndin að keppa um lag svo skrýtin og svo tekur við aftaka ef maður kemst ekki áfram. Ég er búinn að sigra í söngvakeppni,“ segir hann og hlær.



Hyprosan augndropar innihalda hypromellósa og eru ætlaðir til meðferðar við augnþurrki, þ.m.t. glæru- og tárusiggi (keratoconjunctivitis sicca), hjá fullorðnum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðil fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og auakverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.sérlyfjaskrá.is. Nóvember 2017.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@365.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@365.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@365.is, s. 512 5095,

# Ofnæmi, meltingartruflanir, sveppasýkingar og sykurát

Bio-Kult Candéa er blanda af góðgerlum, hvítlauk og Grape Seed Extract sem hefur góð áhrif á meltinguna og hjálpar til við að draga úr áhrifum og vexti Candida-svepps. Bio-Kult er góð lausn.

Candida albicans er svokallaður tækifærissveppur (sem er ákveðið form af geri) og er hann í litlum mæli í munni og þörmum til að aðstoða við meltingu. Hann er í raun eðlilegur hluti af hópi þeirra örvera sem lifa í meltingarveginum en ef þessi sveppur fær að vaxa óhindrað veldur hann fjölda óæskilegra einkenna eins og t.d. þreytu, liðverkjum, loftmyndun, þyngdaraukningu og löngun í sykruð matvæli og drykki eykst.

### Meltingartruflanir, sveppasýkingar eða þunglyndi?

Afar mikilvægt er að þarmaflóran okkar sé heilbrigð og í jafnvægi en það er stundum hægara sagt en gert því það er svo margt í nútímasamfélaginu sem hefur áhrif þar á og kemur á ójafnvægi í þörmunum. Þar ber helst að nefna sýklalyf, óreglulegan svefn, streitu, mikla kaffi- og áfengisneyslu og sjálfsögðu neyslu sykurs og einfaldra kolvetna. Ef það verður ójafnvægi á þarmaflórunni og það dregur úr vexti heilbrigðra baktería myndast kjöraðstæður fyrir þær óæskilegu og er Candida-sveppurinn þá ofarlega á blaði. Ef hann fer að vaxa óhindrað veldur hann oft miklum usla og einkennin leyna sér ekki. Það getur t.d. verið:

Meltingartruflanir, uppþemba, óeðlilegar hægðir, húðvandamál, sveppasýkingar (sérstaklega hjá konum), tímabundið ofnæmi, hugsanlegt þunglyndi.

### Sveppur sem elskar sykur

Candida-sveppurinn elskar sykur og nærist og dafnar vel þegar svoleiðis er í boði. Hann ýtir því líka undir löngun í sætindi og eiga margir erfitt með að kljást við þann púka. Mikill ofvöxtur á Candida albicans getur valdið því að þarmaveggirnir veikjast og verða gegndræpir (leaky gut/gegndræpur ristill) og þá er ástandið orðið alvarlegt því þegar óæskileg efni ná að leka úr þörmunum út í líkamann valda þau sjúkdómum eins og t.d. síþreytu, liðagigt, mígreni og fleiru sem getur verið mun alvarlegra.

### Góðir gerlar og breytt mataræði

Það er vel hægt að ráða niðurlögum Candida-sveppsins og það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allan sykur úr fæðunni. Það þýðir að við sleppum sælgæti, kökum, hveiti og áfengi. Einnig skal draga úr neyslu á korni, baunum, ávöxtum, brauði, pasta og kartöflum, en það mun hindra vöxt sveppsins og á endanum hjálpa til við að koma á jafnvægi. Einnig er mikilvægt að sleppa neyslu á gerjuðum matvælum eins og t.d. súrkáli því þó svo að það sé gott og örvi vöxt baktería í þarmaflórunni, þá örvar það líka óæskilegar bakteríur. Til þess að verið sé að vinna heilshugar að því að drepa gersveppinn og koma jafnvægi á þarmaflóruna er best að taka inn góða mjólkursýrugerla því það þarf að styðja við framleiðslu á góðum bakteríum á sama tíma og við drögum úr vexti þeirra „vondu“.

> **Það er vel hægt að ráða niðurlögum Candida-sveppsins og það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allan sykur úr fæðunni.**
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi



Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir.



Hrönn Hjálmarsdóttir.




Bio-Kult Candéa hefur reynst fólki með meltingarvandamál mjög vel.

### Bio-Kult Candéa er lausnin

Bio-Kult Candéa inniheldur öfluga blöndu af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract sem hafa góð áhrif á meltinguna og hjálpa til við að drepa niður Candida albicans gersveppinn. Fyrir utan að innihalda 14 mismunandi gerlastrengi sem byggja upp vinveittu þarmaflóruna er þarna hvítlaukur sem er gríðarlega öflugur við að drepa niður gerjun og trufla virkni sveppsins og Grape Seed Extract sem er þykkni, gert úr kjörnum vínberja. Það inniheldur efnasambönd sem eru afar virk gegn fjölmörgum tegundum baktería, veira og sveppa og hafa langvarandi sveppasýkingar (af völdum Candida albicans) verið meðhöndlaðar með þessu efni.

### Uppþemban hætti og sykurlöngun minnkað til muna!

Inntaka á Bio-Kult Candéa hefur reynst fjölmörgum afar vel og er Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir ein þeirra:

„Í mörg ár fann ég fyrir óþægindum í maga. Ég upplifði það yfirleitt þegar líða tók á daginn að ég yrði sífellt uppblásnari um magann og sér í lagi efri hluta hans þannig að ég taldi líklegt að um óþol væri að ræða. Mér var bent á Bio-Kult Candéa hylkin og ákvað að það sakaði ekki að prófa. Þegar ég hafði tekið staðfastlega tvö hylki daglega með stærstu máltíð dagsins í tvo mánuði fór ég að finna mun. Ég hafði í mörg ár verið afar hrifin af ákveðnum gosdrykk og hann varð hreinlega að vera til í ísskápnum. Eftir þessa tvo mánuði fór ég að finna minnkandi löngun í hann sem og aðra sykraða gosdrykki og hefur vatnsdrykkja aukist að sama skapi. Í dag hefur gosið að mestu fokið og engin löngun til staðar í slíkt lengur. Ég hef einnig náð að halda mér í kjörþyngd og þakka ég það daglegri inntöku Bio-Kult Candéa sem fær að ferðast með mér allt sem ég fer og útblásni maginn gerir sjaldan vart við sig í dag ef ég gæti mín á salti og sykri“

> **Ég hef einnig náð að halda mér í kjörþyngd og þakka ég það daglegri inntöku Bio-Kult Candéa sem fær að ferðast með mér allt sem ég fer og útblásni maginn gerir sjaldan vart við sig í dag ef ég gæti mín á salti og sykri.**
>
> Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir, 54 ára og 5 barna móðir

**Bio-Kult Candéa** er öruggt og hentar vel fyrir alla, einnig barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Pakkinn inniheldur 60 hylki og ef um fyrirbyggjandi meðferð er að ræða, duga 2 hylki á dag (1 hylki tvisvar á dag). Ef Candida-sýkingin hefur þegar blossað upp þá er í lagi að taka tvö hylki tvisvar á dag.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

40+
FEMARELLE REJUVENATE
- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári






Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle

50+
FEMARELLE RECHARGE
- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi






Femarelle skiptir Valgerði miklu máli

60+
FEMARELLE UNSTOPPABLE
- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín,
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi






Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle

Lífið ætti ekki að taka stakkaskiptum við það að eldast - vertu með okkur

Elskaðu.Lifðu.Njóttu.

Femarelle vörulínan

# Vörn gegn augnbotnahrörnun

**Ultra Macular™ augnvítamínið er besta vörnin gegn framgangi augnbotnahrörnunar. Samsetning þess byggir á vönduðum vísindarannsóknum og það inniheldur öll nauðsynleg vítamín og steinefni.**




Hildur segir að Ultra Macular™ minnki líkur á að augnbotnahrörnun þróist yfir á lokastig um 25%. MYND/EYÞÓR

Ultra Macular™ augnvítamínið hægir á framgangi augnbotnahrörnunar og er ætlað þeim sem hafa greinst með sjúkdóminn og sumum þeirra sem eru í fjölskyldum þar sem sjúkdómurinn er ættgengur. Ultra Macular™ er eina augnvítamínið á markaðnum hérlendis sem inniheldur öll nauðsynleg vítamín og steinefni sem fólk þarf á að halda.

Að sögn Hildar Sigursteinsdóttur, markaðsfulltrúa heildverslunarinnar MAGNUS ehf., er samsetning Ultra Macular™ byggð á niðurstöðum nýjustu rannsókna á þessu sviði sem nefnast AREDS 2.

„AREDS 2 braut blað í fyrirbyggjandi meðferðarmöguleikum þar sem sérstaklega hefur verið lagt upp úr réttum hlutföllum andoxunarefna og vítamína til að ná sem bestum árangri,“ segir Hildur. „Allir sem þjást af augnbotnahrörnun ættu að íhuga að taka inn Ultra Macular™ til að fyrirbyggja frekari þróun augnbotnahrörnunar og þar með sjónskerðingu. Einnig er mikilvægt að fara í reglulegt eftirlit hjá augnlækni samhliða töku augnvítamínsins.

Aðeins þarf að taka inn tvö hylki af Ultra Macular™ á dag, sem er til mikilla þæginda fyrir fólk, auk þess sem sparnaður hlýst af því að þurfa ekki að kaupa augnvítamín og fjölvítamín sitt í hvoru lagi,“ segir Hildur. „Ultra Macular™ inniheldur meðal annars lítið sink til að hlífa meltingarveginum og aðalbláber sem talin eru styðja við nætursjón og fullkomna samsetningu 16 fjölvítamína.“

Hildur segir marga eiga erfitt með að gera greinarmun á þeim augnvítamínum sem í boði eru á markaðinum í dag. „Það er mikilvægt að hafa í huga að Ultra Macular™ augnvítamínið er byggt á vísindalegum rannsóknum frá hinni virtu stofnun National Institute of Health í Bandaríkjunum,“ segir hún. „Aldursbundin augnbotnahrörnun er algengasta orsök blindu og sjónskerðingar hjá fólki yfir sextugu á Vesturlöndum og því skiptir miklu máli að velja rétt þegar kemur að augnvítamínum. Fyrrnefnd rannsókn, AREDS 2, sýnir einmitt fram á að sú sérstaka samsetning andoxunarefna sem hér um ræðir minnki líkur á að augnbotnahrörnun þróist yfir á lokastig um 25%.“

Ultra Macular™ fæst í öllum helstu apótekum.

# Nýjungar sem geta breytt heiminum

**Milljarðamæringurinn og mannvinurinn Bill Gates, meðstofnandi Microsoft, skrifaði nýlega grein um uppfinningarnar sem honum finnst líklegast að breyti heiminum í náinni framtíð.**



Bill Gates sér fram á stórvægilegar breytingar til hins betra. NORDICPHOTOS/GETTY

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@365.is



Í greininni, sem birtist á vef Time, telur Gates upp nokkrar afdrifaríkar uppfinningar sem hafa breytt heiminum í gegnum tíðina og segir að það séu sex nýjar uppfinningar sem honum finnst líklegt að gætu haft svipuð áhrif á næstunni. Gates hefur sjálfur fjárfest ríkulega í gegnum tíðina í tækninýjungum sem hann telur að geti gagnast mannkyni.

## Betri geymsla á bóluefnum

Bóluefni hafa bjargað milljónum mannslífa um allan heim, en þau skemmast við rangt hitastig. Gates bindur vonir við nýjan kæliskáp sem ber heitið MetaFridge, en sá getur haldið bóluefnum við rétt hitastig í langan tíma þótt hann sé ekki tengdur við rafmagn. Það er líka ferðaútgáfa í vinnslu, sem gæti komið bóluefnum á afskekktari staði en áður og þannig breytt lífi fólks á svæðum þar sem bóluefni eru enn af skornum skammti.

## Genabreyting

Gates vonast til að genabreytingartækni geti útrýmt sjúkdómum, til dæmis með því að breyta genamengi sjúklinga eða gera moskítóflugum ómögulegt að bera malaríu. Þessi tækni er enn stutt á veg komin og sumir hafa áhyggjur af því að hún verði hugsanlega notuð á ósiðlegan hátt, en möguleikarnir eru gríðarlegir og Gates er vongóður.

## Eldsneyti frá sólinni

Gates segir að til að mannkynið geti komist hjá því að nota jarðefnaeldsneyti og hægt á loftslagsbreytingum þurfi að nálgast vandann á ólíkan hátt. En hann er bjartsýnn á að með nýrri tækni sem er í þróun hjá Caltech takist að nýta orku sólarinnar sem eldsneyti í náinni framtíð.

## mRNA bóluefni

Flest bóluefni nýta veikta eða óvirka vírusa til að hjálpa líkamanum að mynda ónæmi og fyrirbyggja sjúkdóma. En Gates segir að vísindamenn séu að rannsaka hvernig hægt væri að nota erfðaefni í staðinn, sem myndi gera það fljótlegra og ódýrara að þróa ný bóluefni. Hann segir að ef við getum kennt líkamanum að búa til sínar eigin náttúrulegu varnir gæti orðið bylting í því hvernig við fyrirbyggjum sjúkdóma.

## Bætt lyfjagjöf

Gates er spenntur fyrir nýrri tækni sem gengur út á að setja lítil tæki undir húðina sem sjá um lyfjagjöf. Það myndi tryggja örugga og stöðuga lyfjagjöf og útrýma hættunni á að fólk gleymi að taka lyfin sín. Sama tækni gæti jafnvel gefið fólki ónæmi fyrir ákveðnum sjúkdómum.

## Gervigreind

Þetta er sú uppfinning sem Gates finnst líklegust til að umbreyta lifnaðarháttum fólks. Hann segir að gervigreind eigi eftir að skapa nýjar áskoranir, til dæmis hvernig eigi að þjálfa starfsfólk, sem missir starf sitt til sjálfvirkni, til nýrra starfa, en samt telji hann að gervigreind muni gera lífið meira gefandi, skilvirkara og auðveldara almennt.

# ÚTSALA!

## 20 - 50% AFSLÁTTUR AF SPORTVÖRUM!







KARI TRAA ARMANI asics casall

SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

# Fengu nóg af hversdeginum

**Fjögurra manna fjölskyldu fannst tíminn farinn að æða áfram á óhóflegum hraða og dreif sig í heimsreisu. Nú njóta þau samverunnar og frelsisins og upplifa eitthvað nýtt á hverjum degi.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Við undirbjuggum þetta í raun ekki neitt, sem er mjög ólíkt okkur þar sem við höfum alltaf planað næstu skref í okkar lífi," segir Margrét Edda Ragnarsdóttir en hún og eiginmaður hennar, Guðmundur Árni Árnason, skelltu sér í margra mánaða heimsreisu í haust með syni sína tvo, Hrafnkel Árna 12 ára og Daníel Sölva 10 ára.

Fyrirvarinn var stuttur en tímasetningin góð. Margrét segir þau hafa staðið á tímamótum og ákveðið að láta gamlan draum rætast.

### Fullkomið frelsi

„Við elskum bæði að ferðast og höfum fylgst með nokkrum fjölskyldum sem farið hafa í svipaða ferð og dauðöfundað þau. Þegar við stóðum bæði á ákveðnum tímamótum í vinnunni vorum við tilbúin í breytingar. Dagarnir, vikurnar og mánuðirnir voru farnir að líða skuggalega hratt og við vildum stoppa aðeins þennan hraða. Okkur langaði líka til að vera fullkomlega frjáls sem fjölskylda án allra utanaðkomandi skuldbindinga," segir Margrét.

Þau hafi íhugað tvo kosti, að flytja til Bandaríkjanna þar sem þau hafa bæði atvinnuleyfi þar, eða heimsreisu. Þremur vikum fyrir brottför var endanleg ákvörðun tekin og undirbúningur fór á fullt.



Fjölskyldan fór í eyðimerkursafarí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

### Slow travel

„Við ákváðum bara fyrsta áfangastaðinn, Víetnam, með viku millilendingu í Dúbaí. Svo myndum við bara láta þetta ráðast og tökum svokallað „slow travel" á þetta og erum lengur á hverjum stað/landi í senn, eða 1-2 mánuði. Eftir mánaðarferðalag leið okkur eins og við værum búin að vera í fjóra mánuði á ferðalagi! Það tók okkur svolítinn tíma að venjast þessu hæga tempói. Planið er að vera á ferðalagi fram til haustsins 2018," segir hún.

Að mörgu hafi þurft að huga fyrir brottför, eins og bólusetningum og námi strákanna.

„Við förum öll í þrjár sprautur, við lifrarbólgu A og B og svo taugaveiki. Við hjónin fengum svo „boost" á barnabólusetningarnar okkar. Við þurftum að sækja um leyfi frá skóla strákanna og eftir að leyfi var veitt funduðum við með umsjónarkennurum og fengum bunka af skólabókum að láni með okkur út. Við kennum þeim alla virka daga, með undantekningum ef við erum að ferðast á milli staða, og reynum að vera búin fyrir hádegi. Það gengur reyndar ekki alltaf eftir þar sem strákunum finnst voða gott að kúra. Við leggjum mesta áherslu á stærðfræði og íslensku og oftast veitir ekkert af því að við sitjum bæði yfir strákunum til að hjálpa þeim og halda þeim við efnið. Ég get engan veginn skilið hvernig kennarar fara að þessu með 20-30 krakka bekki, þeir eiga mikið hrós skilið fyrir sína vinnu," segir Margrét.



Margrét Edda og Guðmundur Árni ásamt sonum sínum, Hrafnkeli Árna og Daníel Sölva. Fjölskyldan dembdi sér í heimsreisu í haust.



„Okkur langaði til að vera frjáls án allra utanaðkomandi skuldbindinga."

*Hvaða lönd hafið þið þegar heimsótt?* „Við höfum nú þegar ferðast til Dúbaí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum þar sem við fórum í skemmtilegt eyðimerkursafarí. Við fórum til Kúala Lúmpúr í Malasíu þar sem við vorum í eina viku, vorum þrjár vikur í Víetnam og ætluðum að vera lengur en styttum ferðina þar sem við vorum komin mitt inn í mesta rigningatímann. Við kolféllum fyrir Víetnam með sinni einstöku höfuðborg, Hanoí, og öllum gómsæta götumatnum og geggjuðu umferðarmenningunni. Heilu fjölskyldurnar ferðast saman á einni vespu og þú kemst ekki yfir götu nema að bókstaflega labba fyrir umferðina. Við vorum einnig heilluð af bænum HoiAn, töfrandi bæ með sínum litríku ljóskerum hvert sem litið er og góðum matsölustöðum á hverju horni. Núna erum við í Ástralíu þar sem við verðum til janúarloka. Hér er mikil „outback" stemning og hér er auðvelt að rekast á villt dýr þegar farið er út fyrir borgarmörkin. Þar á meðal kóalabirni og kengúrur. Skemmtilegasta atvikið hingað til er klárlega þegar við fundum kóalabjörn í garðinum okkar. Við vorum stödd á eyjunni Raymond Island hér í Ástralíu og sátum úti á palli þegar við heyrðum svakalegt hrín eins og í svíni. Lætin virtust koma frá framgarði hússins og þegar við kíktum fyrir hornið var kóalabjörn í trénu beint fyrir utan húsið! Hann var mjög lágt í trénu þannig að nálægðin var mikil og yngri sonur minn spurði hvort hann mætti klappa honum. Við töldum það þó ekki ráðlegt eftir þessi dólgslæti í dýrinu.

Þá fórum við í skemmtilegt „road trip" niður Big Ocean Road þar sem keyrt er eftir fallegri strandlengju með skemmtilegum smábæjum, ekki ósvipað Big Sur í Kaliforníu. Eftir Ástralíu er stefnan tekin á Indónesíu, hvað við verðum lengi þar og hvert við förum næst er óráðið."

Margrét segir fjölskylduna njóta lífsins á ferðalaginu. Svona mikil samvera geri öllum gott en geti líka verið áskorun.

„Það hefur allt meira og minna gengið ótrúlega vel. Auðvitað slettist upp á samskiptin af og til, það er ekki við öðru að búast í svona ferð en þá er haldinn fjölskyldufundur þar sem málin eru rædd og leyst," segir hún sposk. „Strákarnir eru ótrúlega spakir yfir þessu öllu saman og finnst gaman að koma á nýja staði eins og okkur foreldrunum. Þeir eru vanir að ferðast mikið með okkur og þó þeir geti rifist og slegist þá hafa þeir alltaf verið góðir vinir á ferðalögum. Þeir sakna auðvitað vina sinna og félagslífsins sem skólanum fylgir og tala mikið um það hvað þeir ætla að gera þegar þeir koma til Íslands aftur."

Fylgjast má með ferðalagi fjölskyldunnar á Instagram, 4goingplaces.

Þriggja daga námskeið 2.–4. febrúar 2018

Ritmennska

– Að skrifa sig frá erfiðum tilfinningum




**Helgarnámskeið frá föstudegi til sunnudags. Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur leiðir þátttakendur í að losa sig frá erfiðum tilfinningum með skapandi skriflegri tjáningu.**



Unnið verður með texta sem þátttakendur skrifa í dvölinni ásamt texta eftir aðra höfunda. Ætlunin er að nálgast skapandi skriflega lýsingu á vanlíðan og depurð og reynt verður að skoða þessa líðan utanfrá með textann sem kíki. Hópeflið og ritmennskuaðferðin eru notuð sem tæki til þess að stuðla að bættri líðan og skapa uppbyggjandi kraft fyrir þá sem glíma við óyndi, áhyggjur, kvíða o.fl. Innifalið er ljúffengur og hollur matur, gisting í tvær nætur, fræðsla og hóptímar, slökun, aðgangur að sundlaugum/baðhúsi og líkamsrækt. **Verð pr. einstakling er 59.000 kr.**

**Nánari upplýsingar og skráning á heilsustofnun.is eða í síma 483 0300.**

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

– berum ábyrgð á eigin heilsu

Í HÁLFA ÖLD

FS

Félagsstofnun stúdenta

*Félagsstofnun stúdenta (FS) er þjónustufyrirtæki fyrir stúdenta við Háskóla Íslands. Aðalmarkmið FS er að bjóða stúdentum við HÍ góða þjónustu á góðum kjörum og auka lífsgæði stúdenta.*

*Í dag rekur FS: Bóksölu stúdenta, Kaffistofur stúdenta, Leikskóla stúdenta, Stúdentagarða, Stúdentamiðlun, Stúdentakjallarann, Hámu, Hámu heimshorn, Hámu Salatbar, Bókakaffi stúdenta og Kaupfélag stúdenta.*

*Starfsemi FS er víða á háskólasvæðinu en aðalskrifstofa FS er á Háskólatorgi.*

*Nánari upplýsingar um FS má finna á* ***www.fs.is***

## Bókari

Félagsstofnun stúdenta óskar eftir að ráða öflugan bókara. Leitað er að viðurkenndum bókara eða viðskiptafræðingi sem hefur reynslu af starfi í bókhaldi. Starfshlutfall er 100%. FS er lifandi og skemmtilegur vinnustaður en aðalskrifstofa FS er staðsett í hjarta háskólasamfélagsins á Háskólatorgi.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Færsla bókhalds FS
- Innra eftirlit bókhalds allra deilda
- Afstemmingar fjárhagsbókhalds og viðskiptareikninga
- Uppgjör virðisaukaskatts og frágangur á skýrslum til skattstjóra
- Skil á gögnum til endurskoðanda í samráði við fjárreiðustjóra
- Ýmsar skýrslur og upplýsingar úr bókhaldi fyrir stjórnendur
- Önnur tilfallandi störf

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðimenntun eða viðurkenndur bókari
- Starfsreynsla og góð þekking á bókhaldi er skilyrði
- Nákvæmni og skipulagning í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar
- Góð tölvukunnátta, þekking á DK er kostur
- Góð íslenskukunnátta skilyrði, enskukunnátta er kostur
- Starfsreynsla í birgðabókhaldi er kostur

*Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar 2018. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511-1225***

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# Spennandi sumarstörf

Við leitum að metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði eru störf af ýmsu tagi við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira. Öll störfin henta jafnt körlum og konum. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- 18 ára lágmarksaldur
- Mikil öryggisvitund og árvekni
- Heiðarleiki og stundvísi
- Góð samskiptahæfni
- Dugnaður og sjálfstæði
- Bílpróf er skilyrði
- Starfsfólk í raf- og vélvirkjun þarf að hafa sveinspróf eða vera langt komið í námi í viðeigandi fagi

Árangurstengd laun sumarfólks í vaktavinnu eru um 560.000 krónur á mánuði fyrir fullt starf. Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu. Umsóknarfrestur er til og með **1. febrúar.**

Sumarstarfsmenn í framleiðslu- og iðnstörfum fara á frumnámskeið vegna vinnuvélaréttinda. Umsóknir og upplýsingar eru á **www.nordural.is** og hjá **Guðrúnu Hjaltalín Guðjónsdóttur** í síma 430 1000. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

**Norðurál** er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Norðurál vill stuðla að jöfnu hlutfalli karla og kvenna innan fyrirtækisins og jöfnum tækifærum til starfsþróunar.



Íslenski dansflokkurinn

# Framkvæmdastjóri

[ íd ] Íslenski dansflokkurinn

Íslenski dansflokkurinn óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa til að stýra daglegri starfsemi flokksins. Framkvæmdastjóri heyrir undir og vinnur náið með listrænum stjórnanda flokksins. Í boði er mjög áhugavert starf í lifandi og skapandi umhverfi.

Umsóknarfrestur
**29. janúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6272**

Starfssvið
- Ábyrgð og umsjón með fjármálarekstri flokksins.
- Samskipti við íslensk stjórnvöld sem og innlenda og erlenda samstarfsaðila.
- Ábyrgð og umsjón með starfmannamálum.
- Samninga- og skýrslugerð.
- Áætlanagerð og eftirfylgni áætlana sem og vinna við stefnumótun.
- Umsjón með erlendum og innlendum samstarfsverkefnum.
- Fjáröflun og umsjón með umsóknum vegna styrkveitinga.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Haldgóð reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri.
- Reynsla af starfi á sviði menningar og lista mikill kostur.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku sem og geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtogahæfileikar sem og frumkvæði og metnaður í starfi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og samningatækni.
- Áhugi á menningu og listum.

Íslenski dansflokkurinn er sjálfstæð ríkisstofnun. Hlutverk hans er að sýna listdans, stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og vera vettvangur til eflingar og framþróunar danslistar á Íslandi. Flokkurinn leggur áherslu á að kynna íslenskum áhorfendum metnaðarfull verk og mikilvægustu höfunda í nútímadansi.

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu flokksins, www.id.is.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Landhelgisgæsla Íslands

# Upplýsingafulltrúi

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir laust til umsóknar starf upplýsingafulltrúa. Leitað er að metnaðarfullum, sveigjanlegum og hugmyndaríkum einstaklingi. Starfið felur m.a. í sér samskipti við fjölmiðla og fréttaskrif á miðla Landhelgisgæslunnar. Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur
**29. janúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6274**

Starfssvið
- Samskipti við fjölmiðla.
- Fréttaskrif á heimasíðu og samfélagsmiðla.
- Umsjón og skipulagning með útgáfu- og kynningarmálum.
- Efling innri upplýsingagjafar.
- Kynning á starfsemi Landhelgisgæslunnar og móttaka heimsóknarhópa.
- Umsjón með myndasafni.
- Umsjón með skipulagningu viðburða á vegum Landhelgisgæslunnar.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af fjölmiðlum.
- Reynsla af kynningarstarfsemi eða almannatengslum.
- Reynsla af vefumsjón og birtingu upplýsinga á samfélagsmiðlum.
- Afburða íslenskukunnátta í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti.
- Góðir samskiptahæfileikar og færni til að vinna í hóp.
- Þekking og áhugi á því nýjasta á vettvangi samskiptamiðla.
- Frumkvæði, drifkraftur, sveigjanleiki og heilindi.

Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna löggæslu og eftirliti sem og leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Þá fer Landhelgisgæslan einnig með daglega framkvæmd öryggis- og varnarmála samanber varnarmálalög.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Viðkomandi þarf að geta staðist öryggisvottunarkröfur samkvæmt lögum nr. 52/2006 og 34/2008.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

Landvernd

# Framkvæmdastjóri

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem brennur fyrir náttúru- og umhverfisvernd. Framkvæmdastjóri er málsvari samtakanna og ber ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur
**28. janúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6242**

Starfssvið
- Daglegur rekstur og stjórnun samtakanna.
- Umsjón með gerð umsagna og álitsgerða.
- Virk þátttaka í stefnumótun og innleiðingu stefnu.
- Þátttaka í fræðslu, fjáröflun og daglegri starfsemi.
- Regluleg samskipti við fjölmiðla og hagaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Umfangsmikil þekking á umhverfismálum og náttúruvernd.
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Leiðtoga-, samskipta- og skipulagshæfileikar.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Framtíðarsýn, frumkvæði, drifkraftur og metnaður.

LANDVERND

Umhverfis- og náttúruverndarsamtökin Landvernd eru stærstu náttúruverndarsamtök á Íslandi. Félagsmenn eru um 5000 talsins og aðildarfélög 40. Samtökin taka virkan þátt í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum sem varða landnotkun, auðlindir og umhverfi, ekki síst á miðhálendi Íslands. Samtökin hafa sex starfsmenn, auk framkvæmdastjóra. Meginhlutverk samtakanna er verndun íslenskrar náttúru og umhverfis.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Rio Tinto

# Leiðtogi gæða- og straumlínustjórnunar (LEAN)

Rio Tinto á Íslandi auglýsir eftir kraftmiklum einstaklingi í starf leiðtoga gæða- og straumlínustjórnunar (LEAN) en starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Leitað er að einstaklingi með reynslu af gæðastjórnun sem er gæddur góðum samskiptahæfileikum. Um er að ræða spennandi og krefjandi starf hjá alþjóðafyrirtæki.

Umsóknarfrestur
**23. janúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6276**

Starfssvið
- Notkun framsækinna aðferða í gæðastjórnun við rekstur fyrirtækisins.
- Þróun á samþættu stjórnkerfi byggðu á ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001.
- Ábyrgð á gæðakerfum fyrirtækisins og gæðahandbók.
- Ábyrgð og umsjón með straumlínustjórnun (LEAN).
- Umsjón og stjórnun innri og ytri úttekta.
- Stýring og eftirfylgni stöðugra umbóta.
- Úrvinnsla gagna og skýrslugerð.
- Virk þátttaka í árangursstjórnun og stefnumótun.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun, t.d. á sviði viðskiptafræði eða verkfræði.
- Reynsla af gæðastjórnun og almennri stjórnun nauðsynleg.
- Þekking og reynsla af straumlínustjórnun (LEAN) æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun og umbótastarfi.
- Þekking á gæðakerfum og stöðluðu verklagi.
- Framúrskarandi samskipta- og leiðtogahæfni.
- Faglegur metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Góðir samskiptahæfileikar nauðsynlegir.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

RioTinto

Rio Tinto á Íslandi er þekkingarfyrirtæki sem rekur álverið ISAL í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf og fjölbreytt verkefni þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og umhverfi sem hvetur til góðrar frammistöðu. Framtíð okkar byggist á framúrskarandi starfsfólki sem skapar öruggan og eftirsóttan vinnustað. Áhersla ISAL á öryggis-, umhverfis- og heilbrigðismál eru forsenda framúrskarandi árangurs. Við leggjum okkur fram um að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Gildi ISAL eru ábyrgð, samvinna, heilindi og virðing.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent


Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# Hugbúnaðargerð – mikil tækifæri

Erum með áhugaverð störf í boði fyrir háskólamenntaða hugbúnaðarsérfræðinga sem hafa náð góðum árangri í forritun. Mikil tækifæri í boði.

**Sjá nánar á www.intellecta.is**

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is




## ÖFLUGUR MÆLINGAMAÐUR MEÐ MEIRU

**Köfunarþjónustan og Jarðfræðistofa K T óska eftir öflugum mælingamanni í fjölbreytt og lifandi starf.** Saman reka þessi aðilar alhliða mælingadeild, búna nýjasta tækjabúnaði.

Markmið starfseminnar er að sækja fram á þessu sviði og verða öflugur aðili í mælingum meðal annars með fjárfestingum í nýjustu tækni. Við höfum meðal annars tekið að okkur verkefni í Grænlandi og Færeyjum.



**STARFSSVIÐ/ÁBYRGÐ**
- Dýptar- og landmælingar
- Úrvinnsla gagna
- Verkefnaöflun og tilboðsgerð
- Önnur tilfallandi verkefni
- Sveigjanlegur vinnutími

**HÆFNISKRÖFUR**
- Bakgrunnur í mælingum
- Skipstjórnarréttindi á 30 tonna bát
- Gott tengslanet æskilegt
- Meirapróf æskilegt.
- Góð tölvukunnátta æskileg.
- Kunnátta í ensku.

**EIGINLEIKAR**
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Viðkomandi hefur bíl til afnota. Hann hefur umsjón með sérsmíðuðum mælingabáti, tvíbytnunni Kríunni.

Áhugasamir sendi ferilskrá og meðmæli á hallgrimur@diving.is.

Varðandi frekari upplýsingar vinsamlega hafið samband við Hallgrím Ingólfsson á hallgrimur@diving.is eða í síma +354 893 8303.

2017 Köfunarþjónustan er á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki 2017

JKT Jarðfræðistofa Kjartans Thors

KÖFUNARÞJÓNUSTAN EHF
Héðinsgata 1-3 | 105 Reykjavík | Sími 863 5699 | diving@diving.is

# Hjúkrunarfræðingar

Laus er til umsóknar staða hjúkrunarfræðings við Sjúkrahúsið Vog að Stórhöfða 45. Starfshlutfall er samkomulagsatriði en helst 80-100% . Um er að ræða þrískiptar vaktir og unnið aðra til þriðju hverja helgi. Staðan er laus frá 15. febrúar 2018

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Hjúkrun sjúklinga í afeitrun.
Þátttaka í teymisvinnu ásamt sjúkraliðum, áfengis-vímuefnaráðgjöfum, sálfræðingum og læknum.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Réttindi til að starfa sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi
- Áhugi á hjúkrun áfengis- og vímuefnasjúklinga
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð

Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík, merkt: Hjúkrunarfræðingur eða í tölvupósti á netfangið thora@saa.is eigi síðar en 1 febrúar 2018.

**Nánari upplýsingar veitir**
Þóra Björnsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Sjúkrahúsinu Vogi í síma 530 7600, netfang: thora@saa.is

SÁÁ

VR

VR er stærsta stéttarfélag landsins með um 35.000 félagsmenn. Nánari upplýsingar um félagið og starfsemi þess má finna á heimasíðunni www.vr.is. Upplýsingar um störf ráðgjafa og starfsemi VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs má finna á heimasíðu sjóðsins **www.virk.is.**

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

# Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar

VR í samstarfi við VIRK Starfsendurhæfingarsjóð leitar að ráðgjafa til að starfa á sviði starfsendurhæfingar. Hlutverk ráðgjafa er að halda utan um starfsendurhæfingu einstaklinga með skerta starfsgetu í kjölfar sjúkdóma eða slysa.

Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. Hjá VR eru í dag níu starfandi ráðgjafar á sviði starfsendurhæfingar.

**Helstu verkefni**
- Ráðgjöf, stuðningur og hvatning til einstaklinga með skerta starfsgetu
- Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt verkferlum
- Umsjón og eftirfylgni með einstaklings-bundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfaglegt teymi VIRK
- Samstarf og samskipti við VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu, fyrirtæki og stofnanir

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Skipulagshæfni, sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð þekking á vinnumarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

**Upplýsingar veitir:**
**Leifur Geir Hafsteinsson**
leifurgeir@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
**Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# Leitum að liðsauka í hóp stjórnenda

Í tilefni skipulagsbreytinga leitar Fjármálaeftirlitið að þremur metnaðarfullum einstaklingum til að sinna störfum framkvæmdastjóra þriggja eftirlitssviða. Framkvæmdastjórar bera m.a. ábyrgð á stjórnun og rekstri sviðanna, annast mótun og eftirfylgni verkáætlana og bera ábyrgð á samskiptum innan stofnunar, við eftirlitsskylda aðila og samstarfsstofnanir.

## Framkvæmdastjóri eftirlits með fjármálafyrirtækjum

Hlutverk sviðsins er að starfrækja áhættumiðað eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja. Eftirlitið felur m.a. í sér reglubundna vöktun á starfsemi fjármálafyrirtækja á grundvelli gagnaskila og mat á áhættum og áhættustýringu þessara aðila. Sviðið framkvæmir ítarlegt könnunar- og matsferli (e. SREP) á fjármálafyrirtækjum þar sem viðskiptaáætlanir eru rýndar og mat lagt á áhættur er varða eiginfjár- og lausafjárstöðu. Sviðið ber ábyrgð á að setja fjármálafyrirtækjum viðeigandi varúðarkröfur og hafa eftirlit með framfylgni þeirra og annarra lögbundinna krafna.

**Starfssvið**
- Ábyrgð á og umsjón með daglegum rekstri sviðsins
- Ábyrgð á mótun og eftirfylgni verkáætlunar
- Ábyrgð á mannauðsmálum sviðsins
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð
- Mótun liðsheildar og samstarfs innan sviðs sem utan
- Ábyrgð á samskiptum við eftirlitsskylda og opinbera aðila
- Erlend samskipti og samstarf, s.s. á vettvangi European Banking Authority

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Meistarapróf, einkum á sviði viðskipta- og hagfræði
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Viðeigandi þekking og reynsla af eftirlitsstörfum og/eða fjármálamarkaði
- Frumkvæði og faglegur metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð leiðtoga- og samskiptahæfni
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti

## Framkvæmdastjóri eftirlits þvert á markaði

Sviðið skiptist í tvær deildir, annars vegar lagalegt eftirlit og hins vegar deild sem hefur umsjón með vettvangsathugunum í samstarfi við önnur eftirlitssvið stofnunarinnar. Lagalegt eftirlit ber ábyrgð á ýmsum verkefnum tengdum reglubundnu eftirliti s.s. veitingu starfsleyfa, afturköllun þeirra, afgreiðslu tilkynninga um virkan eignarhlut og veitingu umsagna um samþykktir og reglur lífeyrissjóða. Auk þess aðstoðar lagalegt eftirlit önnur eftirlitssvið stofnunarinnar við úrlausn verkefna þegar reynir á túlkun laga og reglna og tekur þátt í vinnu við setningu laga, reglna og tilmæla. Vettvangsathuganir hafa það hlutverk að sannreyna upplýsingar, afla nauðsynlegrar þekkingar á starfsemi eftirlitsskyldra aðila og ganga úr skugga um fylgni við lög og reglur með afmörkuðum athugunum á starfsstöð eftirlitsskyldra aðila. Slíkar athuganir geta bæði beinst að tilteknum afmörkuðum þáttum í starfseminni sem og einstökum aðilum heildstætt.

**Starfssvið**
- Ábyrgð á og umsjón með daglegum rekstri sviðsins
- Ábyrgð á mótun og eftirfylgni verkáætlunar
- Ábyrgð á mannauðsmálum sviðsins
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð
- Mótun liðsheildar og samstarfs innan sviðs sem utan
- Ábyrgð á samskiptum við eftirlitsskylda og opinbera aðila
- Erlend samskipti og samstarf

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Þekking á löggjöf á fjármálamarkaði og stjórnsýslurétti
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Viðeigandi þekking og reynsla af eftirlitsstörfum og/eða fjármálamarkaði
- Frumkvæði og faglegur metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð leiðtoga- og samskiptahæfni
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti

## Framkvæmdastjóri eftirlits með viðskiptum á markaði

Hlutverk sviðsins er að hafa eftirlit með íslenska verðbréfamarkaðnum og verðbréfasjóðum, eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum á fjármálamarkaði og sinna upplýsingagjöf til almennings. Sviðið hefur m.a. eftirlit með kauphöll, verðbréfamiðstöðvum, fjárfestavernd, upplýsingaskyldu útgefanda, markaðssvikum, útboðum verðbréfa, yfirtökuskyldu og staðfestir lýsingar. Þá sér sviðið um afgreiðslu erinda og ábendinga frá viðskiptavinum eftirlitsskyldra aðila og hefur eftirlit með viðskiptaháttum á fjármálamarkaði.

**Starfssvið**
- Ábyrgð og umsjón með daglegum rekstri sviðsins
- Ábyrgð á mótun og eftirfylgni verkáætlunar
- Ábyrgð á mannauðsmálum sviðsins
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð
- Mótun liðsheildar og samstarfs innan sviðs sem utan
- Ábyrgð á samskiptum við eftirlitsskylda og opinbera aðila
- Erlend samskipti og samstarf, s.s. á vettvangi European Securities and Markets Authority

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Meistarapróf í lögfræði, viðskipta- eða hagfræði eða sambærileg menntun
- Próf í verðbréfaviðskiptum eða sambærilegt
- Þekking á löggjöf á verðbréfamarkaði og stjórnsýslurétti
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Viðeigandi þekking og reynsla af eftirlitsstörfum og/eða verðbréfamarkaði
- Frumkvæði og faglegur metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð leiðtoga- og samskiptahæfni
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti

**Upplýsingar veita:**
**Inga S. Arnardóttir**
inga@hagvangur.is

**Leifur Geir Hafsteinsson**
leifurgeir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa

**Lausar eru stöður hjúkrunarfræðinga á Skjóli. Hægt er að hefja störf nú þegar eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall og vinnutími geta verið eftir samkomulagi.**

**Starfslýsing:** Starfið felst m.a. í stjórnun, ábyrgð og skipulagning á almennum hjúkrunarstörfum í samræmi við hugmyndafræði og markmið heimilisins. Skráning í RAI-gagnagrunn.

**Hæfniskröfur:** Íslenskt hjúkrunarleyfi. Jákvætt viðhorf, frumkvæði og samskiptahæfileikar auk faglegs metnaðar og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

**Nánari upplýsingar:**
Guðný H. Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri hjúkrunar
í síma: 522 5600
Umsóknir sendist á gudny@skjol.is



*Á Skjóli hjúkrunarheimili eru 106 rými á fimm deildum. Skjól er stofnaðili að hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi og eru hjúkrunarheimilin rekin í nánu samstarfi. Áhersla er lögð á faglega hjúkrunar- og læknisþjónustu auk sjúkra- og iðjuþjálfunar.*



Skjól hjúkrunarheimili
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík
Sími 522 5600

## Atvinna óskast

**38 ára gamall maður með meistaragráðu í reikningshaldi og endurskoðun óskar eftir vinnu við bókhald.**

**Áhugasamir hafi samband á netfangið bokhald2350@yahoo.com.**

## Sjúkraþjálfari

Sjúkraþjálfun Styrkur óskar eftir að ráða áhugasaman og metnaðarfullan sjúkraþjálfara í allt að 100% starf sem allra fyrst.

Á vinnustaðnum er góður og samheldinn hópur 20 sjúkraþjálfara með víðtæka reynslu og þekkingu. Búnaður og öll aðstaða er mjög góð og næg verkefni til staðar. Íslenskukunnáttu er krafist.

**Áhugasamir hafi samband á netfangið audur@styrkurehf.is**

Sjúkraþjálfun STYRKUR ehf.

---

Hjá fyrirtækinu starfa um 40 starfsmenn og umboðsaðilar eru um allt land. Framleiðsla fyrirtækisins er fjölbreytt bæði fyrir innlendan og erlendan markað. Húsakynni ORA eru um 5000 fermetrar að flatarmáli og öll vinnsla fer fram í fullkomnum vinnslusölum sem standast fyllstu gæða- og hreinlætiskröfur. Unnið er eftir alþjóðlegum gæðastöðlum og er ORA með BRC vottun.

# ORA óskar eftir öflugum og áreiðanlegum verkstjóra til starfa

**Starfssvið:**
- Umsjón með framleiðslu
- Verkstjórn yfir 25-30 starfsmönnum
- Áætlanagerð og skipulagsvinna
- Umbótavinna og aðkoma að gæðamálum
- Eftirlit og mælingar
- Framleiðsluskráningar

**Hæfniskröfur:**
- Menntun eða reynsla á matvælasviði nauðsynleg
- Reynsla af verkstjórn
- Reynsla úr framleiðslufyrirtæki æskileg
Sótt er um störfin rafrænt á www.airportassociates.com.
Umsóknarfrestur starfa er til 20. febrúar 2018

Summer and permanent positions at **Airport Associates** 2018.

### Passenger services

Passenger handling at the airport terminal. Good computer skills, english knowledge and great customer service skills.
Minimum age is 19 years.

### Cargo warehouse

Screening, buildup/breakdown, reception and delivery of air freight in warehouse. Valid driving license required and english knowledge. Minimum age is 18 years.

### Ramp handling

Loading and offloading of luggage, cargo and mail to and from aircrafts. Valid driving license required and english knowledge.
Minimum age is 18 years.

### Aircraft cleaning

Cleaning aircrafts arriving and departing at Keflavik Airport. Driving license required and english knowledge.
Minimum age is 18 years.

It is important that all applicants have good english skills, are good in human relations, service minded and are punctual and flexible.

Applications are submitted electronically on the website www.airportassociates.com.
Deadline is the 20th of February 2018.

Airport Associates
-at your service!

# Hveragerðisbær leitar að öflugum starfsmönnum





Í boði eru áhugaverð störf í barnvænu og skemmtilegu umhverfi. Hveragerði er ört vaxandi sveitarfélag með um 2.600 íbúa. Samgöngur við bæjarfélagið eru framúrskarandi en einungis er um 30 mínútna akstur til Reykjavíkur. Öll þjónusta er eins og best verður á kosið, leikskólar, grunnskóli, tónlistarskóli og framhaldsskóli innan seilingar. Íþrótta- og menningarlíf er í miklum blóma og umhverfi bæjarins gefur kost á fjölbreyttri útivist í fallegu umhverfi.




## Forstöðumaður bókasafns

Leitað er eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að leiða öflugt og líflegt starf bókasafnsins í Hveragerði. Um 100% stöðu er að ræða.
Starfið felur í sér allt sem viðkemur starfsemi bókasafns svo sem rekstur, mannaforráð, gerð fjárhagsáætlana, innkaup, grisjun, stjórnun, skipulag safnkennslu, umsýslu og fleira. Forstöðumaður kemur fram fyrir hönd safnsins og sér um kynningarmál þess, skipuleggur þjónustu safnsins og leiðir faglega starfsemi þess.

**Menntun, reynsla og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði er skilyrði
- Starfsreynsla á almenningsbókasafni og/eða skóla æskileg
- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum og kunnátta á bókasafnskerfið Gegni, er kostur
- Góð þekking á menningarstarfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð tölvukunnátta
- Leiðtogahæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar um starfið gefur Hlíf S. Arndal, núverandi forstöðumaður bókasafns í síma 483-4531 eða í tölvupósti boksafn@hveragerdi.is og Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar og frístundafulltrúi í síma 483-4000, netfang jmh@hveragerdi.is

## Leikskólakennarar

Leitað er að metnaðarfullum, skapandi og jákvæðum einstaklingum með góða hæfni í mannlegum samskiptum til starfa við Leikskólann Óskaland. Viðkomandi þurfa að vera tilbúnir til að taka þátt í uppeldi og menntun barna í nánu samstarfi við stjórnendur og hafa góða íslenskukunnáttu.
Leikskólinn er 4ra deilda skóli fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 5 ára. Á honum er starfað í anda Reggio Emilia.

**Menntun, reynsla og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með börnum æskileg
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Hreint sakavottorð

Fáist ekki menntaðir leikskólakennarar eða fólk með aðra uppeldismenntun og eða reynslu kemur vel til greina að ráða leiðbeinendur tímabundið í lausar stöður! Vakin er athygli á því að starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar veitir Gunnvör Kolbeinsdóttir, leikskólastjóri í síma 4834139 eða á netfangið: oskaland@hveragerdi.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Hveragerðisbæjar **www.hveragerdi.is** eða á bæjarskrifstofunni, Breiðumörk 20. Starfsferilsskrá ásamt öðrum upplýsingum sem umsækjandi vill koma á framfæri skal fylgja starfsumsókn.

Umsóknum ber að skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði fyrir **1. febrúar n.k.**
Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

## Vélamaður/verkamaður í áhaldahúsi

Óskað er eftir áhugasömum, öflugum og úrræðagóðum starfsmanni í 100% stöðu við áhaldahús Hveragerðisbæjar.
Í starfinu felast öll almenn störf við umhirðu og viðhald á stofnunum og opnum svæðum Hveragerðisbæjar.

**Menntun, reynsla og hæfniskröfur:**
- Vinnuvélaréttindi eru mjög æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Samviskusemi, vönduð og skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og mikil færni í mannlegum samskiptum er nauðsyn

Nánari upplýsingar veitir Höskuldur Þorbjarnarson umhverfisfulltrúi, í síma 660-3908 eða í tölvupósti hoskuldur@hveragerdi.is.

## Starfsmaður í frístundaskóla og félagsmiðstöð

Óskað er eftir drífandi og hugmyndaríkum einstaklingi í 100% stöðu við frístundaskóla bæjarins og félagsmiðstöðina Skjálftaskjól.
Í starfinu felst þátttaka í skipulagningu og framkvæmd starfs frístundaskóla Hveragerðisbæjar. Börn í 1.- 4. bekk dvelja í frístundaskóla og taka þar þátt í skipulögðum frístundum, frjálsum leik o.fl. Ennfremur mun starfsmaðurinn taka þátt í skipulagningu og framkvæmd starfs félagsmiðstöðvarinnar Skjálftaskjóls. Hana sækja börn í 5.-10. bekk eftir skóla, tvo daga í viku.

**Menntun, reynsla og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði tómstunda- og félagsmálafræði eða sambærileg menntun er æskileg.
- Reynsla af starfi með börnum og unglingum er skilyrði
- Samviskusemi, vönduð og skipulögð vinnubrögð, ásamt framúrskarandi samskiptahæfni
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur Hveragerðisbæjar

Nánari upplýsingar um starfið gefur Elín Ester Magnúsdóttir, forstöðumaður frístundaskóla og félagsmiðstöðvar, í síma 694-7614 eða í tölvupósti eline@hveragerdi.is.

## Matreiðslumaður/matráður á leikskóla

Óskað er eftir jákvæðum, drífandi og frumlegum einstaklingi í 100% starf matreiðslumanns við Leikskólann Undraland. Leikskólinn flutti í nýtt glæsilegt húsnæði í október 2017.
En leikskólinn mun, fullnýttur, verða 6 deilda. Glæsilegt eldhús er í hinum nýja leikskóla en fyrirhugað er að þar verði eldað fyrir báða leikskóla bæjarins en stefnt er á að það fyrirkomulag hefjist á vormánuðum 2018.
Unnið er eftir ráðleggingum og markmiðum Lýðheilsustöðvar hvað varðar hollustu og næringargildi matvæla.
Starfið felur í sér allt sem viðkemur rekstri mötuneytis af þessari stærðargráðu. Mótun og uppbyggingu hollra matarvenja, matseld, skipulagningu matseðla, innkaup og mannaforráð.

**Menntun, reynsla og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði matreiðslu og/eða reynsla af matreiðslu í stóreldhúsi
- Góð þekking á næringarfræði og rekstri mötuneyta
- Skipulagshæfni, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð og mikil færni í samskiptum er skilyrði

Nánari upplýsingar gefur leikskólastjóri Anna Erla Valdimarsdóttir, sími: 483-4234 eða í tölvupósti undraland@hveragerdi.is



www.hveragerdi.is



Valka

valka.is

# VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM RAFVIRKJA

**Valka óskar eftir rafvirkja í samsetningu á hátækni fiskvinnslubúnaði. Um er að ræða fjölbreytt starf hjá vaxandi fyrirtæki. Við leitum að öflugum einstaklingi til liðs við góðan hóp í jákvæðu starfsumhverfi. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.**

**Starfssvið:**

- Samsetning á tækjum sem Valka framleiðir
- Prófanir á tækjum
- Þátttaka í uppsetningu á tækjabúnaði bæði innanlands sem og erlendis

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Sveins- eða meistarapróf í rafvirkjun
- Reynsla af samsetningu á rafeindavörum er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður

Hlutverk okkar er að hanna og framleiða hátæknilausnir fyrir vinnslu á fiski með það að markmiði að auka afköst, nákvæmni og framleiðni í samræmi við óskir viðskiptavina okkar.

Framtíð fyrirtækisins byggir á hæfu, heiðarlegu og framsæknu starfsfólki sem axlar ábyrgð og sýnir frumkvæði í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Róbert Hafsteinsson, Framleiðslustjóri í síma 430 0600.

**Umsóknarfrestur er til 20. janúar nk.**
Umsóknir sendist á robert@valka.is

Kría hönnunarstofa www.kria.is

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn skal enn fremur stuðla að fjármálastöðugleika. Þá sinnir Seðlabankinn jafnframt viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, þekkingu, sveigjanleika og jákvæðum samskiptum.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

## Hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða hagfræðing til starfa á hagfræði- og peningastefnusviði bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Hagfræði- og peningastefnusvið annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguspár og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Hagfræði- og peningastefnusvið hefur m.a. umsjón með útgáfu ársfjórðungsritsins *Peningamál* og enskri útgáfu þess *Monetary Bulletin*.

**Helstu verkefni:**

- Almennar rannsóknir, einkum á sviði peninga- og þjóðhagfræði.
- Þátttaka í gerð verðbólgu- og þjóðhagsspáa bankans.
- Vinna í tengslum við greiningu og skrif í *Peningamál*.
- Fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður.
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf á ábyrgðasviðum Seðlabankans.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistarapróf í hagfræði.
- Gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku.
- Góð hæfni í að setja fram fræðileg efni á skýran hátt.
- Nákvæmni í vinnubrögðum og góðir skipulagshæfileikar.
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórarinn G. Pétursson, framkvæmdastjóri hagfræði- og peningastefnusviðs og aðalhagfræðingur bankans, netfang: thgp@cb.is, s: 569-9600 og Íris Guðrún Ragnarsdóttir, mannauðsstjóri, netfang: mannaudur@sedlabanki.is, s: 569-9600.

Sótt er um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is en umsóknarfrestur er til og með 29. janúar 2018. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



# Starfsmaður á lager

**Við leitum að öflugum og þjónustulunduðum einstaklingi til starfa á miðlagerinn okkar í Reykjavík. Umsækjandi þarf að vera vandvirkur í vinnubrögðum og ábyrgðarfullur í garð viðskiptavina okkar. Rétt manneskja fær tækifæri til að vaxa í starfi og taka virkan þátt í uppbyggingu og rekstri fyrirtækisins. Vinnutími er frá kl 08:00 til 17:00.**
**Um framtíðarstarf er að ræða.**

**Starfssvið**

- Ábyrgð á vöruafgreiðslu til viðskiptavina og verslana.
- Samantekt á pöntunum og áfyllingum á lager
- Útkeyrsla til viðskiptavina

**Hæfniskröfur**

- Góð tölvukunnátta er kostur
- Vandvirk vinnubrögð
- Ábyrgðarfull/ur
- Bílpróf
- Hreint sakavottorð

**Umsóknir sendist á atvinna@stilling.is**
**Umsóknarfrestur er til 21. janúar**

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Starfsfólk óskast

**Starfsfólk óskast í almenn framleiðslustörf.**
**Unnið er á þrískiptum 8 klst vöktum 5 daga vikunnar.**

Við leitum að starfsfólki sem er samviskusamt, jákvætt, stundvíst, opið fyrir nýjungum, heiðarlegt og gott í mannlegum samskiptum með góða íslensku eða enskukunnáttu.

**Starfslýsing:**
Framleiðsla á ýmsum tegundum matvælaumbúða í þrifalegu og björtu umhverfi. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um. Bergplast vinnur að gæðavottun sem matvælafyrirtæki.

**Hæfniskröfur:**
Samviskusemi, almenn tölvukunnátta, jákvæðni og vilji til að læra.

**Starfsmaður óskast í almennt lagerstarf.**
**Um er að ræða dagvinnu.**

Við leitum að starfsfólki sem er jákvætt, stundvíst, opið fyrir nýjungum, heiðarlegt og gott í mannlegum samskiptum með góða íslensku kunnáttu.

**Starfslýsing:**
Tiltekt og afgreiðsla á ýmsum tegundum matvælaumbúða í þrifalegu og björtu umhverfi. Almenn móttaka. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um. Bergplast vinnur að gæðavottun sem matvælafyrirtæki.

**Hæfniskröfur:**
Samviskusemi, almenn tölvukunnátta, jákvæðni og vilji til að læra.

**Skriflegar umsóknir sendist á rafn@bergplast.is fyrir 31. janúar 2018.**

Bergplast ehf. er iðnfyrirtæki sem sérhæfir sig í plaststeypu og plastmótun. Framleiðsla matvælaumbúða fyrir matvælaiðnaðinn á Íslandi er fyrirferðamest í starfsemi félagsins. Framleiðsla á vörum fyrir rafmagnsog bygginga- iðnaðinn í landinu er sömuleiðis umfangsmikil.

BERGPLAST

Bergplast ehf. - plastiðnaður / Breiðhellu 2, 221 Hafnarfirði / Sími: 530 1700 - Fax: 530 1717 / Netfang: bergplast@bergplast.is / Veffang: www.bergplast.is

# TVÖ STÖRF Í MENNTUN OG MANNAUÐI

**HB Grandi leitar að drífandi starfsfólki í eftirtalin störf á mannauðssviði HB Granda.**

## FRÆÐSLUFULLTRÚI

**Við leitum að drífandi einstaklingi til að skipuleggja og halda utan um fræðslu- og starfsþróunarmál HB Granda.**

### HELSTU VERKEFNI

- Skipulag og utanumhald fræðslu og starfsþróunar
- Umsjón með mannauðskerfi
- Ráðgjöf og eftirfylgni við ráðningar, móttöku nýliða og starfslok
- Umsjón með viðburðum sem mannauðssvið ber ábyrgð á
- Skýrslugjöf og tilfallandi verkefni

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fræðslu- og/eða starfsmannamálum
- Eiga gott með að tjá sig í ræðu og riti
- Jákvæðni og gott viðmót
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur

## MANNAUÐS- OG LAUNAFULLTRÚI

**Við leitum að öflugum liðsauka til skráningar og vinnslu upplýsinga í mannauðskerfi HB Granda.**

### HELSTU VERKEFNI

- Skráning í mannauðskerfi og utanumhald
- Launavinnsla í samvinnu við aðra launafulltrúa
- Umsjón með gerð aðgangskorta og samgöngusamninga
- Utanumhald fræðsludagskrár í samvinnu við fræðslufulltrúa
- Tilfallandi verkefni á mannauðssviði

### HÆFNISKRÖFUR

- Hagnýt menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu eða bókhaldi er kostur
- Nákvæmni, sjálfstæð vinnubrögð
- Metnaður til að ná árangri
- Jákvæðni og gott viðmót

**Mannauðssvið HB Granda hf.** hefur umsjón með mannauðsmálum félagsins og veitir stjórnendum faglega ráðgjöf og stuðning varðandi mannauðsmál, túlkun kjarasamninga og eftirlit með framkvæmd starfsmannastefnu.

Áhugasamir umsækjendur sendi ferilskrá og fylli út umsókn á: **https://attentus.umsokn.is/**

**Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2018**

Nánari upplýsingar veitir Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri mannauðssviðs.

HB Grandi er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi þar sem verkefni starfsfólks spanna alla virðiskeðjuna frá veiðum og vinnslu til sölu og dreifingar á afurðum félagsins. HB Grandi leggur áherslu á að fá til starfa hæft og traust starfsfólk sem vinnur af fagmennsku og ábyrgð að því að tryggja sjálfbæra nýtingu og hagkvæmni í umgengni við auðlindina.

HB Grandi er vinnustaður þar sem stjórnendum og starfsfólki er annt um vellíðan og heilsu vinnufélaga sinna.

HB Grandi er jafnréttissinnaður vinnustaður þar sem leitast er við að fá jafnt konur sem karla til starfa í hinum fjölbreyttu vinnuhópum fyrirtækisins.

HB GRANDI

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

# Rafvirki-tæknimaður

## Smith & Norland vill ráða tæknimann til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.




Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á heimilistækjum og öðrum rafbúnaði, afgreiðslu varahluta, símsvörun og ýmis önnur störf á þjónustuverkstæði okkar.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum einstaklingi, rafvirkja eða aðila með **sambærilega menntun**, sem vill takast á við áhugavert starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði.

**Áhugasamir sendi umsókn á halldor@sminor.is eða skili slíkri á skrifstofu fyrirtækisins með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir 19. janúar.**

**Umsóknareyðublöð** má nálgast á heimasíðu okkar, **sminor.is**, (undir flipanum UM OKKUR).

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.

Framúrskarandi fyrirtæki 2016

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*

## Sviðsstjóri fjármála- og þjónustusviðs

Þjóðminjasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra fjármála- og þjónustusviðs. Hjá Þjóðminjasafni Íslands starfa 80 manns og annast fjármála- og þjónustusvið allan almennan rekstur stofnunarinnar. Undir sviðið heyra fjármál, starfsmannamál, sýningargæsla og safnbúðir, húsnæðis- og öryggismál, tölvumál, stjórnsýsla og skjalavarsla.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Fagleg ábyrgð á starfsemi og þróun sviðsins í samræmi við heildarmarkmið og áherslur stofnunarinnar. Yfirumsjón með fjárhagsáætlanagerð stofnunarinnar og ábyrgð á að reksturinn sé í samræmi við lög og fjárheimildir.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi, háskólapróf í viðskiptafræði æskilegt, framhaldsgráða kostur
- Þekking á opinberri stjórnsýslu og opinberum fjármálum og rekstri nauðsynleg.
- Að minnsta kosti þriggja ára stjórnunarreynsla.
- Reynsla af bókhaldi.
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Færni í íslensku og ensku, jafnt töluðu og rituðu máli, kunnátta í einu Norðurlandamáli kostur.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar 2018.** Upplýsingar um starfið, helstu verkefni og umsóknarferli má finna á vef Þjóðminjasafns www.thjodminjasafn.is og á www.starfatorg.is

Nánari upplýsingar veitir Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður í síma 530-2200 (margret@thjodminjasafn.is) og Hildur Halldórsdóttir starfsmannastjóri (hildur@thjodminjasafn.is) í síma 530-2239.

# FORRITARAR ÓSKAST

## FORRITARI FYRIR ÞRÓUN VEFKERFA

Við leitum að forritara til að sjá um og bera ábyrgð á þróun og rekstri vefkerfa með áherslu á stafrænar lausnir. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af hugbúnaðarþróun í m.a. C#, JavaScript/HTML5, SQL eða sambærilegu. Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða verkfræði æskileg en ekki skilyrði.

## ABAP FORRITARI

Við leitum að ABAP forritara fyrir rekstur, viðhald og þróun á grunnkerfi okkar. Árið 2016 var kerfið uppfært í nýjustu útgáfu af SAP S/4HANA og eru hér því mikil tækifæri fyrir forritara sem hefur áhuga á að tileinka sér allt það nýjasta frá SAP.

Nánari upplýsingar veitir Stefnir Stefnisson, sviðstjóri rekstrarsviðs í síma 661 7535 eða stefnir@lykill.is.
Umsókn með ýtarlegri ferilskrá er hægt að senda á starf@lykill.is fyrir 30. janúar 2018.

PiparTBWA \ SÍA

Lykill

Lykill fjármögnun er framsækið fjármálaþjónustufyrirtæki sem byggir á gömlum grunni. Mikil áhersla er lögð á vöruþróun til að fylgja eftir þeim hröðu breytingum sem eiga sér stað í fjármálaþjónustu. Sífellt vaxandi sjálfvirkni, veflausnir fyrir viðskiptavini og samstarfsaðila fyrirtækisins eru meðal stórra verkefna rúmlega 30 sérfræðinga sem starfa hjá Lykli.

Lykill fjármögnun hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is

# LIND FASTEIGNASALA

**Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.**

**Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.**

**Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is**

LIND FASTEIGNASALA Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Verkefnastjóri á fagskrifstofu frístundamála

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS) auglýsir eftir verkefnastjóra til starfa á fagskrifstofu frístundamála.**

Fagskrifstofa frístundamála leiðir stefnumótun og hefur yfirumsjón með frístundastarfi á vegum Reykjavíkurborgar fyrir börn og unglinga. Hlutverk skrifstofunnar er að efla og þróa fagumhverfi frístundastarfs með áherslu á börn og unglinga. Fagskrifstofa frístundamála er hluti af fagskrifstofu SFS, en þar eru einnig skrifstofur leik- og grunnskólamála. SFS rekur fimm frístundamiðstöðvar í hverfum borgarinnar og er starfsvettvangur þeirra frítími barna og unglinga. Frístundamiðstöðvar sjá um rekstur frístundaheimila og félagsmiðstöðva auk þess að taka þátt í margvíslegu hverfasamstarfi. Áhersla er lögð á að allt frístundastarf frístundamiðstöðva hafi forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi í samræmi við Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS.

Verkefnastjóri ber ábyrgð á þverfaglegri samvinnu, ráðgjöf og handleiðslu vegna starfsemi í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum fyrir 6-16 ára börn og unglinga. Verkefnastjóri er hluti af stjórnendateymi frístundahluta SFS og tekur þátt í heildarstefnumótun SFS. Næsti yfirmaður er skrifstofustjóri fagskrifstofu frístundamála.

**Helstu verkefni :**

- Þverfaglegt samvinna, ráðgjöf og handleiðsla vegna barna- og unglingastarfs á vegum fagskrifstofu frístundamála.
- Miðlun upplýsinga og gagna vegna frístundastarfs barna og unglinga.
- Þátttaka í stefnumótun og innleiðingu á þeim stefnum sem liggja fyrir.
- Miðlægt utanumhald um starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva; skipulagning, upplýsingagjöf, innritun og skráning.
- Þátttaka í matsteymi sem vinnur að ytra mati á gæðum frístundastarfs.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf á sviði uppeldismenntunar, s.s. tómstunda- og félagsmálafræði eða sambærileg menntun.
- Meistarapróf á sviði uppeldismenntunar eða stjórnunar eða mikil starfs- og stjórnunarreynsla á viðkomandi sérfræðisviði.
- Víðtæk reynsla af starfi með börnum og unglingum.
- Víðtæk þekking og reynsla af frítímastarfi.
- Færni í framsetningu og miðlun upplýsinga ásamt greiningu gagna.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Góð tölvukunnátta.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar 2018.**

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.
Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veitir Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála, netfang: soffia.palsdottir@reykjavik.is. Sími: 411-1111.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

## Eftirlitsverkstjóri Þjónustumiðstöðvar Kópavogsbæjar

Kópavogsbær óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf eftirlitsverkstjóra Þjónustumiðstöðvar. Hér er um að ræða gott tækifæri fyrir þá sem hafa reynslu af framkvæmdum í jarðvegsvinnu og/eða malbiksframkvæmdum að nýta reynslu sína til að viðhalda og bæta gatnakerfi bæjarins.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Eftirlit með verktökum.
- Staðfestir magntölur og reikninga verktaka.
- Metur og merkir viðgerðarstaði malbiks og framkvæmir magnmælingar
- Staðfestir verklok framkvæmda.
- Fylgist með að öryggisatriði og merkingar verktaka séu í lagi.
- Sinnir öðrum eftirlitsstörfum sem til falla

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Reynsla af jarðvegs- og eða malbiksframkvæmdum.
- Reynsla af eftirlitsstörfum kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Aukin ökuréttindi og vinnuvélapróf kostur.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Frekari upplýsingar**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar 2018.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Leifur Eiríksson, forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar í síma 441-9000 eða í tölvupósti leifureiriks@kopavogur.is.

**Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.**

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar**

Kópavogsbær
kopavogur.is

---

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

## Framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu

**Laust er til umsóknar starf framkvæmdastjóra háskólaskrifstofu Háskólans á Akureyri. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf þann 1. mars 2018.** Starfsstöðin er á háskólasvæðinu á Akureyri.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Stjórnun og samræming á verkefnum háskólaskrifstofu.
- Rekstur háskólaskrifstofu.
- Ábyrgð á rekstri og umsjón fasteigna.
- Skipulag og þróun háskólaskrifstofu.
- Starfsmannamál og starfsemi háskólaskrifstofu.
- Starfar með forsetum fræðasviða vegna skrifstofuhalds og fjárreiða fræðasviða.
- Leiðir teymi stjórnenda innan sviða háskólaskrifstofu.
- Stýrir heildarstefnumótun háskólaskrifstofu.
- Innleiðing og eftirfylgni með stefnu háskólaskrifstofu.
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur sviða háskólaskrifstofu.

**Umsókn skal fylgja:**

- Greinargott yfirlit yfir náms- og starfsferil.
- Staðfest afrit af viðeigandi prófskírteinum.
- Kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.
- Tilnefna skal a.m.k. tvo meðmælendur og er æskilegt að annar þeirra sé næsti yfirmaður í núverandi eða fyrra starfi umsækjanda.

Umsóknarfrestur er til og með **22. janúar 2018**

Umsóknir og fylgigögn skal senda rafrænt á skrifstofu rektors Háskólans á Akureyri á netfangið starfsumsokn@unak.is. Ekki er notað staðlað umsóknareyðublað.
Meðferð umsókna, mat á hæfi umsækjenda og ráðning í starfið er í samræmi við ákvæði laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglur nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri. Ófullnægjandi umsóknir eru ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í sex mánuði eftir að umsóknarfresti lýkur. Háskólinn á Akureyri áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara á Akureyri og fjármálaráðherra.

**Nánari upplýsingar um starfið gefur Eyjólfur Guðmundsson rektor, rektor@unak.is.**

Framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu




Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.

www.unak.is/lausstorf

# FLEIRI **SÓKNARMENN**

Við hjá VÍS ætlum að veita viðskiptavinum okkar bestu tryggingaþjónustu sem völ er á. Framfarir í stafrænni tækni eru lykillinn að einfaldari og betri þjónustu og þar ætlum við að vera í fararbroddi.

Við leitum að árangursdrifnum og lausnamiðuðum sérfræðingum til að efla og stýra einstökum þáttum í stafrænni vegferð VÍS. Eingöngu koma til greina einstaklingar með haldgóða reynslu á sínu sviði og framúrskarandi samskiptahæfni.

## Vefstjórn og stafræn verkefni

Viðkomandi verður vörustjóri vis.is og mun starfa með samstilltu teymi Stafrænna verkefna sem er ný eining innan VÍS. Viðkomandi mun í teymisvinnu vinna að nýjum lausnum í stafrænni þjónustu þar sem vefurinn mun leika stórt hlutverk. Leitað er að ábyrgum aðila sem er inni í því nýjasta sem er að gerast í stafrænum lausnum.

**Helstu verkefni:**

- Ábyrgð á vefmálum og þjónustuþáttum á vis.is
- Umsjón með stafrænum þróunarverkefnum á vis.is
- Þátttaka í innleiðingu stafrænna lausna í samvinnu við önnur svið
- Greining á þörfum viðskiptavina
- Umsjón með mælikvörðum vefmála

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla af vefumsjón og verkefnastjórn
- Reynsla af verkefnum sem tengjast innleiðingu stafrænna lausna
- Brennandi áhugi á vefmálum og notendavænni þjónustu
- Þekking á notkun mælikvarða

## Verkefnastjóri

Verkefnastjóri tilheyrir öflugu og faglegu teymi Umbótastofu. Verkefnastjórar VÍS leiða fjölbreytt lykilverkefni sem miða að því að ná stefnumarkandi markmiðum fyrirtækisins í samvinnu við starfsmenn og birgja.

**Helstu verkefni:**

- Leiða verkefni til árangurs
- Skilgreining og skipulagning verkefna
- Ber ábyrgð á og framfylgir áætlunum vegna tíma, kostnaðar og gæða verkefna
- Þróun og mótun á umgjörð verkefnastjórnunar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- MPM eða sambærileg menntun/vottun í verkefnastjórnun
- Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og drifkraftur
- Skipulagni í vinnubrögðum og fagmennska
- Reynsla af verkefnastýringu upplýsingatækniverkefna skilyrði

## Skjalastjóri

Skjalastjóri hefur umsjón með og stýrir skipulagi á skjölum félagsins, bæði á pappír og stafrænum miðlum. Starfið tilheyrir nýrri einingu sem ber ábyrgð á upplýsinga- og öryggismálum og felur í sér samvinnu með öllum einingum innan VÍS.

**Helstu verkefni:**

- Ábyrgð og umsjón með skjalastefnu og skjalastjórnun
- Viðhald, eftirfylgni og umsjá með skjalakerfi og samningaskrá
- Þróun og innleiðing rafræns skjalastjórnunarkerfis
- Umsjón og stýring gæðahandbókar
- Ráðgjöf, þjónusta og fræðsla til stjórnenda og starfsmanna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærilegt nám er skilyrði
- Þekking og reynsla af skjalastjórnun er skilyrði

# FLEIRI **SIGURVEGARA**

Við leitum að framúrskarandi leiðtogum í samstilltan hóp öflugra stjórnenda hjá VÍS. Við leitum að liðsmönnum með leiðtogahæfileika og afburðafærni í samskiptum. Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að gera sífellt betur eru eiginleikar sem við sækjumst eftir.

## Forstöðumaður áhættustýringar

Áhættustýring er eitt af fjórum lykilstarfssviðum í starfsemi vátryggingafélaga. Forstöðumaður áhættustýringar heyrir beint undir forstjóra VÍS. Hann ber ábyrgð á að stefnu VÍS um samhæfða áhættustýringu sé framfylgt sem er grunnur að ákvarðanatöku í fjárfestingum og rekstri félagsins.

**Helstu verkefni:**

- Stýring á daglegum rekstri einingarinnar
- Ábyrgð á samhæfðri áhættustýringu
- Stýring áhættumats, gerð álagsprófa og sviðsmynda
- Ábyrgð á gjaldþolsútreikningum
- Eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA)
- Umsjón með skýrsluskilum til FME

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistarapróf á sviði verkfræði, fjármála eða sambærilegt er skilyrði
- Reynsla af áhættustýringu er skilyrði
- Stjórnunarreynsla er kostur

## Forstöðumaður reikningshalds og greiðsluþjónustu

Reikningshald, áætlanagerð og greiðsluþjónusta tekur örum breytingum. Við leitum að aðila til að bera ábyrgð á og stýra nýrri einingu, reikningshaldi og greiðsluþjónustu og leiða þróun og framtíðarhögun málaflokksins hjá félaginu. Forstöðumaðurinn heyrir undir framkvæmdastjóra fjárfestinga og reksturs.

**Helstu verkefni:**

- Stýring á daglegum rekstri einingarinnar
- Ábyrgð á reikningshaldi og innheimtu viðskiptakrafna
- Samræming verkferla, vinnubragða og stjórnun breytinga
- Þjónusta við innri og ytri viðskiptavini

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði
- Reynsla af breytingastjórnun er æskileg

ráðum
ráðningarstofa

**Í samræmi við jafnréttisstefnu VÍS hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.**
Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar. Nánari upplýsingar um störfin má finna á **radum.is** og **vis.is**. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum, **radum.is**. Umsókn um starf þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Agla Sigríður Björnsdóttir hjá Ráðum ráðningarstofu **agla@radum.is**

VÍS er þjónustufyrirtæki með þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS

S4S LEITAR AÐ

## SKEMMTILEGU OG METNAÐARFULLU FÓLKI

**ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?** VIÐ LEITUM AÐ FÓLKI Á ÖLLUM ALDRI TIL AÐ VERA PARTUR AF FJÖRUGRI OG ÖFLUGRI LIÐSHEILD HJÁ FLOTTU FYRIRTÆKI.

Toppskórinn

### REKSTRASTJÓRI TOPPSKÓRINN SMÁRATORGI OG GRAFARHOLTI

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Yfirumsjón með daglegum rekstri í Toppskónum Grafarholti og Smáratorgi
- Mannaráðningar
- Stefnumótun í samstarfi við framkvæmdastjóra
- Birgðastýring
- Samskipti við verslanir S4S
- Framsetning á vörum

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af stjórnun í verslun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði
- Reynsla af framsetningu á vörum

Umsóknir berist fyrir **20 janúar** á atvinna@s4s.is

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017 · VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016 · 2012–2016 Framúrskarandi fyrirtæki

S4S hefur verið í topp 5 yfir fyrirmyndarfyrirtæki hjá VR síðustu 3 ár í flokki stórra fyrirtækja.

S4S

## SMIÐIR

SG BYGG

### Leitum að klárum og úrræðagóðum smiðum

Hjá okkur eru tækifæri fyrir góða starfsmenn til að vaxa í starfi, taka að sér verkstjórn, fá bíl til afnota oflr.

### Óskastarfsmaðurinn er:

Stundvís, heiðarlegur, vandvirkur, úrræðagóður, snyrtilegur, reyklaus, brosmildur, skemmtilegur og snjallsímavænn

Heyrðu í okkur ef þú vilt vinna með góðu fólki og uppfyllir meirihlutann af óskum um "óskastarfsmanninum"

**Möguleiki á "pendlvinnu" m.aðgangi að húsnæði fyrir smiði utan af landi**

**Nánari upplýsingar veitir Sindri í síma 861-7080 & á sindri@sgbygg.is**

Vinnumálastofnun

# Fjármálastjóri

VINNUMÁLA STOFNUN

Vinnumálastofnun auglýsir eftir fjármálastjóra fyrir stofnunina. Fjármálastjóri er sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs og á sæti í yfirstjórn stofnunarinnar. Hann ber ábyrgð á gerð og framkvæmd fjárhagsáætlana stofnunarinnar og þeim sjóðum sem stofnunin hefur umsýslu með. Vinnumálastofnun hefur umsýslu með Atvinnuleysistryggingasjóði, Ábyrgðarsjóði launa, Tryggingarsjóði sjálfstætt starfandi og Fæðingarorlofssjóði.

Leitað er eftir einstaklingum sem eiga auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunar: **Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.** Fjármálastjóri þarf að vera tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni og búa yfir ríkri samskipta- og skipulagshæfni.

## Helstu verkefni og ábyrgð:

**Stjórnun fjármálasviðs**

- Yfirumsjón með ráðstöfun fjár og eftirlit með rekstri, umsjón innheimtu, útborgunar og varðveislu fjármuna
- Fjárhagslegar áætlana- og skýrslugerðir, gerð greiðsluáætlana, tekjudreifingu og kostnaðareftirlit
- Yfirumsjón með bókhaldi og afstemmingum og gerð ársreikninga
- Skýrslugerð fyrir stjórnir um fjárhagslega stöðu stofnunarinnar og sjóða
- Upplýsingagjöf og samskipti við fagráðuneyti, Fjársýslu ríkisins, Ríkisendurskoðun o.fl.

## Hæfnikröfur:

**Viðskiptafræðimenntun, helst af endurskoðunarsviði**

- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af vinnu við bókhald, reikningsskil, ársreikninga- og áætlanagerð
- Góð kunnátta í excel skilyrði
- Góð íslenskukunnátta

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Vinnumálastofnunar og viðkomandi stéttarfélags.

Sækja skal um starfið á Starfatorgi: **www.starfatorg.is.**

Starfið er með númerið **201801/064**

Nánari upplýsingar veita: Helga Hassing sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs og Vilmar Pétursson mannauðsstjóri í síma 515 4800 eða með fyrirspurn á netföngin **helga.hassing@vmst.is** og **vilmar.petursson@vmst.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 29.01.2018**

Krio hönnunarstofa www.krio.is

**Fyrirmyndarþjónusta** · **Virðing** · **Áreiðanleiki**

Vinnumálastofnun Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 4800 **www.vmst.is**

KVIKMYNDASAFN ÍSLANDS

## SÉRFRÆÐISTARF HJÁ KVIKMYNDASAFNI ÍSLANDS

Kvikmyndasafn Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við nýja skannastöð safnsins sem nú er í mótun. Aðalverkefni safnsins eru söfnun, varðveisla, skráning, rannsóknir og miðlun kvikmynda. Kvikmyndasafnið er til húsa við Hvaleyrarbraut 13 í Hafnarfirði.

**Starfssvið:**

- Skönnun kvikmynda í nýjum ScanStation 5.1 K skanna safnins.
- Afritun kvikmynda af ýmsum tegundum myndmiðla, svo sem af myndbandsmasterum af ýmsum gerðum, hljóðfilmum, snældum, segulböndum o.s.frv.
- Litgreining kvikmynda sem safnið gerir upp.
- Tölvuhreinsun kvikmynda.
- Eftirvinnsla kvikmynda (samsetningar, kvikmyndaklipping, vinna með hljóð o.s.frv.)
- Vinna með stafrænar kvikmyndaskrár, flokkun þeirra, skráning í gagnagrunn safnsins og afritun til framtíðarvarðveislu (back-up).
- Vinnsla stafrænna ljósmynda.

**Hæfniskröfur:**

- Nám og/eða reynsla á sviði eftirvinnslu kvikmynda.
- Nám og/eða reynsla á sviði litgreiningar, almennt.
- Þekking á klippiforritum, sem og á ljósmynda-, ritvinnslu-, og töflureiknisforritum.
- Frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum ásamt hæfni í mannlegum samskiptum.

**Æskilegt:**

- Menntun á háskólastigi á einhverjum þeirra sviða sem tiltekin eru undir hæfniskröfum.
- Gott vald á íslensku máli, ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Reynsla af vinnu við gagnagrunna.
- Áhugi og þekking á kvikmyndamálum, þ. m. t. innlendri og erlendri kvikmyndasögu en einnig á íslenskri 20. aldar menningarsögu.
- Möguleiki á sveiganlegum vinnutíma.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðeigandi stéttarfélag hafa gert. Starfshlutfall er 100%. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Öllum umsækjendum verður svarað. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast með tölvupósti á es@kvikmyndasafn.is eða í venjulegum pósti til Kvikmyndasafns Íslands, Hvaleyrarbraut 13, 220 Hafnarfjörður. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða en umsóknum skulu fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

**Umsóknarfrestur og skil á umsóknum er til mánudagsins 12. febrúar n.k. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Erlendur Sveinsson, forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands (es@kvikmyndasafn.is).**




# Svæðisstjóri á höfuðborgarsvæðinu

**Við óskum eftir að ráða öflugan einstakling í teymi svæðisstjóra Veitna á höfuðborgarsvæðinu. Svæðisstjóri er lykilaðili í samskiptum og upplýsingagjöf við viðskiptavini okkar og gangsetur nauðsynlegar úrbætur í veitukerfunum. Við leitum að einstaklingi sem er skipulagður, úrræðagóður og lipur í samskiptum.**

## Starfs- og ábyrgðarsvið

- Samskipti og upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Skipuleggja og samhæfa vinnu við veitukerfin s.s. lokanir og tengingar
- Gangsetja úrbætur til að leysa úr bilunum
- Undirbúa verkefni og koma þeim til úrvinnslu
- Vinna tillögur og gögn fyrir ársfjórðungslega fjárhagsspágerð
- Vakta kostnað verkefna og stýra í samræmi við áætlanir
- Stuðla að úrbótum í öryggismálum

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Tæknifræði- eða iðnmenntun
- Góð almenn tölvufærni nauðsynleg
- Þekking á veitukerfum æskileg
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg **starfsferilsskrá og kynningarbréf** þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið rökstudd.

Við tökum á móti umsóknum á **www.veitur.is** þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Frekari upplýsingar veitir Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@veitur.is. **Umsóknarfrestur er til og með 23.janúar**.

Í boði eru fjölbreytt verkefni í fjölskylduvænu starfsumhverfi. Við hvetjum **jafnt konur sem karla** til að sækja um starfið.

**Hjá Veitum er frábær starfsandi, mikil ánægja með stjórnendur og allur aðbúnaður fyrsta flokks. Við leggjum mikla áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi. Við rekum stærsta veitukerfi landsins og úrræðagóðir starfsmenn gegna lykilhlutverki við að halda viðskiptavinum okkar í sambandi – alla daga.**

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

JAFNRÉTTISRÁÐ

**Kynntu þér vinnustaðinn Veitur á veitur.is og á Facebook**

VEITUR

ReSource INTERNATIONAL

# Sölu- og markaðsstjóri

RESOURCE INTERNATIONAL EHF. (RSI) ER VAXANDI VERKFRÆÐI- OG ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI SEM SÉRHÆFIR SIG Í UMHVERFISMÁLUM. RSI VINNUR AÐ VERKEFNAÞRÓUN Á ÍSLANDI OG ERLENDIS Í SAMSTARFI VIÐ SYSTURFYRIRTÆKI SITT, RESOURCE LABS AS, Í NOREGI.

RSI vill þróa betri og skipulagðari stefnu fyrir sölu- og markaðsmál fyrirtækisins. Viðkomandi aðili þarf að búa yfir reynslu og metnaði fyrir viðskiptaþróun á tæknilegri þjónustu.

HELSTU VERKEFNI
- Sala á þjónustuþáttum fyrirtækisins
- Þróun sölu-, markaðs- og viðskiptastefnu
- Hanna markaðsefni sem styður við sölu
- Uppfæra heimasíðu og aðra samfélagsmiðla

HÆFNISKRÖFUR
- Vera skipulögð/lagður og víðsýn/n
- Hafa reynslu í sölu- og markaðsstörfum
- Tæknileg þekking er kostur
- Góðir samkiptahæfileikar og geta sinnt skýrslugerð á íslensku og ensku
- Norðurlandamál er kostur (DK, NO, SE)

UMSÓKNARFRESTUR
31. janúar 2018.

UMSÓKNIR SENDIST Á
job@resource.is

NÁNARI UPPLÝSINGAR
www.resource.is/is/um-okkur/storf

Vegna aukinna umsvifa

# óskum við eftir fólki í eftirtalin störf:

## Verkefnastjóri/Vélhönnuður

**Starfssvið**
Samskipti við viðskiptavini fyrirtækisins.
Tilboðsgerð og frágangur gagna.
Stjórn daglegra verkefna.
Almenn hönnun á vélbúnaði og frágangur teikninga.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Próf í véltæknifræði eða vélaverkfræði.
Góð reynsla af notkun á CAD hugbúnaði.
Reynsla af gerð og notkun framleiðslugagna í iðnaði.
Öguð vinnubrögð og skipulagshæfni.

## Starfsmaður í samsetningu

**Starfssvið**
Samsetning á vinnslulínum.
Frágangur og pökkun verkefna til viðskiptavina.
Önnur tilfallandi verkefni í framleiðslu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Stundvísi og öguð vinnubrögð.
Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum.
Iðnmenntun er kostur.

## Starfsmaður í smíði

**Starfssvið**
Almenn smíði úr ryðfríu stáli.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
Sveinspróf í iðngrein svo sem stálsmíði, vélvirkjun eða öðru sambærilegu.
Stundvísi og öguð vinnubrögð.
Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum upp á snyrtilega vinnuaðstöðu, góðan tækjakost og skemmtilegan starfsanda. Umsóknir óskast sendar á netfangið: **micro@micro.is**
Nánari upplýsingar veitir Gunnar Óli Sölvason, gunnar@micro.is - S. 869 9535

Micro-ryðfrí smíði er rótgróin vélsmiðja í Garðabæ. Smiðjan er vel tækjum búin og getur annast alla smíði úr ryðfríu stáli. Viðskiptavinir okkar eru aðallega útgerðir og fyrirtæki í matvælaiðnaði og sjávarútvegi. Við hönnum og framleiðum vinnslulínur og tækjabúnað, sjáum um uppsetningu og viðhald bæði á okkar eigin búnaði og annarra. Markmið okkar er að skila framúrskarandi smíði og vinnubrögðum.

MICRO
RYÐFRÍ SMÍÐI

**Micro-ryðfrí smíði ehf. • Suðurhraun 12b • 210 Garðabær • www.micro.is**

**Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir eftirfarandi störf laust til umsóknar**

## Grunnskólinn á Hólmavík

**Lausar stöður við Grunn- og tónskólann á Hólmavík vorönn 2018**

- **Staða umsjónarkennara á miðstigi.**
  Um er að ræða samkennslu í 5. – 7. bekk. Meðal kennslugreina: íslenska, stærðfræði, náttúrugreinar og áhersla á þemabundin verkefni. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst en í síðasta lagi 1. mars 2018
- **Staða tónlistarkennara.**
  Meðal kennslugreina: gítar, rafmagnsgítar, bassi og trommur. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsækjendur þurfa að hafa kennsluréttindi í grunnskóla. Leitað er eftir einstaklingum með góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af samkennslu árganga og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands

**Umsóknarfrestur er til 25. janúar 2018.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, skólastjóri,
sími 451 3430, netfang *skolastjori@strandabyggd.is*

*Umsóknir með starfsferilsskrá og afriti prófskírteina ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist á skolastjori@strandabyggd.is eða Grunnskólinn á Hólmavík, Skólabraut 20-22, 510 Hólmavík*

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Aðalbókari

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir að ráða aðalbókara til starfa á fjármálasviði sveitarfélagsins. Um 100% starf er að ræða. Sveitarfélagið Árborg er ört vaxandi samfélag sem saman stendur af Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og dreifbýli. Íbúar eru um 9.000. Fjármálasvið er stoðdeild sem hefur með að gera fjármál, áætlanir og uppgjör fyrir fjölþættan rekstur sveitarfélagsins.

**Starfssvið :**
- Yfirumsjón með færslu bókhalds.
- Upplýsingagjöf til stjórnenda og birgja.
- Afstemmingar og frágangur til uppgjörs.
- Vinna við ársuppgjör.
- Önnur verkefni.

**Menntun og hæfniskröfur :**
- Viðskiptafræðimenntun áskilin.
- Góð bókhaldsþekking og starfsreynsla áskilin.
- Þekking og reynsla á Navision bókhaldskerfi er kostur.
- Góð tölvukunnátta er áskilin.
- Gerð er krafa um nákvæm og öguð vinnubrögð og þarf viðkomandi að vera talnaglöggur.
- Sjálfstæði, frumkvæði og samskiptafærni í starfi.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Garðarsdóttir, fjármálastjóri, í síma 480-1900.

Laun fara eftir kjarasamningi Samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Starfið hæfir jafnt körlum sem konum.

**Umsóknarfrestur er til 26.janúar næstkomandi.**
Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til Ingibjargar Garðarsdóttur fjármálastjóra, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss, merkt Aðalbókari eða á netfangið inga@arborg.is






# Gagnaskráning og tölvuteiknun í Stykkishólmi

RARIK ohf auglýsir eftir starfsmanni á starfsstöð fyrirtækisins í Stykkishólmi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Hér er um að ræða starf við skráningu og uppfærslu gagna og teikninga varðandi nýlagnir og breytingar á dreifikerfi RARIK á Vesturlandi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

### Helstu verkefni

- Gagnaskráning
- Leyfismál
- Tölvuteiknun
- Verkundirbúningur

### Hæfniskröfur

- Rafiðnaðarmenntun æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á teikniforritum æskileg
- Drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir Björn Sverrisson, deildarstjóri rekstrarsviðs á Vesturlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 29. janúar 2018 og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið atvinnuumsokn@rarik.is.

# Rafvirki á Selfossi

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkja til starfa á starfsstöð fyrirtækisins á Selfossi. Hér er um fjölbreytt starf að ræða í öflugum vinnuflokki sem vinnur við dreifikerfi RARIK á Suðurlandi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

### Helstu verkefni

- Viðhald á dreifikerfi RARIK
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðgerðir
- Nýframkvæmdir
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

### Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð
- Bílpróf

Nánari upplýsingar veitir Guðlaugur Valtýsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs á suðurlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 29. janúar 2018 og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið atvinnuumsokn@rarik.is.

# Tæknimaður á Selfossi

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkja við verkundirbúning o.fl. á starfsstöð fyrirtækisins á Selfossi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Hér er um fjölbreytt starf að ræða við dreifikerfi fyrirtækisins. Við hvetjum konur og karla til að sækja um.

### Helstu verkefni

- Verkundirbúningur
- Samskipti við viðskiptavini
- Spennugæðamælingar
- Leyfismál

### Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Þekking og reynsla af háspennukerfum er kostur
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Lárus Einarsson, deildarstjóri rekstrarsviðs á Suðurlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 29. janúar 2018 og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið atvinnuumsokn@rarik.is.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK ohf • Dvergshöfða 2 • 110 Reykjavík • Sími 528 9000 • www.rarik.is

RARIK



# ÖFLUGUR MÆLINGAMAÐUR MEÐ MEIRU

Köfunarþjónustan og Jarðfræðistofa K T óska eftir öflugum mælingamanni í fjölbreytt og lifandi starf. Saman reka þessi aðilar alhliða mælingadeild, búna nýjasta tækjabúnaði.

Markmið starfseminnar er að sækja fram á þessu sviði og verða öflugur aðili í mælingum meðal annars með fjárfestingum í nýjustu tækni. Við höfum meðal annars tekið að okkur verkefni í Grænlandi og Færeyjum.



**STARFSSVIÐ/ÁBYRGÐ**
- Dýptar- og landmælingar
- Úrvinnsla gagna
- Verkefnaöflun og tilboðsgerð
- Önnur tilfallandi verkefni
- Sveigjanlegur vinnutími

**HÆFNISKRÖFUR**
- Bakgrunnur í mælingum
- Skipstjórnarréttindi á 30 tonna bát
- Gott tengslanet æskilegt
- Meirapróf æskilegt.
- Góð tölvukunnátta æskileg.
- Kunnátta í ensku.

**EIGINLEIKAR**
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Viðkomandi hefur bíl til afnota. Hann hefur umsjón með sérsmíðuðum mælingabáti, tvíbytnunni Kríunni.
Áhugasamir sendi ferilskrá og meðmæli á hallgrimur@diving.is.
Varðandi frekari upplýsingar vinsamlega hafið samband við Hallgrím Ingólfsson á hallgrimur@diving.is eða í síma +354 893 8303.

Köfunarþjónustan er á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki 2017

JKT Jarðfræðistofa Kjartans Thors

KÖFUNARÞJÓNUSTAN EHF
„Til dæmis þurfti ég þess með þegar ég byrjaði að vinna á lögfræðistofu úti í Bandaríkjunum eitt sumar, vitandi að ég hefði ekki sömu reynslu og þekkingu á bandarísku réttarkerfi og dómaframkvæmd og aðrir nemar á stofunni. Og við að taka þá ákvörðun að taka þátt í pólitísku starfi, með öllum þeim hæðum og lægðum sem því fylgir," segir Sigríður María sem bauð sig fram fyrir Viðreisn í alþingiskosningunum árið 2016.



**Alda Karen Hjaltalín og Sigríður María Egilsdóttir.**





Elskuleg eiginkona mín og dóttir, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kolbrún J. Sigurðardóttir**

Jófríðarstaðavegi 19, Hafnarfirði,

lést 11. janúar 2018.
Að ósk hinnar látnu mun útförin fara fram í kyrrþey.
Þökkum læknum og starfsfólki 21A og Karitas fyrir umönnun í veikindum Kolbrúnar.

**Elías Rúnar Elíasson**
**Anna Dagmar Daníelsdóttir**
**Guðmundur Arnar Elíasson** **Guðrún B. Árnadóttir**
**Anna María Elíasdóttir** **Kjartan Sveinsson**
**Daníel Viðar Elíasson** **Katrín S. Hauksdóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**




Davíð útfararstjóri
Óli Pétur útfararstjóri
ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
551 3485 • udo.is

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar


Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441
ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfsdóttir Sverrir Einarsson Margrét Ásta Guðjónsdóttir
Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta
Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.
Með kærleik og virðingu
Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is




**Einar Bragi, skólastjóri Tónlistarskóla Vesturbyggðar, ásamt nokkrum nemendum sínum.** MYND/TÓNLISTARSKÓLI VESTURBYGGÐAR

# Fimmtugur tónlistarskóli

**Mikill uppgangur er í Tónlistarskóla Vesturbyggðar og hefur nemendafjöldi margfaldast á síðustu misserum. Skólastjóri skólans segir að breyttar áherslur hafi bætt starfið.**

Einar Bragi Bragason hóf störf sem skólastjóri Tónlistarskóla Vesturbyggðar fyrir tveimur árum. Hann hefur víða komið við á sínum tónlistarferli, spilaði meðal annars með hljómsveitinni Stjórninni, tekur upp tónlist heima og spilar hingað og þangað um landið.

Tónlistarlíf bæjarfélagsins blómstrar og spennandi tímar eru fram undan að mati Einars Braga. „Starf tónlistarskólans hefur átt sínar hæðir og lægðir eins og gengur. Mér skilst að árið 1997 hafi verið stór lúðrasveit hér og það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom var að fara niður í kjallara og grafa upp í gegnum þykkt lag af ryki full af hljóðfærum og laga þau . Auk þess fékk ég fjármagn til að kaupa ný hljóðfæri og ég hef fengið mikinn stuðning frá bæjaryfirvöldum varðandi starfið.“

Einar Bragi segir nemendafjölda tónlistarskólans hafa margfaldast á undanförnum misserum. „Fjöldinn var á milli tuttugu og fimm og þrjátíu börn þegar ég kom en núna eru sjötíu fullgildir nemendur og svo þrettán nemendur leikskólans sem eru í svokölluðu tónföndri. Þetta er fólk frá fimm ára aldri og upp í svona sextán, sautján ára.“

Einu sinni í viku kveðst Einar Bragi fara á vegum tónlistarskólans í félagsheimili fyrir eldri borgara á Patreksfirði. „Það má því segja að nemendur séu upp í nírætt,“ segir hann glaðlega.

„Svo er svolítið gaman að segja frá því að þeir sem eru lengst komnir í gítarnámi hér eru í fjarnámi hjá kennara í austasta bæ Íslands, Neskaupstað, en Jón Hilmar Kárason, gítarsnillingur og frumkvöðull í þannig námi, hefur tekið þá kennslu að sér. Kennslan nær því þvert yfir landið, til vestasta bæjar landsins sem er Patreksfjörður.“

Einar Bragi segir ástæðu fyrir uppgangi skólans bjartsýni í bæjarfélaginu að þakka. Hér er margt ungt fólk sem er ekki á leið burt og annað að koma. Við höfum lagt áherslu á að tónlistarnám á að vera skemmtilegt. Nemendur skólans eru mjög sjáanlegir í bæjarfélaginu, við spilum fyrir eldri borgara, komum fram á skemmtunum bæjarins, styrktartónleikum, jólaböllum og þegar kveikt er á jólatrjánum svo eitthvað sé nefnt.“

Stefnt er að því að halda veglega vortónleika í tilefni afmælisársins og fá einhvern gest til að spila með, að sögn Einars Braga. „Einnig stendur til að stækka húsnæði skólans, við erum búin að fá loforð um það frá bæjaryfirvöldum svo óhætt er að segja að bjart sé fram undan í tónlistarlífi Vesturbyggðar.“ **aroningi@frettabladid.is**



Ástkær sonur okkar,

**Einar Þór Einarsson**

Einigrund 4, Akranesi,

lést af slysförum miðvikudaginn 3. janúar sl. Hjartans þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem hafa sýnt okkur samhug og veitt ómetanlegan styrk.

**Guðríður Haraldsdóttir**
**Einar Guðjónsson** **Björk Jóhannesdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



Ástkær faðir okkar,

**Halldór Hinriksson**

frá Framnesi,

lést á hjúkrunarheimilinu í Neskaupstað 10. janúar. Útförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 19. janúar kl. 14.00.

**Hinrik Halldórsson** **Guðbjörg Stefánsdóttir**
**Ragna Halldórsdóttir** **Ingólfur Jónsson**
**Rósa Þóra Halldórsdóttir** **Hálfdan Hálfdanarson**
**Rakel Halldórsdóttir** **Sturla Þórðarson**
**Sigríður Ósk Halldórsdóttir** **Bergur Þorkelsson**
**og aðrir aðstandendur.**



Elskuleg dóttir okkar, systir, barnabarn, mágkona og frænka,

**Helena Kolbeinsdóttir**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans fimmtudaginn 4. janúar.
Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 19. janúar klukkan 13.

**Kolbeinn Steinbergsson** **Erla K. Ólafsdóttir**
**Siggeir Kolbeinsson** **María Harðardóttir**
**Berglind Kolbeinsdóttir** **Eiríkur B. Jóhannesson**
**Sigríður Siggeirsdóttir**
**og systkinabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Staðir allt í kring um Guðrúnu Helgu

Guðrún Helga Andrésdóttir sýnir vatnslita- og olíumyndir í Safnahúsi Borgarfjarðar, Bjarnarbraut 4-6, um þessar mundir, flestar þeirra málaðar á síðasta ári. Myndirnar eru margar hverjar af stöðum sem Guðrún tengist á einhvern hátt eða hefur komið á. Með það í huga nefnir hún sýninguna Staðir allt um kring.

Guðrún Helga býr í Borgarnesi og á ættir að rekja í Suður-Þingeyjarsýslu og uppsveitir Borgarfjarðar. Er dóttir Þorgerðar Kolbeinsdóttur frá Stóra-Ási og Andrésar Kristjánssonar ritstjóra. Hún hefur lagt stund á myndlist um margra ára skeið og sótt sér menntun á því sviði gegnum árin.

Átta bæir í Hálsasveit sem voru í Stóra-Ás kirkjusókn áður en hún var lögð niður og færð til Reykholts eru meðal myndefna á sýningunni. Kveikjan að því er setning í bókinni Engjafang eftir móðurbróður Guðrúnar, Magnús Kolbeinsson: „Frá bernsku er mér minnisstætt þegar ég horfði á kirkjufólkið koma til kirkju úr þremur höfuðáttum, framan frá Hraunsási og Húsafelli, sunnan frá Augastöðum og Giljum og utan frá Kollslæk, Sigmundarstöðum og Refsstöðum.“

Auk bæjamyndanna sýnir Guðrún Helga myndir af fjöllum og öðrum náttúrufyrirbærum í nágrenninu og fleiri stöðum.

Sýningin er opin kl. 13 til 18 virka daga til 2. mars og aðgangur er ókeypis.



**Hér voru það blómin sem heilluðu Guðrúnu.**

---



✝

Móðir okkar,

**Björg Hermannsdóttir**

Álfheimum 40, Reykjavík,

sem lést 3. janúar síðastliðinn, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 17. janúar kl. 13.00.

**Hjalti, Hermann, Lilja og Bergur**

---



✝

Innilegar þakkir til þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**Kristjönu Höllu Ingólfsdóttur**

frá Kirkjubóli,
Dalbraut 14, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks A7 á Landspítalanum.

**Grímur Benediktsson**
**Benedikt G. Grímsson**
**Anna Inga Grímsdóttir** · **Svanur Ingimundarson**
**Gunnar Rúnar Grímsson** · **Ragna Þóra Karlsdóttir**
**Smári Gunnarsson** · **Stephanie Thorpe**
**Grímur Gunnarsson**
**Sara Benediktsdóttir** · **Albert Valur Albertsson**
**Lilja Karen Albertsdóttir**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Þórir Guðmundsson**

rafvirkjameistari,
Langagerði 29, Reykjavík,

lést sunnudaginn 7. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 15. janúar klukkan 13.

**Ása Jörgensdóttir**
**Guðmundur Einarsson** · **Åse Marit Holtet**
**Agnes Einarsdóttir** · **Eyþór Pétursson**
**Ása Einarsdóttir** · **Ole Oroug**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát hjartkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Þorsteins Ragnarssonar**

Fornasandi 6, Hellu.

Sendum ykkur öllum hugheilar óskir um gleði og frið á nýju ári.

**Sigríður Hannesdóttir**
**Halldóra Þorsteinsdóttir** · **Gils Jóhannsson**
**Viðar Már Þorsteinsson** · **Sigdís Hrund Oddsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Björg Jónsdóttir**

áður til heimilis að Veðramótum
við Dyngjuveg 14, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 10. janúar á hjúkrunarheimilinu Mörk. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 17. janúar kl. 13.00

**Kristín Svavarsdóttir** · **Birgir Jóhannesson**
**Svavar Svavarsson** · **Jónína Garðarsdóttir**
**Jón Svavarsson** · **Erla Eiríksdóttir**
**Halldór Svavarsson** · **Steina Kristjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Aðalbjargar Kristjánsdóttur**

Seljahlíð, Hjallaseli 55.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Seljahlíðar.

**Ágúst Ingi Andrésson** · **Bryndís Jónsdóttir**
**Ingibjörg Andrésdóttir** · **Hreinn Guðmundsson**
**Helgi Magnússon**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Okkar yndislega, hjartahlýja

**Erla Vilhjálmsdóttir**

Grænumýri 9,
Seltjarnarnesi,

lést fimmtudaginn 11. janúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin verður auglýst síðar.

**Magni Blöndal**
**Pétur B. Magnason** · **Helene F. Hanøy**
**Dagmar Magnadóttir** · **Guðmundur J. Arngrímsson**
**Magni Aron Guðmundsson**
**Margrét Sigurðardóttir**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir** · **Jóhann H. Bjarnason**
**Pálmi Vilhjálmsson** · **Áslaug Ívarsdóttir**
**Margrét Dögg Sigurðardóttir**

---



✝

Ástkær móðir mín,

**Sigurleif J. Sigurjónsdóttir**

hjúkrunarfræðingur
frá Fosshólum,
Furugrund 68, Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans þann 2. janúar síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Bárður Jónsson**

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**Gunnars Daníels Sæmundssonar**

bónda frá Broddadalsá.

**Kristjana Brynjólfsdóttir**
**Brynja Guðbjörg Valgeirsd.**
**Sæmundur Gunnarsson** · **Guðrún Gígja Karlsdóttir**
**Hafdís Gunnarsdóttir** · **Hjörtur Númason,**
**Brynjólfur Gunnarsson** · **Fanney Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Friðrik Sófusson**

Safamýri 46, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 4. janúar. Jarðsungið verður frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 16. janúar klukkan 13.00.

**Ingunn Hlín Björgvinsdóttir**
**Björgvin S. Friðriksson** · **Adda Björk Jónsdóttir**
**Friðrik M. Friðriksson** · **Gunnrún Gunnarsdóttir**
**Guðný Hlín Friðriksdóttir** · **Karel Ómar Guðbjörnsson**
**Friðgerður M. Friðriksdóttir** · **Ófeigur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Margrét Guðlaugsdóttir**

frá Stóra-Laugardal, Tálknafirði,
síðast til heimilis að Borgarheiði 18,
Hveragerði,

lést miðvikudaginn 10. janúar á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 18. janúar kl. 13.00.

**Örn Sveinsson**
**Vignir Arnarson** · **Helga Birna Berthelsen**
**Steinar Arnarson** · **Marion Gisela Worthmann**
**Guðbjörg Arnardóttir** · **Benedikt Páll Jónsson**
**Björgvin Arnarson** · **Eva Lind Jóhannesdóttir**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Innilegar þakkir til þeirra er sýndu okkur samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Önnu Aðalheiðar Guðmundsdóttur**

Munkaþverá, Eyjafirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarhlíðar fyrir góða umönnun og hlýhug í hennar garð.

**Stefán G. Jónsson** · **Sigríður Jónsdóttir**
**Guðrún M. Jónsdóttir** · **Jón Már Björgvinsson**
**Jón Heiðar Jónsson**
**Vilhjálmur Björn Jónsson**
**Guðmundur Geir Jónsson** · **Doris Anita Adamsdóttir**
**Þorgeir Smári Jónsson** · **Erla Sigríður Magnúsdóttir**
**Þóra Valgerður Jónsdóttir** · **Vignir Bragi Hauksson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðrún Hjálmarsdóttir**

Hólkoti, Unadal,

lést mánudaginn 8. janúar á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 20. janúar kl. 11. Jarðsett verður að Hofi á Höfðaströnd. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki.

**Hjálmar Sigmarsson**
**Steinunn Hjálmarsdóttir** · **Hafsteinn Ragnarsson**
**Kristjana S. Hjálmarsdóttir** · **Valdimar H. Birgisson**
**Guðmundur U.D. Hjálmarsson** · **Erla Sigurðardóttir**
**Halldór I. Hjálmarsson** · **Hulda Gísladóttir**
**Ingibjörg Á. Hjálmarsdóttir** · **Sigurður Þorleifsson**
**Guðrún Hjálmdís Hjálmarsdóttir** · **Grétar Jakobsson**
**Jakobína Helga Hjálmarsdóttir** · **Þórarinn Þórðarson**
**Guðfinna Hulda Hjálmarsdóttir** · **Steen Johansson**
**Haraldur Á. Hjálmarsson** · **María Pétursdóttir**
**Hjálmar Höskuldur Hjálmarsson** · **Linda Friðriksdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**SAMFÉLAGSMIÐLAR**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| B | R | A | U | T | S | K | R | Á | | K | | Á | | L | | S | | B | |
| O | | F | | U | | L | | S | T | Ó | R | S | K | O | T | A | L | I | Ð |
| L | I | T | A | G | L | E | Ð | I | | R | | T | | F | | U | | T | |
| L | | A | | A | | F | | G | R | A | F | G | Ö | T | U | R | N | A | R |
| A | S | N | A | S | T | A | L | L | | L | | J | | A | | G | | M | |
| L | | V | | T | | N | | I | L | L | M | A | N | N | L | E | G | U | M |
| E | | E | F | A | M | A | N | N | | A | | R | | D | | R | | N | |
| G | | R | | F | | U | | G | E | R | A | N | D | I | | I | | U | |
| G | U | Ð | L | A | S | T | A | | I | | | A | | | B | L | Ó | R | A |
| J | | U | | | N | | | | K | R | A | N | A | B | Í | L | L | | Ð |
| A | U | R | B | L | A | U | T | R | A | | U | | L | | L | | Í | | L |
| | M | | A | | R | | A | | R | Ö | K | R | Æ | Ð | A | | T | | I |
| Á | B | Ú | Ð | A | R | F | U | L | L | | A | | T | | P | Á | I | N | N |
| | Ó | | V | | Á | | M | | A | N | D | F | U | G | L | | L | | U |
| Ú | T | G | E | R | Ð | U | M | | U | | A | | N | | Ö | L | L | U | M |
| | A | | R | | A | | J | A | F | N | G | R | A | N | N | A | | P | |
| S | M | Í | Ð | A | S | K | Ú | R | | Á | | É | | Á | | T | I | P | P |
| | E | | I | | T | | K | A | N | T | S | T | E | I | N | A | | L | |
| S | N | Ú | N | A | R | | | N | | T | | T | | N | | S | L | I | T |
| | N | | A | | A | N | D | S | V | A | L | A | N | N | | T | | T | |

**LAUSNARORÐ** E: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist hefðbundinn íslenskur matur af asískum rótum sprottinn (13) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 18. janúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „13. janúar“.





FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Dalalíf – Laun syndarinnar** eftir **Guðrúnu frá Lundi** frá Forlaginu. Vinningshafi krossgátunnar var **Björn Pétursson, Seltjarnarnesi.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Blundur sem bræðir mör? Það er meðferð í lagi (11)
**10** Forsögn um brottför byggir á svörum fólks á förum? (10)
**11** Samtals þraukum við í nokkuð rúmgóðum heimi (9)
**12** Rek hornin í flón milli dulustaura (10)
**13** Barmur bifast af lofti ef steik er í boði (11)
**14** Steingerð kvoða vistvænu vagnanna (10)
**15** Skýringin á brennunni liggur í tundrinu (11)
**16** Nói ver róna meðan þessi ruglaði vírus veldur ræpu (10)
**20** Tel bjagaða kaunagrímuna laga bólguna í brúnaljósunum (11)
**25** Slepp þeim sem einfaldar eru (9)
**28** Hvað um þá sem græða með stráum? (12)
**30** Vísindastofnunarversið um hnýsinn mann (9)
**31** Sé hefðarfólk í helstu ræmu kvöldins (12)
**32** Tel vonda inn við beinið reyna að aðlaga mig (9)
**34** Pál má sjá með þengli af sterkustu sort (10)
**36** Set fífl sem aðmíráll flónaflota (9)
**39** Sé grilla í grösugt þýfi (3)
**41** Umbuna fyrir mismun umbunar (8)
**45** Tryggi að lungu haggist ekki úr stað (7)
**46** Muna hakk – kjarna góðs innrætis (9)
**47** Kverk fyrir kerald, segja eiturbrasarar (6)
**48** Áhöld skolta bræða mörinn (7)

### LÓÐRÉTT

**1** Armagítar og indæll kokteill valda uppnámi (9)
**2** Bana og drep við götu Einfríðar (9)
**3** Spik Þórsfóstra er sem lopasmurning (9)
**4** Grannur á ný, einkum um rumpinn (9)
**5** Held ég ani að miðjum kórnum með súrusafninu (9)
**6** Gagarín er skriðinn í koju (9)
**7** Galsa öðlast sá sem ekki kemst á fætur (8)
**8** Kný mótor með knjám og þarf viðeigandi skæði (10)
**9** Held ég ali gutta og rugli þá í massavís (8)
**10** Tölt mitt á toppinn liggur um stiga (8)
**17** Óttast að samborgari minn sé nánast útlægur (7)
**18** Spilum tröll upp úr skónum með stórstjörnum (9)
**19** Nuddar afkvæmin og þvagframleiðslueiningarnar (9)
**21** Grálaxatjörn er góð til birtingsveiða (12)
**22** Nánust gengnu sem síðast leið? (9)
**23** Set frostlög í ísskápinn (9)
**24** Nema uppfyrir og umhverfis (8)
**26** Sátan er sem táin tætta (5)
**27** Valtari fyrir þann sem allt veit (7)
**29** Dútldraugur er að fúska núna (7)
**33** Mun sá gagnorði skilja „staðbrigði“? (7)
**35** Gelt og nið um þau sem kætast og klæmast úr hófi (6)
**37** Hér segir af gjaldeyri í fásinni (5)
**38** Staulast um með fyrsta staf (5)
**40** Lætur sig dreyma um verðlaun (5)
**42** Vantar svanga í hræ númer eitt? (4)
**43** Það var skellur þegar þetta sport var tekið upp (4)
**44** Bíddu, var ekki hræ númer eitt einnig í 42? (4)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | | | 4 | 5 |
| | | 8 | | 4 | 3 | | | |
| 9 | | 2 | 1 | | 8 | 3 | | |
| 1 | 3 | 5 | | | | | | 7 |
| | | 9 | | 8 | | 5 | | |
| 7 | | | | 3 | 2 | | | 9 |
| | | | | | | | 2 | |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | 9 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | 7 | 2 | | |
| 2 | | 7 | 5 | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | | 7 |
| | 2 | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| | | 8 | | 2 | 3 | 7 | | |
| | 6 | 5 | | | | 8 | | |
| | 4 | | | | 6 | | | 9 |
| | | 9 | 3 | 1 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | | 1 | 4 | | |
| 8 | 6 | 3 | | | | | 5 | 7 |
| | 1 | | 5 | | | | | 3 |
| 4 | | | | | | 3 | | |
| 1 | 2 | | | | 6 | | 8 | |
| 3 | | | | | 4 | | | 1 |
| 5 | 3 | 2 | | | 7 | | | |
| | | 9 | | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | | | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | 6 | 3 | 1 | 7 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 8 | 6 | 9 | 2 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 5 | 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 2 | 7 | 1 | 9 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 7 | 1 | 9 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 5 | 2 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 5 |
| 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 5 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 4 | 6 | 5 | 8 |
| 5 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 9 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson



Jóhann Ingvason (2121) átti leik gegn Halldóri Grétari Einarssyni (2257) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.

**Hvítur á leik**

**25. He7!** (25. Dxa4 Dg5!) **25... Hf7** (hvítu hótaði 26. Dg6) **26. Hxf7 Kxf7 27. Dc4+ Kf6 28. Dxd4+ Kf7 29. Dc4+ Kf6 30. Df4 1-0.** Snarplega teflt hjá Jóhanni.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### TVÍRÆÐAR HINDRUNARSAGNIR

Mörgum íslenskum bridgespilurum er ennþá í fersku minni þegar landsliðið í opnum flokki varð heimsmeistari í keppni um Bermúdaskálina. Spilastaðurinn var Yokohama í Japan árið 1991. Þörin sem skipuðu íslenska landsliðið voru Aðalsteinn Jörgensen-Jón Baldursson, Guðmundur Páll Arnarson-Þorlákur Jónsson og Guðlaugur R. Jóhannsson-Örn Arnþórsson. Andstæðingar Íslendinga í úrslitaleiknum voru Pólverjar. Í þessu spili í leiknum græddi íslenska liðið vel á því að vera með óræða hindrunarsögn sem Pólverjum gekk illa að ráða við. Norður var gjafari og allir utan hættu:

**Norður**
♠ 4
♥ ÁD105432
♦ 874
♣ 94

**Vestur**
♠ K1082
♥ 87
♦ G52
♣ KDG5

**Austur**
♠ G9653
♥ K9
♦ ÁD93
♣ Á7

**Suður**
♠ ÁD7
♥ G6
♦ K106
♣ 108632

Þar sem Guðlaugur og Örn sátu AV hóf Pólverjinn Cesari Balicki sagnir í norður á hindrunarsögninni 3 ♥. Örn doblaði í austur, Pólverjinn Zmudzinski passaði og Örn stökk í 4 ♠. Útspilið var ás í hjarta og skipt yfir í tígulsjöu. Örn setti skynsamlega tíguldrottningu sem drepin var á kóng og skipti yfir í lauf. Örn drap á ás í blindum og svínaði næst spaðaníunni og vann sitt spil. Þar sem Aðalsteinn og Jón sátu NS opnaði Jón í norður á tvíræðu opnuninni 3 ♦ sem táknaði hindrun í öðrum hvorum hálitanna. Pólverjinn Piotr Gawrys doblaði í austur og Aðalsteinn sagði 3 ♥. Kristof Lasocki doblaði sem átti einungis að sýna punktastyrk en Gawrys tók það sem refsingu. Hann passaði og Aðalsteinn spilaði 3 ♥ dobluð. Hann fékk sína upplögðu 8 slagi og var 1 niður. Aðalsteinn og Jón voru með margar tvíræðar hindrunarsagnir sem mörgum reyndist erfitt að verjast

# ÚTSALAN ER HAFIN

## 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



MADISON TUNGUSÓFI
Stærð: 281X172cm
~~Verð: 209.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 167.200,-



CANNON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 284X190/165cm
~~Verð: 279.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 195.300,-



MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
~~Verð: 236.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 177.000,-



JERSEY 4RA SÆTA SÓFI
Breidd: 298cm
~~Verð: 195.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 136.500,-



ALEXA SKENKUR – hvítt matt/eik
Breidd: 160cm
~~Verð: 138.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 96.600,-



ALEXA STÆKKANLEGT BORÐ
Hvítt matt/eik
Stærð: 190(230)X90cm
~~Verð: 138.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 103.500,-



MAX STÓLL
~~Verð: 16.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 12.675,-



CLARK STÓLL
~~Verð: 16.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 10.140,-



COBY STÓLL
~~Verð: 18.500,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 14.800,-



MILO STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 14.320,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00 Sun: 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi

284

„Jæja þá, tvær sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. Konráð horfði á gáturnar. „Allt í lagi,“ sagði hann. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði hún montin.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | | 5 | | 3 |
| 1 | 4 | | 2 | | 3 | | | 9 |
| | 8 | 9 | | 5 | | 4 | 1 | |
| 7 | 3 | | 9 | 1 | | 8 | 2 | |
| | | 8 | 5 | | 2 | 3 | | 1 |
| 5 | | 2 | | | 4 | 9 | 6 | |
| 8 | | 1 | 3 | | 5 | 2 | | 4 |
| | 5 | | 4 | | 1 | | | 8 |
| | 9 | | 7 | 2 | 8 | | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | | 8 | | 6 | | |
| | 2 | 9 | | | 7 | 4 | | 3 |
| | 1 | | 9 | 4 | 3 | | 8 | 7 |
| 7 | | | 8 | 6 | | 9 | | |
| 6 | | 8 | | | 9 | | | 1 |
| | | 1 | 7 | | | 8 | 6 | 2 |
| 1 | | 7 | | 5 | | 3 | 9 | |
| 2 | 4 | | | | | | 7 | |
| | 8 | 5 | 3 | | 6 | 1 | | |



Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata?



Ólöf Birna og Rannveig Edda vilja vekja fólk til umhugsunar um loftslags- og umhverfismál og hafa skrifað niður stefnuskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Við eigum bara þessa einu jörð

Rannveig Edda Aspelund og Ólöf Birna Ólafsdóttir eru hugsjónakonur sem vilja vernda umhverfið. Báðar eru á tíunda ári og búa hlið við hlið í Garðabæ.

En hvernig birtist mengun jarðarinnar þeim?

**Rannveig Edda:** Þegar við erum á leiðinni heim úr skólanum sjáum við oft rusl og það finnst okkur ömurlegt.

**Ólöf Birna:** Við eigum nefnilega bara þessa einu jörð og ef hún skemmist hvað gerist þá? Hvert förum við?

**Rannveig Edda:** Við viljum minnka plastnotkun. Til dæmis reynum við að nota ekki mikið af plastpokum undir skólanestið.

**Ólöf Birna:** Og ef við notum plastpoka, þá nýtum við þá aftur.

**Rannveig Edda:** Svo viljum við minnka bensín- og dísilnotkun.

**Ólöf Birna:** Það eru svo margir á okkar aldri sem vilja fá far í skólann og láta keyra sig hvert sem er.

**Rannveig Edda:** Við viljum fá fólk til að ganga í skólann, við erum með fætur, hvað eigum að gera við þá?

**Ólöf Birna:** Rafmagnsbílar menga minna en bensín- og dísilbílar.

**Rannveig Edda:** Svo ætti fólk að planta fleiri trjám því bílar dæla frá sér eiturefni en trén taka efnið að sér og búa til úr því súrefni, svo við getum andað.

Hvað geta venjulegar fjölskyldur gert dagsdaglega til að minnka mengun?

**Rannveig Edda:** Ekki fá sér meira á diskinn en maður borðar til að sóa ekki mat.

**Ólöf Birna:** Og klára það sem búið er að kaupa í matinn áður en það rennur út á tíma svo það þurfi ekki að henda neinu.

**Rannveig Edda:** Fólk ætti að kaupa minna og nota það sem það á, meðal annars föt.

**Ólöf Birna:** Að ferðast skynsamlega er eitt. Sumt fólk fer svo oft til útlanda og flugvélarnar menga mikið við að flytja það milli landa.

**Rannveig Edda:** Það er sniðugra að velja vel ferðirnar og fara færri og betri ferðir. Til dæmis með alla fjölskylduna.

Funduð þið upp á þessum pælingum sjálfar?

**Ólöf Birna:** Já, aðallega. Wall-E myndin hafði líka áhrif á okkur.

**Rannveig Edda:** Við byrjuðum samt að hugsa um þetta áður en við sáum hana.

> **VIÐ VILJUM FÁ FÓLK TIL AÐ GANGA Í SKÓLANN, VIÐ ERUM MEÐ FÆTUR, HVAÐ EIGUM AÐ GERA VIÐ ÞÁ?**

## Gátur

1. Hvaða garður er alltaf blautur?

2. Hvað er það sem brosir við öllum en hlær þó ekki að neinum?

3. Hvaða blað er ekki hægt að rífa?

4. Stundum hef ég höfuð, stundum ekki, stundum er ég með tagl en stundum ekki. Hver er ég?

5. Hvað er það sem er hnöttótt eins og egg, hefur fjölda augna en er þó sjónlaust?



SVÖR 1. Tanngarður 2. Sólin 3. Hrífsblað 4. Hárkolla 5. Kartafla



Fallegt og hollt er að setja ferskt grænmeti ofan á kökuna.

## Eggjakaka

**3 egg**
**½ tsk. basilíka eða annað grænmetiskrydd**
**Ögn af pipar**
**25 g smjör**

Gott er að nota skinku og afganga af kjöti, kartöflum og öðru grænmeti út í til að gera eggjakökuna matarmeiri. Rifinn ostur eða skorinn í bita er líka upplagður.

Eggin eru hrærð létt í skál ásamt piparnum. Afgöngunum bætt í. Smjörið er brætt á pönnu við meðalhita. Eggjunum hellt á pönnuna og pikkað í hana meðan hún er að þykkna. Lok er sett á pönnuna og kakan höfð á vægum hita í nokkrar mínútur í viðbót.


EM Í HANDBOLTA 2018
STRÁKARNIR OKKAR
STJÓRNA
AFSLÆTTINUM
-26
KR. Í DAG
MEÐ LYKLUM OG KORTUM HJÁ OLÍS OG ÓB
SVÍÞJÓÐ - ÍSLAND
24-26
olís
ÓB
olís DEILDIN
Við styðjum íslenska handboltann
olís
Vinur við veginn

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Sunnanstrekkingur í dag og él eða skúrir, en léttskýjað norðaustanlands. Rigning eða slydda sunnanlands um kvöldið, en snjókoma í uppsveitum. Hiti 0 til 5 stig.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 1° | Oslo -1° | Stokkhólmur 2° | Gautaborg 1° | Helsinki -2° | Þórshöfn 7° | Nuuk -13° |
| London 7° | Amsterdam 6° | París 7° | Berlín 0° | Madríd 5° | Brussel 6° | Róm 13° |
| Boston 12° | New York 6° | Orlando 12° | Moskva -6° | Singapúr 24° | Tókýó 0° | Sydney 20° |




## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -1° ↗12 | -3° ↓13 | -6° ↙4 | -5° ↖10 | -2° ↙4 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↗17 | -7° ↓17 | -11° ↙6 | -8° ↗3 | -4° ←4 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -7° ↗10 | -8° ↗6 | -10° ↘3 | -11° ↗6 | -5° ↙4 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -4° ↑12 | -8° ↘2 | -8° →3 | -10° ↖5 | -4° ↙5 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ↗12 | -7° ↓14 | -11° ↓7 | -9° ↓5 | -4° ↓6 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HB HÚSGAGNABANKINN

## RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGA

**Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is**



Quattro sófasett, alklætt ekta leðri

**Tilboð 309.000**

Verð áður 387.000



Club sófasett, alklætt ekta leðri

**Tilboð 287.000**

Verð áður 359.000



Classico sófasett, alklætt ekta leðri

**Tilboð 309.000**

Verð áður 387.000



Michigan sófasett, alklætt ekta leðri

**Tilboð 317.000**

Verð áður 397.000



Portland sófasett, alklætt ekta leðri

**Tilboð 333.000**

Verð áður 417.000



Bentley sófasett, alklætt ekta leðri

**Tilboð 365.000**

Verð áður 457.000



Carrera 2 mótora lyftistóll
í sterku áklæði

**Tilboð 100.000**

Verð áður 125.000



Carrera 1 mótors lyftistóll
Alklæddur ekta leðri

**Tilboð 114.000**

Verð áður 143.000



Glerskápur í gegnheilu Mahogany

**Tilboð 188.000**

Verð áður 235.000



Houston sófasett, alklætt ekta leðri

**Tilboð 390.000**

Verð áður 490.000



Viceroy rafknúinn hægindastóll
Alklæddur ekta leðri

**Tilboð 119.000**

Verð áður 149.000



Carrera hægindastóll
Alklæddur ekta leðri

**Tilboð 71.000**

Verð áður 89.000



Gangaborð
Stærð 90 x 40 sm - h. 86 sm

**Tilboð 47.000**

Verð áður 59.000



Sófaborð
Stærð 110 x 60 sm - h. 53 sm

**Tilboð 63.000**

Verð áður 79.000

Opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga

**www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030**

# Það er skapandi eins og það er nagandi að efast

**Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir snýr aftur á fjalirnar eftir þrettán ára hlé. Hún segir að það sé gott að vera miðaldra leikkona akkúrat núna og að því fylgi ákveðin andleg hvíld að fá magnað hlutverk í hendurnar.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Steinunn Ólína segir karlmenn sem beita konur ofbeldi ekki karlmenn heldur vesalinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fyrir þrettán árum ákvað Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir að hætta í leikhúsinu eftir þá þegar afar farsælan feril. Ákvörðunin kom mörgum á óvart enda margir um hituna og hvert tækifæri í leikhúsinu en Steinunn Ólína segir sjálf að það hafi einfaldlega legið margar ástæður að baki. „Of mikið vinnuálag var kannski helsta ástæðan og sú staðreynd að mér fannst vinnan ekki lengur ögrandi. Mig langaði líka til að láta á það reyna hvort ég væri hreinlega fær um að gera eitthvað annað en að leika en ég hafði starfað í atvinnuleikhúsi í nærri 20 ár þegar ég ákvað að venda kvæði mínu í kross.

Mig langaði líka til að eignast stærri fjölskyldu og gat ómögulega hugsað til þess að vera svo fjarri börnum mínum eins og ég reyndi með mitt fyrsta barn. Mig langaði til að vera mamma.“

Steinunn Ólína segir að það hafi líka eflaust verið í henni einhver ótti við að verða gólfþjöl í Þjóðleikhúsinu sem eflaust hafi þó verið ástæðulaus og ótímabær kvíði. Hún bendir líka brosandi á að nú sé runnin upp gósentíð miðaldra kvenna í sjónvarpi og kvikmyndum. „Einhver vitringurinn er búinn að átta sig á því að konur horfa á sjónvarp og kvikmyndir og sá áhorfendahópur vill gjarnan horfa á kynsystur sínar takast á við hin ólíkustu hlutverk. Það er gott að vera miðaldra leikkona akkúrat núna,“ segir Steinunn Ólína og brosir spopsk.

### Andleg hvíld

Verkið sem Steinunn Ólína valdi til þess að snúa aftur er Efi dæmisaga, eftir bandaríska leikskáldið John Patrick Shanley í leikstjórn Stefáns Baldurssonar. Verkið hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda en það þykir vera krefjandi fyrir leikara. Steinunn Ólína segir að það séu samverkandi þættir í þessu verkefni sem hafi orðið til þess að hún ákvað að snúa aftur. „Akkúrat núna finnst mér þetta aftur vera mikil áskorun og ég er áhættusækin að eðlisfari. Þetta er líka dásamlegt hlutverk og þó svo umfjöllunarefnið sé erfitt þá fylgir því ákveðin andleg hvíld að fá svona magnað hlutverk í hendurnar. Gjafir leiklistarinnar eru margar en meðal annars þær að gefa manni frí frá sjálfum sér. Maður fær frið fyrir hversdagsamstrinu þegar maður fær að leika góð hlutverk.“

Steinunn Ólína hefur á orði að óneitanlega hafi samstarfsfólkið líka haft mikið að segja. „Stefán Baldursson, leikstjóri sýningarinnar, er einn af stærstu áhrifavöldum í mínu lífi, hann réð mig á samning í Þjóðleikhúsinu á sínum tíma og kann betur til verka í leikhúsi en flestir. Ég treysti honum til að láta mig ekki komast upp með nein undanbrögð eða kjaftæði. Leikstjórar verða að gera miklar kröfur til leikara sinna og það gerir Stefán af stakri nákvæmni. Stefán lætur alltaf verkin og leikarana sem hann vinnur með í forgang og gerir sjálfan sig ekki að aðalatriði í sýningum sínum. Æfingaferlið hefur verið afar gjöfult og það er einstakt að leika á móti Hilmi, Láru Jóhönnu og Sólveigu, allt afburðaleikarar.“

### Skapandi að efast

Leikritið fjallar um skólastýru í kaþólskum barnaskóla í New York sem þarf að horfast í augu við grun þess eðlis að prestur í kennarahópnum eigi í óeðlilegum samskiptum við einn af skólapiltunum. Steinunn Ólína segir að vissulega tali verkið inn í metoo-umræðu dagsins í dag þar sem við sem samfélag stöndum líka frammi fyrir stórum spurningum. „Hvað er satt og hvað er logið? Flestir eiga erfitt með að henda reiður á hverjar af heimsfréttunum eru marktækar, ef þá einhverjar. Í Hvíta húsinu situr brjálaður maður sem er ekki bara Ameríkönum til skammar heldur heimsbyggðinni allri. Hvernig gerðist það og hvernig gátum við verið svona andvaralaus? Verkið Efi varpar fram þeirri spurningu hvort sannfæring okkar sé endilega óskeikull sannleikur.

Viljum við búa í samfélagi þar sem einstaklingar taka sér dómsvald í hendur? Verkið fjallar um efann og þann sköpunarkraft sem felst í því að vera ekki viss, að þurfa að velta hlutunum fyrir sér og komast kannski ekkert endilega að réttri niðurstöðu. Það er skapandi eins og það er nagandi að efast.“

### Að geta leikið er náðargáfa

Leikhús- og kvikmyndaheimurinn hefur verið hvað mest áberandi í metoo-umræðunni en Steinunni Ólínu hefur ekki fundist hún knúin til þess að niðurlægja sig kynferðislega til að fá vinnu sem leikkona. „En ég hef auðvitað fengið minn skammt af durts- og dólgslátum karlmanna í gegnum lífið eins og því miður flestar konur en ég hef aldrei upplifað sviðslistaheiminn sérstaklega sem hættulegan eða kvenfjandsamlegan.

Það hryggja mig sögur ungra kvenna í sviðslistaheiminum, sér í lagi sögur úr skólum þeim sem kenna fagið. Þar hefur eitthvað mikið verið að í kennsluháttum og mér finnst ótækt að þar axli ekki stjórnendur ábyrgð á mannaráðningum og starfsháttum sem þar hafa augljóslega viðgengist.

Ég fer ekkert ofan af því að í einhvern tíma virðast nemendur á leikarabraut Listaháskóla Íslands hafa farið á mis við faglegt nám og ef ég væri menntamálaráðherra myndi ég fara ítarlega ofan í saumana á því hverju það sætir. Það er ekki nóg að einhverjar karldulur segi sig frá störfum til að friða mannskapinn og slá ryki í augu almennings.

Að nemendur í leiklistarnámi hafi þurft að sæta andlegu og kynferðislegu ofbeldi af hendi kennara eins og sögur vitna um er fráleitt. Leiklist er ekki sálarfræði, þú kennir engum að leika með því að brjóta viðkomandi niður. Að geta leikið er náðargáfa og nemendur í leiklistarskólum eiga heimtingu á því að læra að beita þeirri náðargáfu. Fá fyrst og fremst tækníska þjálfun í raddbeitingu, textameðferð og líkamsbeitingu svo eitthvað sé nefnt. Í leiklistarskóla eiga nemendur að öðlast það sjálfstraust að geta farið frá sjálfum sér og búið til listaverk í hlutverkum sínum. Það fæst ekki með stöðugu niðurbroti eða kolrangri áherslu á sálarlíf leikarans. Sálarlíf leikara er ekkert interessant og enginn borgar sig inn í leikhús til að fylgjast með því. Það er hins vegar áhugavert að horfa á leikara sem geta búið til persónur á sviðinu sem eru ólíkar þeim sjálfum.“

### Ekki karlmenn heldur vesalingar

Steinunn Ólína leggur þó áherslu á að það sé varasamt að taka leiklistarog bíóbransann út fyrir sviga í þessari umræðu. „Metoo hefur áhrif á allt samfélagið í gegnum allar starfsstéttir. En fjölmiðlar hafa sérlegan áhuga á metoo-umræðu um sviðslistafólk því þar er um oft þjóðþekktar persónur að ræða og svokallað frægt fólk fer vel í munni smjattpattanna. Í sviðslistum einum af öllum þeim starfsstéttum sem um málið hafa tjáð sig hafa einstaklingar verið nafngreindir og hlotið dóm samfélagsins án þess að fá réttláta málsmeðferð. Ég er ekki viss um að neitt okkar vilji innst inni búa í slíku samfélagi.

Metoo-umræðan mun skila árangri er ég viss um að því leyti að hún mun taka að sér að siða til óuppalda karlmenn og gera þeim grein fyrir að þeir geta ekki hagað sér eins og drullusokkar og hálfvitar. Ég er fædd 1969 og alin upp af kvenréttindakonu og karlmanni sem hefur alltaf borið ótakmarkaða virðingu fyrir konum. Karlmenn sem beita konur ofbeldi eru ekki karlmenn heldur vesalingar. Uppeldi mitt mótaði mig og ég hef aldrei gefið karlmönnum sem hafa sýnt mér óvirðingu nema augnabliksathygli og fyrst og fremst fyrir forvitni sakir. Hver ól þetta eiginlega upp? hefur maður spurt sig?“

**SAMSTARFSVERKEFNI Í BORGARLEIKHÚSINU**

Borgarleikhúsið hýsir á hverju ári a.m.k. tvö verkefni sjálfstæðra leikhópa. Verkefnin eru valin í samvinnu við borgaryfirvöld og stjórn Sjálfstæðu leikhúsanna (SL).

Samkvæmt samkomulagi Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar skal Leikfélag Reykjavíkur „tryggja hið minnsta tveimur öðrum leikflokkum afnot af húsnæði í Borgarleikhúsinu til æfinga og sýninga eins verkefnis á hverju ári. Leikflokkarnir skulu hafa endurgjaldslaus afnot af húsnæði en greiða útlagðan kostnað L.R. vegna vinnu þeirra í Borgarleikhúsinu.“

Samkvæmt ofangreindu er hér með auglýst eftir umsóknum leikhópa vegna leikársins 2018/2019.

Með umsókn skal senda greinargerð um verkefnið þar sem því er skilmerkilega lýst, greint frá aðstandendum þess, framkvæmdaaðilum, listrænum stjórnendum og þátttakendum öllum. Jafnframt ætti vönduð fjárhagsáætlun að fylgja með.

Umsóknir berist leikhússtjóra Borgarleikhússins, Listabraut 3, 103 Reykjavík eigi síðar en kl. 16.00 fimmtudaginn 1. febrúar 2018.

Einnig er hægt að senda umsóknir með tölvupósti, merktum „Samstarf“ á **borgarleikhus@borgarleikhus.is**

BORGARLEIKHÚSIÐ




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–15 | **www.forlagid.is**



Budapest Festival Orchestra er tíður gestur í helstu tónleikasölum heims en er líka vikulega með ókeypis tónleika á hjúkrunarheimilum, í kirkjum og fleiri stofnunum og reglulega „kakótónleika“ fyrir yngstu áh

# Hljómsveit eins og hljómsveitir eiga að

**Ein af tíu bestu sinfóníuhljómsveitum heims, Budapest Festival Orchestra, spilar í Eldborgarsal Hörpu næsta m undir stjórn Iván Fischer. Einleikari er píanóleikarinn Dénes Várjon. Víkingur Heiðar og Melkorka Ólafsdóttir**


## Háskólanemi í húsnæðisleit

**Ert þú háskólanemi sem vantar íbúð og vilt vinna við að auka vellíðan og lífsánægju aldraðra?**

**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar** vill bjóða þér að taka þátt í tilraunaverkefni sem snýst um að leigja íbúð í þjónustukjarna fyrir aldraða, sem staðsettur er miðsvæðis í Reykjavík.

Íbúðinni fylgir starf sem gengur út á að stuðla að vellíðan og lífsánægju íbúa. Þú getur t.d:

- Kennt íbúum að nota samfélagsmiðla.
- Haldið námskeið út frá þínu áhugasviði, svo sem á sviði fræða, menningar, hreyfingar og listsköpunar.
- Veitt íbúum einstaklingsmiðaðan félagslegan stuðning.

Tilraunaverkefnið er að erlendri fyrirmynd og hefur reynst vel t.d. í Hollandi. Leiga verður á svipuðum kjörum og hjá Félagsstofnun stúdenta. Miðað er við að verkefnið standi yfir frá **1. febrúar 2018 til 1. júlí 2019**.

Umsóknir skal senda á Þórhildi Egilsdóttur með tölvupósti **thorhildur.egilsdottir@reykjavik.is**, en hún veitir einnig nánari upplýsingar um verkefnið með tölvupósti eða í **síma 411 9042**. Í umsókninni skal koma fram; nafn, kennitala, heimilisfang, háskóli, nám, áætluð námslok, starfsreynsla, áhugasvið, ástæða umsóknar og hugmyndir um hvers konar félagslegri virkni þú gætir staðið fyrir í þjónustuíbúðakjarnanum.

**Umsóknarfrestur er til 27.01.2018**

Upplýsingar um þjónustuíbúðir er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar, **www.reykjavik.is**

**VELFERÐARSVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR**


Ég hef aldrei spilað með þessari hljómsveit sjálfur. Bara fylgst með henni og farið á tónleika þegar ég hef haft tækifæri til, meðal annars í New York þegar ég var í námi þar,“ segir Víkingur Heiðar píanisti þegar hann er beðinn um álit sitt á Budapest Festival Orchestra. „Ungverjar eru mjög skemmtileg þjóð, mér finnst einhver svona nett geggjun í þeim, kannski segja einhverjar gamlar sígaunarætur til sín. Einn vinur minn og samstarfsmaður, Istvan Vardai sellóleikari, einn sá besti í heimi, er ungverskur og eftir að ég fór að vinna með honum skil ég af hverju þessi sveit er svona góð og hressandi, Ungverjar elska að koma á óvart, það er einhver leikur í þeim sem er erfitt að lýsa.“

Víkingur Heiðar telur hina ungversku sinfóníuhljómsveit eins og sveitir eigi að vera. Hvað á hann við með því? „Hún er rosalega mikil heild en á sama tíma eru margir einstaklingar þar sem geta tekið persónulega afstöðu til verkanna. Með öðrum orðum – það er mjög gaman að heyra einleiksstrófurnar innan úr sveitinni. Svo er stjórnandinn, Iván Fischer, sá sem stofnaði sveitina 1983 og er búinn að vera aðalstjórnandi hennar allan tímann. Hann hefur ákveðinn snillingsbjarma yfir sér, getur spilað á vel flest hljóðfæri sveitarinnar og þau eru ansi mörg. Hann getur líka stjórnað hverju sem honum sýnist út frá minni, man allt – hann er næstum því ógnvekjandi snjall – en líka ógeðslega skemmtilegur og mikill töffari. Svo er hann tónskáld og næstum andar músík.“

Ekki kveðst Víkingur Heiðar hafa haft hönd í bagga með að fá hljómsveitina hingað. „Það kom mér mjög ánægjulega á óvart að hún væri að koma,“ segir hann og kveðst líka hrifinn af verkunum sem hún ætli að flytja, nefnir sem dæmi Sinfóníu númer 2 eftir Rachmaninov sem hann segir stórkostlega tónsmíð og höfundinn vanmetið tónskáld og Píanókonsert númer 3 í c-moll eftir Beethoven. „Með þessum konsert opnaði Beethoven nýja heima inn í konsertformið, hlutverk einleikarans er viðameira en áður, risastór, geggjuð kadensa, svo er annar þátturinn hálfgert himnaríki þegar hann hefst, einhvers konar eintal píanistans við almættið, ef við getum orðað það svo,“ segir Víkingur Heiðar sem telur komu



„Skil af hverju þess sveit er svona góð og hres er einhver leikur í þeim sem erfitt er að lýsa,“



**„Það verður fróðlegt að heyra í hljómsveit af þessari stærðargráðu í Eldborg,“ segir Melkorka.** MYND/RUT SIGURÐARDÓTTIR

þessarar sveitar geta verið viðburð ársins í Eldborg. „Svona gerist ekki á hverjum degi, ekki einu sinni á hverju ári.“

**Töff bassadeild**

„Við höfum reynt að bjóða eina stóra og fræga sinfóníuhljómsveit velkomna í Hörpu árlega frá því húsið var opnað,“ segir Melkorka Ólafsdóttir, dagskrárstjóri tónlistar í



eyrendurna.

# vera

## iðvikudag, 17. janúar, vita allt um sveitina.



sandi, Ungverjar elska að koma á óvart. Það segir Víkingur Heiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hörpu. „Búdapest Festival Orchestra er með þeim allra bestu og röðin komin að henni. Svo búum við svo vel að hafa hús sem er á milli Evrópu og Ameríku, sveitin er á leið frá New York til Aþenu og við vorum heppin að næla í hana á leiðinni.“

En þarf ekki að skipuleggja svona heimsókn með löngum fyrirvara?

„Jú, þessar stærstu hljómsveitir skipuleggja sig minnst tvö ár fram í tímann, þannig að það þarf að hafa góðan fyrirvara og undirbúningur er mikill. Sveitin kemur með öll hljóðfærin með sér í tveimur flugvélum, til dæmis átta fimm strengja kontrabassa sem eru ekki til á Íslandi. Þetta er heljar batterí en það verður fróðlegt að heyra í hljómsveit af þessari stærðargráðu í Eldborg.“

Melkorka segir tæplega 90 manns í sveitinni. „Það er ekki algengt að bassadeildin sé svona þykk, það verður svolítið töff, örugglega,“ segir hún spennt. „Ivan Fischer er algerlega einstakur músíkant, maður sem gerir í því að breyta út af hefðum, taka áheyrendur með sér og gera alls konar óvenjulega hluti. Það er líka magnað að hljómsveitin er ekki nema rúmlega þrjátíu ára en samt meðal tíu bestu hljómsveita heims, ásamt sveitum sem eru búnar að vera til í 200 ár. Hún skaust upp á stjörnuhimininn um leið og hún varð til. Kristinn Sigmunds, sem hefur sungið mikið með henni, alveg geislar þegar hann talar um hana.“ gun@frettabladid.is

# Fá hjörtun til að slá örar í Norðurljósum Hörpu

Stirni Ensemble lofar fjörugum tónleikum í Norðurljósum í Hörpu á morgun, 14. janúar. Þeir hefjast klukkan 17 og yfirskriftin er Ballöður fyrir brjálæðinga.

Efnisskráin er suðræn og seiðandi og til þess fallin að fá hjörtun til að slá örar og fá D-vítmín fyrir sálina, að sögn Hafdísar Vigfúsdóttur, flautuleikara hljómsveitarinnar. „Meðal annars verða fluttar splunkunýjar útsetningar á sönglögum Turina og Piazzolla,“ upplýsir hún.

Aðrir í Stirni Ensemble eru Björk Níelsdóttir sópran, Grímur Helgason klarínettuleikari og Svanur Vilbergsson gítaristi.

Hópurinn gerir út á óvenjulega samsetningu, fjölbreytni og flæði á tónleikum og pantar gjarnan ný tónverk eða útsetur, auk þess að leika standard verk.

Flytjendur stunduðu allir nám í Hollandi á svipuðum tíma og starfa nú bæði heima og heiman í ýmsum verkefnum.

Tónleikarnir falla undir hatt Sígildra sunnudaga í Hörpu. – gun



**Stirni Ensemble stendur fyrir reglulegu tónleikahaldi um þessar mundir.** MYND/ANNA KAREN SKÚLADÓTTIR









# Hvað? Hvenær? Hvar?

Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 13. JANÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Stórtónleikar Kvennakórs Reykjavíkur
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Harpa
Kvennakórinn hefur 25. afmælisárið sitt með pompi og prakt með stórtónleikum ásamt hljómsveit í Hörpu í dag. Sérstakur gestur verður Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona. Flutt verður sígild Vínartónlist, t.d Trinklied úr La Traviata, Radetzky March, Nunnukórinn úr Casanova og On the Blue Danube í bland við nýrri tónlist eins og The Pink Panther, My Way, Bohemian Rhapsody og hið ljúfsára Mutter með Rammstein.



**Stirni Ensemble hefur árið á fjórugum tónleikum í Norðurljósum undir yfirskriftinni Ballöður fyrir brjálæðinga.**

**Hvað?** Tumi Árnason & Magnús Trygvason Eliassen
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Tumi Árnason & Magnús Trygvason Eliassen hittast í Mengi næstkomandi laugardag og sjá hvað gerist. Að þeirra sögn verða á dagskrá ýmiss konar missmíðaðar tónsmíðar, jafnvel ósmíðaðar. Tumi er saxófónleikari sem krukkar í ýmislegt fyrir marga og sjálfan sig inn á milli og er allajafnan mjög velviljaður og reynir eftir bestu getu að koma fram af heilindum. Magnús er trommari sem gjarnan má sjá nálægt trommusettum og slagverki ýmiss konar. Líkja má slagi hans við að láta nudda í sér ístaðið undurblítt með þúsund fiðruðum kjuðum.



**Auðn spilar í Iðnó í kvöld.**

**Hvað?** Auðn + Hamferð
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Hljómsveitin Auðn hefur látið mikið á sér kræla með kröftugri sviðsframkomu sinni hérlendis sem erlendis á undanförnum misserum.

### Viðburðir

**Hvað?** Ljóðalestur og söngur
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Norræna húsið
Dansk-íslenska félagið stendur fyrir upplestri Sigríðar Helgu Sverrisdóttur á óbirtum þýðingum á ljóðum danska skáldsins Piu Tafdrup. Gísli Magnússon les ljóðin á dönsku en Sigríður Helga á íslensku. Ný ljóðabók Sigríðar Helgu, Haustið í greinum trjánna verður kynnt um leið. Síðan syngur söngkonan Hörn Hrafnsdóttir dönsk sönglög við undirleik Hólmfríðar Sigurðardóttur. Einnig hefur Þórður Helgason, dósent og skáld, og 10 nemendur hans á námskeiði er nefnist „Skapandi skrif“ þýtt ljóð úr dönsku eftir Poul Larsen, (teikningar eftir Vif Dissing, gefið út hjá Følfold 1995) sem þau munu lesa.









# Lopapeysan í öndvegi í leiðsögn í Hönnunarsafni Íslands

Sýningin Íslenska lopapeysan – uppruni, saga og hönnun var opnuð í desember í Hönnunarsafni Íslands. Í dag klukkan fjögur verður leiðsögn um sýninguna en Ásdís Jóelsdóttir mun þá leiða gesti í allan sannleika um sögu lopapeysunnar. Ásdís er lektor við Háskóla Íslands og er höfundur bókarinnar sem sýningin er byggð á.

Lopapeysan var fyrst um sinn vinnufatnaður til brúks við erfið útistörf enda, eins og hvert mannsbarn á Íslandi ætti að þekkja, er hún afar hlý og skjólgóð. Lopapeysan lifir enn góðu lífi í nútímanum en sinnir öðru hlutverki, bæði sem minja- og tískuvara. Það má því segja að peysan endurspegli sögu þjóðar vorrar, frá erfiðum bústörfum til ferðamannabólunnar.

**PEYSAN VAR EKKI UPPFINNING NEINNAR EINNAR PRJÓNAKONU HELDUR ERU BAK VIÐ HANA ÝMSIR ÁHRIFAVALDAR**

Peysan var ekki uppfinning neinnar einnar prjónakonu heldur eru bak við hana ýmsir áhrifavaldar og hún þurfti að vera fljótprjónuð. Það eru að sjálfsögðu alíslenskar prjónakonur sem eiga allan heiðurinn af hönnun peysunnar og þróun hennar í gegnum árin. Þjálfun og reynsla, formskynjun í munsturgerð, næmi fyrir litum og litasamsetningum ásamt ánægjunni af því að prjóna hefur verið undirstaða í hönnun lopapeysunnar.

Hönnuður sýningarinnar er Auður Ösp Guðmundsdóttir.

Sýningin er farandsýning og er samstarfsverkefni Hönnunarsafns Íslands, Heimilisiðnaðarsafnsins og Gljúfrasteins. – **sþh**



Allt sem þú vildir vita um lopapeysuna, og mögulega eitthvað sem þú vildir ekki vita, er til sýnis í Hönnunarsafninu.

## Sýningar

**Hvað?** Opnun – Bending
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** BERG Contemporary, Klapparstíg
Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir opna sýningu sína Bending í BERG Contemporary

**Hvað?** Maggazine - Fyrsta einkasýning Margrétar Weisshappel
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Vínyl, Hverfisgötu
Margrét er grafískur hönnuður að mennt, en hún útskrifaðist með BA-gráðu úr Listaháskóla Íslands árið 2015. Auk þess að vinna sjálfstætt að hinum ýmsu verkefnum vinnur hún sem grafískur hönnuður hjá íslenska hönnunarfyrirtækinu Tulipop.

# Sunnudagur

## Tónlist

**Hvað?** Iron & Wine
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Sam Beam hefur samið og flutt lög undir nafninu Iron & Wine í meira en áratug. Hann hefur náð að fanga bæði tilfinningar og ímyndunarafl hlustenda sinna með einstaklega hugljúfri tónlist.

**Hvað?** Ballöður fyrir brjálæðinga
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Harpa
Stirni Ensemble hefur árið á fjörugum tónleikum í Norðurljósum undir yfirskriftinni Ballöður fyrir brjálæðinga. Tónleikarnir eru undir hatti Sígildra sunnudaga í Hörpu. Efnisskráin er suðræn og seiðandi og til þess fallin að fá hjörtun til að slá örar og fá d-vítamín fyrir sálina! Meðal annars verða fluttar splunkunýjar útsetningar á sönglögum Turina og Piazzolla.

## Viðburðir

**Hvað?** Bókakaffi - Kristín Helga Gunnars
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Vertu ósýnilegur – Flóttasaga Ishmaels nefnist nýútkomin skáldsaga Kristínar Helgu Gunnars, sem byggð er á viðtölum, fréttum og heimildum um borgarastyrjöldina í Sýrlandi. Kristín Helga segir frá bók sinni í bókakaffi í Hannesarholti.

## Sýningar

**Hvað?** Sýningarspjall Jacks Latham á lokadegi sýningarinnar Mál 214
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Í dag fer fram sýningarspjall með Jack Latham höfundi sýningarinnar Mál 214 í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Aðgangur að spjallinu er ókeypis. Gestir er hvattir til að koma og hlýða á Jack og virða jafnframt fyrir sér sýningu hans en henni lýkur um helgina. Spjallið fer fram á ensku.








# DAGSKRÁ

## Laugardagur

### STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Mamma Mu
**07.35** Waybuloo
**07.55** Með afa
**08.05** Kalli á þakinu
**08.30** Gulla og grænjaxlarnir
**08.40** Nilli Hólmgeirsson
**08.55** Billi Blikk
**09.10** Dóra og vinir
**09.35** Dagur Diðrik
**10.00** Mæja býfluga
**10.15** Lína langsokkur
**10.40** Friends
**11.05** Loonatics Unleashed
**11.30** Ævintýri Tinna
**12.20** Víglínan
**13.05** Bold and the Beautiful
**14.25** Bold and the Beautiful
**14.50** Friends
**15.15** Modern Family
**15.40** Fright Club
**16.25** Kórar Íslands
**17.30** Hversdagsreglur
**18.00** Sjáðu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.05** Lottó
**19.10** Top 20 Funniest
**19.55 Emma's Chance** Fjölskyldumynd frá 2016. Þegar Emma er að afplána samfélagsþjónustu á hestabúgarði tengist hún misnotuðum sýningarhesti sterkum böndum, en hesturinn vill ekki leyfa neinum að sitja sig. Emma, sem hefur lært ýmislegt og öðlast sjálfstraust, ákveður að gera hvað hún getur til að bjarga búgarðinum sem henni er farið að þykja vænt um.
**21.25** 2 Guns
**23.15 Ouija: Origin of Evil** Spennutryllir sem er framhald af myndinni Ouija. Árið er 1965 í Los Angeles. Ekkja og tvær dætur hennar bæta nýju trixi við á miðilsfundi sem þær halda og óafvitandi bjóða þær illum anda í heimsókn. Andinn tekur sér bólfestu í yngri dótturinni með óendanlega hryllilegum afleiðingum fyrir fjölskylduna, en nú þurfa þær að gera hvað þær geta til að senda andann aftur til helvítis.
**00.55** The Sea of Trees
**02.45** Dressmaker
**04.40** Deadpool

### STÖÐ 2 SPORT

**08.05** Milwaukee Bucks - Golden State Warriors
**10.00** Sheffield United - Sheffield Wednesday
**11.40** Ensku bikarmörkin
**12.10** Leverkusen - Bayern München
**14.20** Premier League Preview
**14.50** Chelsea - Leicester
**17.00** Laugardagsmörkin
**17.20** Tottenham - Everton
**19.30** Newcastle - Swansea
**21.15** NFL Gameday
**21.35** Philadelphia Eagles - Atlanta Falcons
**01.15** New England Patriots - Tennesee Titans

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.50** Arsenal - Chelsea
**09.30** Swansea - Tottenham
**11.15** FA Cup
**13.00** Manch. City - Bristol City
**15.10** Real Madrid - Villarreal
**17.15** Crystal Palace - Burnley
**18.55** Huddersfield - West Ham
**20.35** Watford - Southampton
**22.15** WBA - Brighton
**23.55** Newcastle - Swansea
**03.15** Middlesbrough - Fullham

### STÖÐ 3

**15.55** Friends
**16.20** Friends
**16.45** Friends
**17.10** Friends
**17.35** Friends
**18.00** Pretty Little Liars
**18.45** Fresh Off the Boat
**19.10** New Girl
**19.35** Modern Family
**20.00** The X Factor 2017
**21.05** UnReal
**21.45** Smallville
**22.30** NCIS: New Orleans
**23.15** Big Little Lies
**01.00** The Mentalist
**01.45** Enlightened
**02.15** Banshee
**03.05** Modern Family
**03.30** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.55** Mamma Mu
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og Litli
**09.13** Víkingurinn Viggó
**09.27** K3
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Tindur
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Mamma Mu
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** Víkingurinn Viggó
**13.27** K3
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Tindur
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Mamma Mu
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** Víkingurinn Viggó
**17.27** K3
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Tindur
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Curious George 2: Follow That Monkey

**Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24**



### GOLFSTÖÐIN

**07.20** Sony Open in Hawaii
**10.50** Tournament of Champions
**14.50** PGA Highlights 2018
**15.45** Sony Open in Hawaii
**19.15** Inside the PGA Tour 2018
**19.40** 2017 Playoffs Official Film
**20.30** Sony Open in Hawaii
**00.00** Sony Open in Hawaii

### STÖÐ 2 BÍÓ

**07.30** All The Way
**09.40** Paper Towns
**11.30** Step Brothers
**13.05** Elsa & Fred
**14.40** All The Way
**16.50 Paper Towns** Dramatísk bíómynd frá árinu 2015 sem fjallar um Quentin og Margo, nágranna hans, sem elskar glæpasögur svo mikið að hún verður hluti einnar slíkrar. Margo hverfur sporlaust eftir hafa farið með Quentin í næturlangt ævintýri í heimabæ þeirra. Hún skilur eftir sig torræðar vísbendingar fyrir Quentin til að leysa, og leitin leiðir hann af stað í hörkuspennandi ævintýraför.
**18.40** Step Brothers
**20.20** Elsa & Fred
**22.00 Why Stop Now** Stórskemmtileg dramatísk mynd með Jesse Eisenbert, Melissu Leo og Tracy Morgan. Myndin fjallar um undrabarnið og píanóleikarann Eli Smith, og samband hans við móður sína, Penny, sem er eiturlyfjasjúklingur sem neitar að viðurkenna að hún eigi við vandamál að stríða. Hún hefur þó með semingi samþykkt að fara í 28 daga meðferð. Eli er sjálfur drykkfelldur og móðir hans segir það genetískt vandamál.
**23.30** The Falling
**02.20** Why Stop Now

### RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**09.40** Djúpið
**10.01** Alvin og íkornarnir
**10.12** Klaufabárðarnir
**10.20** Krakkafréttir vikunnar
**10.40** Útsvar
**11.55** Hæpið
**12.30** Heimsleikarnir í CrossFit
**13.15** KR - Tindastóll
**15.45** Íþróttaafrek
**16.00** Njarðvík - Keflavík
**18.45** Táknmálsfréttir
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veðurfréttir
**19.45** Tracey Ullman tekur stöðuna
**20.15** Upside Down
**22.05** Bíóást - The Godfather: Part II
**01.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Everybody Loves Raymond
**08.45** Everybody Loves Raymond
**09.10** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.55** American Housewife
**10.15** Parks & Recreation
**10.40** The Great Indoors
**11.05** Benched
**11.30** Pitch
**12.15** Top Gear
**13.05** America's Funniest Home Videos
**13.30** The Bachelor
**15.00** Superior Donuts
**15.25** Scorpion
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Friends With Better Lives
**17.55** Rules of Engagement
**18.20** Family Guy
**18.45** Glee
**19.30** Air Bud: Golden Reciever
**21.05** Indiana Jones and the Temple of Doom
**23.05** The Hurt Locker
**03.19** Heroes Reborn
**04.09** Imposters
**05.00** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS 1918-2018

**Íslenskir læknar bjóða til aldarafmælishátíðar**

Læknafélag Íslands var stofnað þann 14. janúar 1918. Á þeirri öld sem síðan er liðin hafa orðið miklar framfarir í læknavísindum og heilbrigðisþjónustu. Um leið og íslenskir læknar þakka það traust sem þeim hefur ávallt verið sýnt beina þeir sjónum fram á veginn til nýrra áskorana í þjónustu sinni við land og þjóð.

**Í upphafi Læknadaga 2018 er efnt til hátíðarfundar í Eldborgarsal Hörpu um lækna, heilsufar og umhverfi.**

**Fundurinn er öllum opinn án endurgjalds og dagskráin er fjölbreytt blanda af skemmtun og fróðleik.**

## Afmælishátíð
**Eldborg 15. janúar 2018**
**kl. 14:00 - 18:00**

- Ávarp, Reynir Arngrímsson formaður Læknafélags Íslands.
- Ávarp, forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson.
- Erindi, Dr. Anthony Costello: Áhrif loftslagsbreytinga á umhverfi og heilsufar.
- Erindi, Dr. Karine Nordstrand: Læknar án landamæra.
- Stjórn LÍ heiðrar nokkra félagsmenn

15.30 - 16.00 Afmæliskaffi

- Læknakórinn, blandaður kór lækna, syngur undir stjórn Árna Harðarsonar.
- Hugleiðing, Andri Snær Magnason rithöfundur: Tíminn og vatnið, framtíðin og ísinn.
- Fjölbreytt tónlistaratriði undir stjórn Guðmundar Óskars Guðmundssonar. Fram koma Sigríður Thorlacius, Sigurður Guðmundsson og Valdimar Guðmundsson ásamt hljómsveit.





**Dr. Anthony Costello**
er barnalæknir og einn framkvæmdastjóra hjá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni, WHO. Hann hefur m.a. verið í forsæti fyrir Lancet Commission on Health and Climate Change. Hann mun fjalla um niðurstöður skýrslunnar The Lancet Countdown tracking process on health and climate change ásamt áhrifum loftslagsbreytinga á heilbrigði og stöðu mæðra, barna og ungmenna.



**Dr. Karine Nordstrand**
er formaður norsku samtakanna Læknar án landamæra og hefur starfað með þeim víða um heim í tíu ár. Í erindi sínu kynnir hún hlutverk og verkefni þeirra sem starfa undir merkjum samtakanna. Myndarleg veggspjaldasýning um Lækna án landamæra verður sett upp í Hörpu á meðan Læknadagar standa yfir.



**Andri Snær Magnason**
rithöfundur fjallar um tímann og vatnið, framtíðina og ísinn og þau margvíslegu áhrif sem maðurinn hefur haft og mun hafa á jörðina. Maðurinn hefur haft áhrif á heilu vistkerfin og nú virðist hann höggva nærri sjálfum grundvelli lífsins, efnasamsetningu lofthjúpsins og sýrustigi hafsins.



# DAGSKRÁ

# Sunnudagur





TIME TO LIVE
KL. 19:35
Einstök heimildarmynd eftir Sue Bourne sem tekur viðtöl við tólf ólíka einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að vera dauðvona eftir að hafa verið greindir með ólæknandi sjúkdóm.

Spennandi
**Sunnudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**



SHETLAND
KL. 20:35
Hörkuspennandi sería af þessum vinsælu bresku þáttum um lögreglumanninn Jimmy Perez sem starfar í afskekktum bæ á Hjaltlandseyjum og fær inn á borð til sín afar snúin sakamál.

SPRINGFLODEN
KL. 21:40
Hörkuspennandi lokaþáttur um Oliviu Rönning sem hefur rannsakað 25 ára gamalt óleyst sakamál sem faðir hennar rannsakaði á sínum tíma.




SHAMELESS
KL. 22:25
Bráðskemmtilegir þættir um afar skrautlega fjölskyldu þar sem allt er á öðrum endanum á heimilinu.



JASON BOURNE
KL. 22:00
Spennumynd með Tommy Lee Jones og Matt Damon um Jason Bourne sem snýr aftur eftir að hann hefur aflað sér upplýsinga um óljósa fortíð sína.



BANSHEE
KL. 21:15
Önnur þáttaröðin um hörkutólið Lucas Hood sem er lögreglustjóri í smábænum Banshee þar sem ekki er allt sem sýnist.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Kormákur
**08.05** Heiða
**08.30** Zigby
**08.40** Pingu
**08.45** Töfrahetjurnar
**09.05** Grettir
**09.20** Ljóti andarunginn og ég
**09.45** Tommi og Jenni
**10.05** Lukku láki
**10.30** Ninja-skjaldbökurnar
**10.55** Friends
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** Great News
**14.10** So You Think You Can Dance
**15.35** Landhelgisgæslan
**15.55** Age of Loneliness Vönduð heimildarmynd um hversu einangruð við erum að verða í nútímaheimi og vaxandi samfélagsvandamál sem fylgja í kjölfarið.
**16.55** Grand Designs
**17.45** 60 Minutes
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.10** The Simpsons
**19.35** Time To Live
**20.35** Shetland
**21.35** Springfloden Sænskir spennuþættir af bestu gerð sem fjalla um lögreglunemann Oliviu Rönning sem fær til rannsóknar 25 ára gamalt mál og kemst að því að faðir hennar heitinn var einn rannsakenda málsins. Hún verður heltekin af málinu og einsetur sér að leysa það með öllum mögulegum ráðum en fórnarlambið var ófrísk kona sem hlaut ömurlegan dauðdaga, Olivia telur að morðinginn leiki enn lausum hala og muni láta til skarar skríða á ný.
**22.20** Shameless
**23.15** Peaky Blinders
**01.00** Stretch
**02.35** Apple Tree Yard
**03.30** Apple Tree Yard
**04.25** Crimes That Shook Britain
**05.15** 60 Minutes

## STÖÐ 2 SPORT

**06.40** Augsburg - Hamburger
**08.20** Middlesbrough - Fullham
**10.00** Crystal Palace - Burnley
**11.40** Chelsea - Leicester
**13.20** Bournemouth - Arsenal
**15.50** Liverpool - Manchester City
**18.00** Messan
**19.40** Real Sociedad - Barcelona
**21.45** Haukar - Fram
**23.15** Bournemouth - Arsenal
**02.35** Messan

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.45** Philadelphia Eagles - Atlanta Falcons
**09.05** New England Patriots - Tennesee Titans
**11.25** Real Madrid - Villarreal
**13.05** Huddersfield - West Ham
**14.45** Newcastle - Swansea
**16.25** Tottenham - Everton
**18.05** Pittsburgh Steelers - Jacksonville Jaguars
**21.15** NFL Gameday
**21.40** Minnesota Vikings - New Orleans Saints

## STÖÐ 3

**15.05** Seinfeld
**15.30** Seinfeld
**15.55** Seinfeld
**16.20** Seinfeld
**16.45** Seinfeld
**17.10** Mayday: Disasters
**18.00** Fresh Off the Boat
**18.25** Pretty Little Liars
**19.10** New Girl
**19.35** Modern Family
**20.00** The Mentalist
**20.45** Enlightened
**21.15** Banshee
**22.15** The Night Of
**23.50** Big Little Lies
**01.40** Empire
**02.25** Fresh Off the Boat
**02.50** New Girl
**03.15** Modern Family
**03.40** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Stóri og Litli
**07.13** Víkingurinn Viggó
**07.27** K3 (38 / 52)
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Tindur
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Mamma Mu
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Víkingurinn Viggó
**11.27** K3 (38 / 52)
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Tindur
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Mamma Mu
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.13** Víkingurinn Viggó
**15.27** K3 (38 / 52)
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Tindur
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Mamma Mu
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Loksins Heim



Dóra könnuður kl. 08.00, 12.00 og 16.00

## GOLFSTÖÐIN

**09.05** Sony Open in Hawaii
**12.40** PGA Highlights 2018
**13.35** Inside the PGA Tour 2018
**14.00** Sony Open in Hawaii
**17.30** PGA Special: In the Spotlight
**18.15** 2017 Champions Tour Year
**19.05** Sony Open in Hawaii
**22.35** Inside the PGA Tour 2018
**23.00** Sony Open in Hawaii

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00** Brooklyn
**12.50** War Room
**14.50** Nancy Drew
**16.30** Brooklyn
**18.20** War Room
**20.20** Nancy Drew
**22.00** Jason Bourne
**00.05** Pasolini Dramatísk mynd byggð á sönnum atburðum með Willem Dafoe í hlutverki Pier Paolo Pasolini sem var einhver umdeildasti Ítali allra tíma, en hann var myrtur 2. nóvember árið 1975. Hér er ljósi varpað á síðustu klukkustundirnar í lífi hans.
**01.30** Dirty Weeekend Gamanmynd frá 2015 með Matthew Broderick og Alice Eve í aðalhlutverkum. Dirty Weekend segir sögu af viðskiptamanninum Les Moore sem neyðist til að bíða í sólarhring eftir flugi í borginni Albuquerque í Nýju-Mexíkó. Hann ákveður að nota tímann til að fara niður í bæ og komast að því hvað gerðist síðast þegar hann var í borginni.
**03.05** Jason Bourne

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**09.59** Undraveröld Gúnda
**10.10** Krakkafréttir vikunnar
**10.25** Menningin - samantekt
**11.00** Silfrið
**12.10** Keflavík - KR
**14.15** ÍR - Breiðablik
**16.30** Af fingrum fram
**17.20** Innlit til arkitekta
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Neytendavaktin
**19.00** Fréttir
**19.15** Veðurfréttir
**19.20** Ísland - Króatía
**21.35** Varnarliðið
**22.35** Silfurhæðir - Skógurinn gleymir aldrei
**23.35** David Bowie: Síðustu fimm árin
**01.05** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Everybody Loves Raymond
**08.45** Everybody Loves Raymond
**09.10** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.55** Superstore
**10.15** The Good Place
**10.40** Making History
**11.05** Telenovela
**11.30** Million Dollar Listing
**12.15** America's Next Top Model
**13.05** 90210
**13.50** Family Guy
**14.15** Glee
**15.00** Extra Gear
**15.25** Top Chef
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** The Grinder
**17.50** Grandfathered
**18.15** Heartbeat
**19.00** Top Gear
**19.45** Superior Donuts
**20.10** Scorpion
**21.00** Stella Blómkvist
**21.50** Law & Order: Special Victims Unit
**22.35** Agents of S.H.I.E.L.D.
**23.20** The Walking Dead
**01.40** The Bastard Executioner
**02.25** The Handmaid's Tale
**03.10** The Disappearance
**04.00** Blue Bloods
**04.45** Chance
**05.35** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# VIÐ VILJUM EFLA GÓÐA LIÐSHEILD ENN FREKAR



**Vegna aukinna verkefna leitum við að starfsfólki á höfuðborgarsvæðinu sem býr yfir skipulagshæfni, frumkvæði og þjónustulund til að styrkja enn frekar þann frábæra hóp sem fyrir er.**

## UPPSETNINGAR OG MÆLINGAR

**Mælingar, uppsetningar og frágangur á glerlausnum félagsins, eins og sturtuklefum, glerveggjum og stigahandriðum.**

Hæfniskröfur
- Reynsla af byggingarvinnu eða öðrum iðngreinum
- Iðnmenntun er kostur
- Þekking og reynsla af almennri smíða- og uppsetningarvinnu
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Snyrtimennska og hæfni í mannlegum samskiptum

## MEISTARI Í AUTOCAD

**Starfið felur í sér að málsetja, hanna, reikna og teikna upp hinar ýmsu útgáfur af glerlausnum úr lausnaframboði Samverks, eins og stiga- og svalahandrið, glerveggi, glerskilrúm og allt annað sem sérvinnsla félagsins tekur að sér.**

Hæfniskröfur
- Iðnmenntun og/eða háskólamenntun er kostur
- Þekking og reynsla af byggingaframkvæmdum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Snyrtimennska og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af notkun Autocad eða sambærilegra forrita

## LAGHENTUR LAGERSTARFSMAÐUR

**Starfið felur í sér að taka á móti og afhenda vörur til viðskiptavina og samstarfsmanna, halda úti og bera ábyrgð á lagervörum og innkaupum ásamt léttri smíðavinnu eins og að sníða lista og líma festingar á spegla.**

Hæfniskröfur
- Menntun og/eða þekking sem nýtist í starfið
- Þekking og reynsla af lagerhaldi og innkaupum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Snyrtimennska og hæfni í mannlegum samskiptum

## SÖLU- OG ÞJÓNUSTURÁÐGJAFI

**Söluráðgjöf og samskipti við viðskiptavini félagsins. Sölu- og þjónusturáðgjafi ber ábyrgð á þeim verkefnum og viðskiptavinum sem hann sinnir hverju sinni. Leitað er að starfsmanni með sölureynslu og þekkingu á byggingariðnaði.**

Hæfniskröfur
- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af sölustörfum.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

## BÓKARI

**Við leitum að góðum liðsmanni sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á fjármálum og rekstri, með jákvætt hugarfar og metnað til að leggja mikið fram fyrir hönd fyrirtækisins.**
- Færsla bókhalds
- Afstemmingar
- Sjóðauppgjör
- Greiðslur
- Mánaðarlegt rekstraruppgjör og samanburður
- Viðskiptamenn og innheimta
- Tollskýrslur og innflutningur
- Launauppgjör

Hæfniskröfur
- Viðskiptamenntun og/eða mikil reynsla af bókhaldi
- Góð tölvuþekking og reynsla af bókhaldsforritum
- Skipulögð, vönduð og nákvæm vinnubrögð
- Heiðarleiki og rík þjónustulund

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.
Umsóknir berist á netfangið **umsoknir@samverk.is**

Frekari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri félagsins,
Örn Þór Alfreðsson, **orn@samverk.is**

Umsóknarfrestur er til **30. janúar** nk.

SAMVERK GLERVERKSMIÐJA

Samverk Glerverksmiðja er öflugt þjónustufyrirtæki og eini framleiðandi á hertu gleri á Íslandi. Samverk býður ótal glerlausnir, s.s. rúðugler, glerveggi, skilrúm, glerborð, glerhurðir, glerhandrið, spegla, sturtuklefa, málað gler og fleira. Starfsemi félagsins er á tveimur stöðum á landinu, á Hellu þar sem allt gler er framleitt, og í Kópavogi þar sem skrifstofu-, sölu- og þjónustudeild félagsins er til húsa.



Ellý lítur björtum augum á framtíðina og ætlar sér ekki í ástarsamband á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Málar sig frá vandræðum

**Ellý Ármannsdóttir** er eins og kötturinn, kemur alltaf standandi niður úr öllum þeim vandræðum sem hún ratar í og á sér mörg líf.

Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir
astahrafnhildur@frettabladid.is



„Ég mála risastórar myndir, óhefðbundnar, með spaða og það sem gleður mig svo mikið er að salan hefur gengið vonum framar.“



Ellý er staðráðin í að forðast gjaldþrot og selur málverkin sín upp í skuldir.

Hvernig á að titla konu eins og Ellý Ármanns? velti blaðamaður fyrir sér á leið til fundar við hana. Ellý Ármanns, nafn sem margir þekkja; fjölmiðlakona, spákona, þula, dægurstjarna og nú myndalistarmaður. En það er einmitt síðastnefndi titillinn sem er tilefni heimsóknarinnar. Þegar blaðamaður renndi í hlað var Ellý í óðaönn að koma nýjasta sköpunarverki sínu fyrir, stóru málverki sem hafði klárast fyrr um nóttina. Við mæltum okkur mót á vinnustofu hennar, þar tók hún á móti blaðamanni og ljósmyndara með útbreiddan faðminn og hlýtt bros.

„Ég kláraði þetta í nótt,“ segir Ellý aðspurð um risa málverk sem stóð úti í janúarsólinni og beið þerris. Það vakti mikla athygli þegar Ellý auglýsti málverk sín til sölu í þeim tilgangi að safna fé til að greiða skuld og forðast yfirvofandi gjaldþrot.

„Ég byrjaði að mála fyrir alvöru í fyrra. Þegar ég skildi fyrir tveimur árum var húsið okkar skrifað á mig, ég hafði sofnað á verðinum. Það voru mestu mistök ævi minnar. Aldrei aftur mun ég treysta neinum þegar kemur að peningamálum, sama hvað ég elska viðkomandi mikið. Það var allavega þannig að í fyrra var ekkert að ganga upp hjá mér. Ég var við það að gefast upp. Fráskilin, einstæð, húsnæðislaus, atvinnulaus og sjálfstraustið hvergi sjáanlegt.“

### Málverkasalan sló í gegn

Fjármál Ellýjar fóru á hliðina eftir skilnaðinn, hún stóð frammi fyrir erfiðri ákvörðun og ákvað að reyna allt til að bjarga málunum. „Það var tvennt í stöðunni og það var að borga bankanum sem fór fram á eingreiðslu eða þá kveikja í kennitölunni minni. Ég byrjaði að mála og þá var eins og eitthvað opnaðist. Ég fékk strax jákvæð viðbrögð frá ókunnugu fólki sem keypti verkin. Ég ákvað sem betur fer að drepa óttann þarna og hrópaði óttalaus út í kosmósið að ég væri að mála myndir sem ég vildi selja því ég hafði engu að tapa. Ég mála risastórar myndir, óhefðbundnar, með spaða og það sem gleður mig svo mikið er að salan hefur gengið vonum framar.“

### Hjartað splundraðist og er ískalt

Blái liturinn er áberandi í málverkum Ellýjar og því liggur beinast við að spyrja hvað valdi litavalinu. „Af því að hjarta mitt er kalt. Ískalt. Það er brotið. Það splundraðist í síðasta sambandi. Þess vegna mála ég bláar myndir. Ég finn ekki fyrir sársaukanum þegar ég mála og vandamálin hverfa eins og dögg fyrir sólu. Ég staldra ekki við leiðindi og ætla ekki að byrja á því núna. Kannski er það sjórinn sem kallar fram bláa litinn, pabbi var útgerðarmaður og afi líka. Táknar blár ekki styrk og fullkomið traust? Það er einmitt það sem ég leitast við að upplifa. Ég þrífst á algjöru trausti þegar kemur að mannlegum samskiptum. Ef ég finn það ekki þá læt ég mig hverfa. Annars nota ég liti sem höfða til mín hverju sinni. Blár virðist hafa yfirhöndina núna eins og kulnað hjarta mitt.“

Sambandið sem Ellý vísar í varði ekki lengi en því lauk fyrir skemmstu. „Þetta samband var helvítis mistök. En ég lærði af þeim.“

*Ertu með hjartað tilbúið fyrir annan mann eða ertu enn að púsla því saman?* „Ég gaf mig alla í sambandið sem ég var í. Ég varð ástfangin upp fyrir haus og hélt svo innilega að hann væri sá rétti. Annað kom hins vegar í ljós. En ég trúi enn á ástina og ég er ekki búin að missa vonina. Ég læt mig að minnsta kosti dreyma um að eignast sálufélaga sem er góður í gegn. Ég er samt ekki tilbúin í samband. Þarf að klára svo margt fyrst.“

### Hamingjan er ekki í stóru húsi

Það er ekkert leyndarmál að staðan á húsnæðismarkaðnum er erfið, leiguíbúðir eru af skornum skammti og húsnæðisverð er hátt. Ellý er ein fjölmargra sem stóðu í þeim sporum að eiga í vandræðum með að finna húsnæði. Leitin skilaði árangri að lokum, hún býr ásamt dóttur sinni við mjög þröngan kost í miðbæ Reykjavíkur.

„Okkur mæðgum líður vel, mér líður vel og þá líður henni vel. Fermetrar skapa ekki hamingju, trúðu mér, ég tala af reynslu. Við þá sem eru í þessum sporum, að hafa ekki í öruggt hús að venda, vil ég segja: Ekki missa trúna. Íslendingar hjálpa nefnilega náunganum. Og ekki hika við að biðja um hjálp. Pakka stoltinu niður í tösku og kveikja í henni þar sem það fuðrar endanlega upp.“

### Myndlistarsýning ekki á döfinni

Málverkin hafa vakið mikla athygli og fá færri en vilja. Áhugasamir listunnendur hafa hvatt Ellý til að setja upp sýningu með verkunum, skyldi það vera á döfinni?

„Nei, ég held ekki. Verkin mín seljast jafnóðum og fyrir það er ég þakklát. Ekki sjálfgefið. Alls ekki. Sýning er ekki á dagskránni. Uppgjör við bankann er efst á to-do listanum. Svo ég geti losað þessa helvítis hlekki.“

Einn þeirra titla sem hægt er að hengja á Ellý er spákonuheitið, en hún kann þá list að leggja tarotspil fyrir fólk og rýna í hið óorðna. Ellý var mjög vinsæl spákona og fjölmargir leituðu til hennar og því er eðlilegt að spyrja hvort hún muni taka spilastokkinn aftur upp? „Ég hef ekki tíma til í að spá í spilin og ég sakna þess. Stundum spái ég fyrir nánum vinum en ekki mikið meira en það. Ég kemst ekki yfir meira þessa dagana.“

### Á endanum kemur sólin alltaf upp

Það er samt einhver værð yfir henni og það er ekki að sjá að erfiðleikar síðasta árs hafi tekið sér bólfestu í sálinni. Það er augljóst að Ellý Ármanns ætlar sér að tækla tilveruna með stæl.

„Ég er ekki þekkt fyrir uppgjöf. Þegar ég lít til baka þá er ég sátt við að hafa leyft hjartanu að ráða ferðinni þrátt fyrir svo harkaleg málalok. Ég vissi ekki hvort ég næði að lenda aftur á fótunum. En ég ætla ekki að staldra við vonleysi og sorg. Það er eins og það komi alltaf eitthvað gott og einstaklega fagurt út úr erfiðleikunum. Það er ekkert annað í stöðunni en að halda áfram.“

*Framtíðin, er hún bjartari?* „Já, ég vil trúa því. Æðri máttur er með mér. Ég tók mér hlé frá MBA-náminu til að klára þessi peningamál en stefni á að hefja það að nýju og halda áfram að mála. Ég er mjög ánægð með lífið og sátt við orrustur fortíðar og ég þarfnast einskis.“


JANÚARÚTSALA
20 - 60% AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM
-40%
Bowery Stóll + Skemill kr. 260.600 NÚ KR. 156.360
10% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM OG SÉRPÖNTUNUM
Betina skenkur kr. 78.300
NÚ KR. 62.640
-20%
-20%
Dek ljós kr. 48.700
NÚ KR.38.960
Albert stóll kr. 29.800
NÚ KR. 20.860
-30%
Hype stóll kr. 39.900
NÚ KR. 19.950
-50%
-50%
Jersey TV skenkur kr. 119.400
NÚ KR. 59.700
-30%
Paloma stóll kr. 77.400
NÚ KR. 54.180
-20%
Lounge stóll kr. 99.800
NÚ KR. 79.840
-60%
Wire sófaborð 90 cm
kr. 69.800
NÚ KR. 27.920
-20%
Olaf Glerskápur
kr. 269.800
NÚ KR. 215.840
LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16








**Ljósmynd eftir Theresu Precht sem er hluti af útskriftarsýningunni sem var opnuð í gær.**

# Ólík nálgun og fjölbreytt myndefni

Nú stendur yfir útskriftarsýning Ljósmyndaskólans en hún opnaði í gær. Að þessu sinni eru sjö nemendur sem útskrifast og sýna fjölbreyttar myndir og vídeóverk. Sýningin stendur yfir til 4. febrúar.

Í gær opnuðu útskriftarnemar Ljósmyndaskólans útskriftarsýningu sína og þar kennir ýmissa grasa. Sýningin er opin um helgina frá 12.00 til 18.00 þannig að áhugasamir ættu að leggja leið sína í Lækningaminjasafnið á Seltjarnarnesi, þar sem sýningin er haldin.

Sjö nemendur útskrifast frá skólanum að þessu sinni, allt konur. Það eru þær Berglaug Petra Garðarsdóttir, Díana Júlíusdóttir, Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir, Pamela Perez, Sara Björk Þorsteinsdóttir, Sólveig M. Jónsdóttir og Therese Precht Vadum.

„Stemningin í bekknum var frábær,“ segir einn útskriftaneminn, Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir. „Við erum sjö konur á aldrinum 24-55 ára og náum allar mjög vel saman. Við erum ótrúlega góðar vinkonur, hvetjum hver aðra og gefum hver annarri alltaf heiðarleg og uppbyggjandi ráð varðandi verkefni.“

Verkefni útskriftarnemenda eru fjölbreytt og viðfangsefnin af ýmsum toga að sögn Gunnlaðar. „Verkefnin á sýningunni eru öll mjög ólík, bæði hvað varðar umfjöllunarefni og nálgun. Mitt verkefni fjallar til að mynda um líkamsímyndarröskun og ég nota úrklippur og saumaskap til þess að sýna þær brengluðu hugmyndir sem þau sem þjást af röskuninni hafa um sjálf sig. Á sýningunni eru einnig vídeóverk, annað fjallar um aðgreiningu hins karlmannlega og kvenlega, fordóma og hvernig skynjun okkar getur brenglast út af fyrirfram gefnum hugmyndum sem við höfum. Hitt vídeóverkið fjallar um áhrif samfélagsmiðla og er allt tekið á síma í gegnum smáforritið Snapchat, samhliða vídeóverkinu eru einnig ljósmyndir, allar teknar í gegnum Snapchat. Önnur verkefni fjalla t.d. um hlutgervingu kvenna og áhrif þess að vera fyrsta kynslóðin til þess að alast upp með internetinu og lífið í Þórkötlustaðahverfi er skrásett á skemmtilegan hátt. Einnig eru á sýningunni ljóðrænar landslagsmyndir og myndir sem gefa okkur innsýn í líf fjölskyldu sem ver sumrum sínum í Galtarvita. Því ætti að vera eitthvað fyrir alla á sýningunni, hefðbundin nálgun í bland við tilraunamennsku. Myndir í lit og svarthvítu, vídeóverk og hljóðverk, stórar myndir jafnt sem smáar, sjón er sögu ríkari.“

Þess má geta að sýningin verður uppi til 4. febrúar og er opin um helgar frá 12.00-18.00 og á fimmtudögum og föstudögum frá klukkan 15.00 til 19.00. **gudnyhronn@frettabladid.is**



**Ljósmynd eftir Gunnlöðu Jónu sem fjallar um líkamsímyndarröskun.**

**VIÐ ERUM ÓTRÚLEGA GÓÐAR VINKONUR, HVETJUM HVER AÐRA OG GEFUM HVER ANNARRI ALLTAF HEIÐARLEG OG UPPBYGGJANDI RÁÐ VARÐANDI VERKEFNI.**

# VETRARMARKAÐUR
## ELLINGSEN ER Í FULLUM GANGI

# 20-50%
## AFSLÁTTUR

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

**WWW.ELLINGSEN.IS**

## Lífið í vikunni
01.07.18-
01.13.18

### TVÖ SUMUR Í EINANGRUN



Snorri Helgason sendi frá sér plötuna Margt býr í þokunni fyrir jól. Á plötunni má finna lög sem Snorri samdi upp úr íslenskum þjóðsögum en hann fór og eyddi tveimur sumrum einangraður í Galtarvita með bunka af bókum og náði aðeins að dýfa tánum í arfinn.

### SETTI SÉR 52 NÝÁRSMARKMIÐ



Jakob Ómarsson hefur tekið hugtakið áramótaheit yfir á næsta stig og hefur síðustu þrjú ár sett sér 52 markmið fyrir árið. „Ég tók ákvarðanir þar sem hefði verið rosalega auðvelt að vera bara á sófanum heima en í staðinn fór ég út fyrir þægindarammann og gerði eitthvað sem mig hefur alltaf langað til að gera.“

### TATTÚ FRÁ 100 ÁRA LISTAKONU

Parið Árni Guðmundsson og Kristín Inga stukku á tækifærið þegar þau heyrðu um 100 ára húðflúrlistakonuna Whang-od Oggay. Þau lögðu á sig langt ferðalag til að hitta hana og fá húðflúr hjá henni í Filippseyjum. Spurður út í hvernig aðferð Whang-od noti til að húðflúra fólk segir Árni: „Nálin sem hún notar er af sítrónutré og blekið er aska af brenndu tré. Síðan notar hún spýtur til að beita nálinni.“



### CMN SÉR UM LANDSLEIK ÍSLANDS OG PERÚ

Viðburðafyrirtækið CMN mun sjá um landsleik Íslands og Perú á Red Bull vellinum í Harrison í New Jersey þann 27. mars en CMN hefur stjórnur á borð við Lionel Messi og Daddy Yankee á sínum snærum.






# Langoftast konur sem vilja ekki fleiri börn

**Framkvæmdum ófrjósemisaðgerðum á konum á Íslandi hefur fækkað með árunum. Í langflestum tilfellum eru það konur sem eiga börn sem fara í ófrjósemisaðgerðir en það kemur þó reglulega fyrir að barnlausar konur sækja um að komast í slíka aðgerð.**

Í gær var sagt frá því í Lífinu að Tinna Haraldsdóttir, 27 ára barnlaus kona, ætli í ófrjósemisaðgerð og ástæðan er einfaldlega sú að hana langar ekki að eignast börn. Frásögn Tinnu hefur vakið athygli enda er ekki oft sem barnlausar konur gangast undir ófrjósemisaðgerðir.

Ófrjósemisaðgerðum kvenna á Íslandi hefur fækkað á árunum en þó eru í kringum 100 slíkar aðgerðir gerðar á ári hverju. Langoftast eru það konur sem eiga börn og vilja ekki fleiri sem fara í ófrjósemisaðgerðir en það kemur þó reglulega fyrir að barnlausar konur fari í slíkar aðgerðir.

Kristín Jónsdóttir, yfirlæknir á kvenna- og barnasviði, hefur gert ófrjósemisaðgerðir á konum. Spurð út í hvort hún fái upplýsingar um af hverju kona vill fara í ófrjósemisaðgerð áður en hún framkvæmir aðgerðina segir Kristín: „Fólk þarf náttúrulega að fylla út umsóknareyðublað. Þetta er stöðluð umsókn frá Landlæknisembættinu og kona fær ekki aðgerðina framkvæmda öðruvísi en að hafa fyllt hana út. Þar er beðið um ástæðu. Það er ekkert mjög ýtarlegt en oftast er það bara ósk um að vilja ekki eignast fleiri börn,“ útskýrir Kristín.

**Ófrjósemisaðgerðum kvenna fækkað**

Tölur frá Landlæknisembættinu yfir fjölda ófrjósemisaðgerða á Íslandi frá árinu 1981 til ársins 2016 sýna að slíkum aðgerðum á konum hefur fækkað með árunum. Til dæmis voru 592 ófrjósemisaðgerðir gerðar á konum árið 1996, 215 árið 2006 og 117 árið 2016.

Aftur á móti fjölgar ófrjósemisaðgerðum karla með árunum. 127 aðgerðir voru gerðar árið 1996, 316 árið 2006 og 508 árið 2016 svo dæmi séu tekin.

Spurð út í hvort hún kunni einhverja skýringu á þessu segir Kristín: „Ég held bara að karlar séu farnir að taka aukna ábyrgð, svona miðað við það sem við heyrum hérna. Konurnar eru búnar að ganga með börnin og þá er það hlutverk karlanna að tryggja getnaðarvörnina í framtíðinni.“

**gudnyhronn@frettabladid.is**

**ÉG HELD BARA AÐ KARLAR SÉU FARNIR AÐ TAKA AUKNA ÁBYRGÐ, SVONA MIÐAÐ VIÐ ÞAÐ SEM VIÐ HEYRUM HÉRNA.**



**Samkvæmt tölum frá landlæknisembættinu fækkar ófrjósemisaðgerðum á konum með árunum á meðan sams konar aðgerðum á körlum fjölgar.** NORDICPHOTOS/GETTY

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Máté Dalmay *mate@365.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*







# CIVIC

# Á HONDA BETRA VERÐI

Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig, fjölskylduna og áhugamálin. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir tæknilegum yfirburðum. Skemmtilegur að keyra, öruggur, áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – þig! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. **Komdu í heimsókn og prófaðu meira af okkar besta til þessa.**

**SÉRVALDIR HONDA CIVIC Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

HONDA CIVIC - **FJÖLSKYLDUBÍLLINN 2018**
VERÐ FRÁ KR. 2.990.000

HONDA

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

# ÚTSALA

KA BÚMM!

Gerðu góð kaup

-60%



**ELDHÚSVOG**
3kg
41117287
Almennt verð: 1.195 kr.

**478-**



**RYKSUGA**
2 in 1, 400W
41721998
Almennt verð: 9.995 kr.

**4.997-** -50%



damixa™

**STURTUTÆKI**
Zero
15557450
Almennt verð: 17.795 kr.

**12.457-** -30%



Einhell®

**HÖGGBORVÉL**
TC-ID, 710W
74800700
Almennt verð: 5.495 kr.

-40%

**3.297-**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Verð gilda til útsöluloka eða meðan birgðir endast.

# Síðasta helgin!

-30% AF HARÐPARKETI -30% AF FLÍSUM -30% AF HÁÞRÝSTIDÆLUM -30% AF EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRUM -30% AF LJÓSUM -40% AF PLASTBOXUM -30% AF POTTUM OG PÖNNUM -40% AF KAFFI- OG MATARSTELLUM -40% AF GLÖSUM, BOLLUM OG KÖNNUM -30% AF HUNDA- OG KATTAMAT -30% AF MYNDARÖMMUM -40% AF SPILUM OG LEIKFÖNGUM -40% AF KLUKKUM -40% AF JÓLAVÖRU -40% AF HOUSE OF YARN GARNI - 30% AF LOFTAÞILJUM -30% AF MOTTUM OG DREGLUM -40% AF BAÐFYLGIHLUTUM -30% AF BÍLAHREINSIVÖRUM -30% AF ÖRYGGISSKÓM -30% AF ÁLTRÖPPUM OG STIGUM -30% AF CAT VINNUSOKKUM -30% AF JÁRNHILLUM -30% AF TRANEMO VINNUFÖTUM

**Valdar vörur á enn betri afslætti**




Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Sirrýjar Hallgrímsdóttur




# Faglegt ábyrgðarleysi

Þrætan um matsnefndir og dómaraembætti tekur engan enda. Heilu jólaboðin fóru á hliðina í rifrildi um hvort það hefði verið guðleg forsjón að hæfisnefnd teldi að það væru akkúrat 15 einstaklingar hæfir í 15 stöður eða auðsætt plott til að hindra að ráðherra og Alþingi hefðu svigrúm til að velja úr hópi hæfra umsækjenda.

**Við fáum aldrei að vita svarið, en dómaramálið er hluti af stærra máli.**

**Spurningin er þessi: Hversu langt á að ganga í að aðskilja ákvörðunarvald annars vegar og ábyrgð á ákvörðunum hins vegar? Hæfisnefndir og aðrar nefndir ýmiss konar eru vissulega mikilvægar. En hvernig standa allar þessar nefndir okkur borgurunum skil á gerðum sínum? Vanalega er í þessum nefndum fólk sem almenningur þekkir ekki, með undantekningum þó. Þau sækja ekki umboð sitt til okkar og bera ekki beina ábyrgð gagnvart okkur. En hvaðan kemur sú hugmynd að fólk í nefndum sé einhvern veginn af náttúrunnar hendi óháðara, faglegra, heiðarlegra og betra en annað fólk, vinni einungis að almannahagsmunum, láti persónulegar skoðanir lönd og leið, hirði aldrei um vina- eða ættartengsl eða persónulegan ávinning? Og er það kannski þannig að um leið og almenningur hefur kosið fólk til ábyrgðar verða þeir einstaklingar óhæfir til að taka ákvarðanir og við færum allt vald frá þeim til „óháðra“ nefnda sem takmarkaða ábyrgð bera?**

**Þessu tengt. Það er áhugavert að fylgjast með deilu setts dómsmálaráðherra og frambjóðanda Viðreisnar til Alþingis sem er jafnframt formaður nefndar um hæfi dómaraefna. Skyldu pólitískar skoðanir formannsins hafa eitthvað að gera með skeytasendingar hans, eða eru þetta allt eintóm faglegheit?**








